# Fundargerðir bæjarráðs 1944

Aðfnr. 7203

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

**SKJALASAFN**
**REYKJAVÍKURBÆJAR**

Fundargerðir bæjarráðs

1944

~~.077.5:025.26 - .075.11~~

Aðfnr. 7203

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALA- OG MINJASAFN
72·03
REYKJAVÍKURBÆJAR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð

F U N D A R G J Ö R Ð I R

1 9 4 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 7. janúar, kl. 2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi Eiríks Hjartarsonar, dags. 17. f.m., með beiðni um byggingu á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XV. Vísað til bæjarstjórnar.

2. Eftir beiðni Einars Kristjánssonar, Freyjugötu 37 var samþ. að gera leigusamning um lóðina Langholtsveg 45 við Björn Bjarnason, Túngötu 36A.

3. Eftir beiðni Kristjóns Ólafssonar Sjafnargötu 6 var samþ. að gera leigusamning um lóðina Efstasund 61 við Einar J. Bachmann.

4. Samþ. að senda umsókn Jóhanns F. Guðmundssonar og Friðfinns Ólafssonar um lóðina á milli Reykjanesbrautar og Miklubrautar til umsagnar Skipulagsnefndar.

5. Erindi Gunnars Theodórssonar o.fl. um lóð til að reisa á bílskúr í nágrenni Suðurpóls vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

6. Samþ. að leyfa Kvenfjel. Hringnum afnot af Hljómskálagarðinum dagana 8. og 9. júlí næstk.

7. Synjað beiðni fjársöfnunarnefndar Neskirkju um afnot af Hljómskálagarðinum í 8 daga ( 30. júlí til 6. ágúst næstk.).

8. Undirbúningsnefnd iðnskólabyggingar fer fram á, að nýju iðnskólahúsi verði ætlaður staður við Barónsstíg milli Egilsgötu og Eiríksgötu.
Þjóðminjavörður sækir um sömu lóð undir nýtt safnahús.

9. Vjelsmiðjan Hjeðinn h.f. fer fram á, að nú þegar verði hafist handa um lagningu Mýrargötu. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

10. Lagt fram brjef frá Guttormi Erlendssyni með skýrslu, dags. 18. f.m., frá 3 mönnum, er falið var að athuga rekstur strætisvagnanna.

11. Lagt fram brjef frá póst - og símamálastjóra, dags. 4. þ.m., varðandi aðkallandi endurbætur á ferðum og rekstri strætisvagnanna.

12. Samþ. að flytja Einar Sveinsson húsameistara í II. launaflokk frá áramótum.

13. Lagt fram brejf frá umboðsmönnum kaupenda íbúðanna í Melabyggingunum, með breytingartillögum við frv. að reglum um afhendingu íbúðanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram brjef frá Fjelagsmálaráðuneytinu, dags. 30. desbr., þar sem tilkynt er að ráðuneytið hafi staðfest gjaldaskrá fyrir Hitaveituna.

15. Samþ. að greiða Steindóri Gunnlaugssyni lögtaksfulltrúa við innheimtu sjúkrasamlagsiðgjalda 600 króna mánaðar - laun - grunnkaup.

16. Lagt fram brjef frá Fjelagi íslenskra iðnrekenda dags. 18. f.m., með eftirriti af brejfi fjelagsins sama dag til Rafmagnsveitunnar, þar sem kvartað er yfir rafmagns-skorti og áskilinn rjettur til skaðabóta af þeim sökum. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um málið dags. 4. þ.m. Borgarstjóra falið að svara erindi iðnrekendafjelagsins.

17. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að láta rannsaka, með saman-burðaráætlun, möguleika til viðbótarvirkjunar fyrir Reykjavík.

18. Synjað erindi Jóns Ormssonar, dags. 16. f.m., um raf - magnshitun í húsinu Shellveg 8B.

19. Synjað erindi Sútunarverksmiðjunnar h/f., dags. 9. f.m., um rafmagn til hitunar.

20. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að ráða Gísla Hannesson og Pálma Sigurðsson sem aðalverkstjóra við Rafmagnsveituna, með launum skv. V. flokki.
Verður Gísli verkstjóri við spennistöðvar aðallega, í stað Ingvars Ísdals sem lætur af störfum vegna aldurs, en Pálmar við rafmagnstaugakerfið.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson | Jón Axel Pétursson

Sigfús Sigurhjartarson | Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 14. janúar, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila bæjarverkfræðingi að gefa h.f. Byggingar - fjelaginu kost á ca. 3000 ferm. lóðarspildu, til geymslu á byggingarefni og áhöldum, í holtinu hjá Háaleitis - og Sogavegi, enda verði heimilt að segja fjelaginu upp leigunni með 3ja mánaða fyrirvara.

2. Synjað beiðni Tómasar Tómassonar ofl. um leyfi til að byggja bráðabirgðabílskúr á lóðinni milli Barnaleikvallarins við Njálsgötu og lóðar Pípugerðarinnar.

3. Lagt fram brjef frá h.f. Olíuverzlun Íslands, dags. 13. þ.m., varðandi byggingu á lóð fjelagsins við Hafnarstræti og Tryggvagötu.

4. Synjað beiðni frá"Blaðahringnum" um stækkun á skúr við Suðurlandsveg.

5. Lögð fram skýrsla Guðmundar Ásbjörnssonar, Katrínar Páls - dóttur og Jóns A. Péturssonar, bæjarftr. um skoðun á bráðabirgðahúsnæði. Skýrslan er dags. 6. þ.m.

6. Lögð fram tilkynning um ályktun fundar í "Dagsbrún" 9. þ.m., áskorun um að bæjarstjórn geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

7. Lögð fram tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

8. Lögð fram tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar og Jóns A. Péturssonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjar - stjórnar í gær.

9. Samþ. að ráða Óskar Þórðarson sem fastan starfsmann bæjar - skrifstofanna með launum skv, IV. flokki.

10. Samþ. að greiða Guðlaugu Jónsdóttur og Elínu Bjarnadóttur laun skv. XII launaflokki ( Kvenskrifarar I. fl.)

11. Samþ. að gera Árna Þ. Árnason að 1. fl. aðstoðarmanni bæjarverkfræðings, með launum skv. V. flokki

12. Lögð fram skýrsla frá bæjarverkfræðingsskrifstofunni um sundurliðun á lóðarstærð og fasteignamatsverði lóðar í bænum innan Hringbrautar og í nágrenni hennar, annarsvegar eignarlóðir og hinsvegar leigulóðir.

13. Lagt fram brjef frá stjórn ríkisspítalanna, dags. 10. þ.m., með kvörtun yfir skorti á heitu vatni, sem verið hefir í Landsspítalanum undanfarna daga, svo og umsögn forstjóra Hitaveitunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Synjað beiðni um rafmagn í bifreiðaskýli við suðurgaflinn á Hótel Borg.

15. Erindi Ingvars Ísdals um kaupgreiðslur fyrir smíðar fyrir Rafmagnsveituna, eftir að hann lætur af störfum, vísað til rafmagnsstjóra til meðferðar.

16. Lagt fram brjef, dags. 9. þ.m., frá flokki hreinsunarmanna, um að þeir muni ekki hefja vinnu fyr á morgnana en venjulegt er, án þess að fá aukagreiðslu fyrir.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Sigfús Sigurhjartarson　　Guðm. Ásbjörnsson

Helgi H. Eiríksson　　Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 21. janúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Guðni J. Björnsson, Þórsgötu 15 sækir um leyfitil að byggja skúr við Laufásveg, gengt Suðurpól, til þess að hafa þar bílahirðingu. Synjað.

2. Ragnar Jónsson, Hringbr. 141 sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Leynimýrarbl. II. Umsókninni synjað.

3. Lagt fram brjef frá Sigurjóni Jónssyni, Samtúni 36, dags. 12. þ.m., þar sem farið er fram á bætur vegna tjóns, er varð í kjallara húss hans vegna stíflu í holræsi. Erindinu synjað.

4. Lagt fram brjef hafnarstjóra dags. 17. þ.m., varðandi makaskifti á nokkrum lóðarspildum Hafnarinnar, ásamt húsinu Bakkastíg 8, og leigulóðum Magnúsar Guðmunds - sonar og Péturs Ottasonar neðan Mýrargötu. Bæjarráð sambykkir tillögurnar fyrir sitt leyti og felur borgarstjóra að ganga frá makaskiftunum.

5. Lagður fram tillöguuppdráttur Einars Sveinssonar arkitekts að varanlegu skýli á Lækjartorgi.

6. Samþ. eftirfarandi lóðaúthlutun:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar G. Skúlason, Efstasund 41 | fær | Efstasund | 15 |
| Guðjón Ó. Guðmundsson, Grett. 28B | - | Hjallaveg | 15 |
| Pétur Pétursson, Óðinsg. 32 | - | - | 19 |
| Magnús K. Jónsson, Baugsveg 13 | - | - | 28 |
| Halldór Guðlaugsson, Ing. 19 | - | Hólsveg | 11 |
| Benedikts Sveinsson ofl., Miðtúni 11 | - | Hrísateig | 12 |
| Einar A. Scheving Samtúni 30 | - | - | 17 |
| Sigurður Bjargmundsson, Teigav. 4 | - | Kambsveg | 5 |
| Elías Jóhannsson, Óðinsgötu 23 | - | - | 35 |
| Hafsteinn Guðmundsson, Bárug. 13 | - | - | 33 |
| Sigurður Ólafsson, Berg. 66 | - | Langholtsveg | 24 |
| Axel Guðmundsson, Grett. 27 | - | - | 26 |
| Stefán Bjarnason, Sóleyj. 15 | - | Mjóuhlíð | 6 - 8 |
| Eggert Th. Jónsson, Óðinsg. 32 | - | - | 18 - 20 |
| Ásmundur Ólason ofl. Hringbr. 34 | - | Háteigsveg | 20 |

með því skilyrði að ekki verði iðnaður í húsinu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þórður Jasonarson, Sóleyj. 23 | fær | Háteigsveg | 18 |
| Guðmundur Runólfsson, Höfðatúni 8 | - | Sundlaugaveg | 9 |

með því skilyrði að lóðarhafar sjái sjer sjálfir fyrir holræsi yfir nágrannalóðir, ef þörf krefur.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, Hallv. 10 fær Hjallaveg 10 með því skilyrði að taka megi horn af lóðinni frá því uppdráttur sýnir.

Það skilyrði er sett fyrir úthlutun framangreindra lóða, að hafist verði handa um byggingu á þeim fyrir 15. apríl næstk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Lögð fram matsgerð yfirmatsmanna á endurkaupsverði erfðafestulandsins Samtúns.

8. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar um byggingu matvæla - geymslu á lóð milli Reykjanesbrautar og Miklubrautar. Ákveðið að senda umsækjendum um lóðina, Jóhanni F. Guðmundssyni ofl., umsögn nefndarinnar.

9. Lögð fram greinargerð nefndar, sem bæjarstjórn kaus á síðastl. ári til að gera tillögur um skipulag á væntanlegu íþrótta - og skemmtisvæði í Laugadalnum.

10. Lagt fram brjef frá verkamannafjel. Dagsbrún, dags. 20. þ.m., með tilkynningu um uppsögn samnings fjelagsins við Reykjavíkurbæ, dags. 16. oktbr. 1942. Er samningnum sagt upp frá 22. febrúar næstk.

11. Samþ. að veita Þorsteini Sætran löggildingu til að starfa við lágspennuveitur í Reykjavík.

12. Lögð fram matsgerð Sigurðar Jónssonar og Björns Ólafs, dags. 17. þ.m., á bótum til eigenda jarðarinnar Vatnsenda fyrir spjöll á jörðinni vegna Elliðavatnsstíflu. Rafmagnsstjóra falið að gera ráðstafanir til að fá matinu hnekkt.

13. Synjað beiðni um leyfi til að halda hlutaveltu í húsnæði Hótel Heklu.

14. Lögð fram umsókn Stefáns Guðnasonar og Jóns Þórarinssonar, dags. 15. þ.m., um leyfi til kvikmyndareksturs.

15. Fjelag járniðnaðarmanna tilkynnir ályktun, sem samþ. var á fundi í fjelaginu 15. desbr. síðastl., varðandi fyrirhugaða skipasmíðastöð.

16. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða Ágúst Hólm Ágústsson til innheimtustarfa fyrst um sinn.

17. Hitaveitustjóra heimilað að ráða Ragnhildi Pálsdóttur til skrifstofustarfa hjá hitaveitunni.

18. Samþ. að greiða Magnúsi Bergmann laun skv. VII. flokki.

19. Samþ. að skipa Sæmund Bjarnason og Ólaf H. Einarsson fyrv. gaslagningarmenn sem fasta starfsmenn htiaveitunnar, með launum skv. VI. flokki.

X 20. Samþ. að greiða Kristni Valdimarssyni eftirlitsmanni hitaveitunnar laun skv. V. flokki.

21. Lagðar fram umsóknir um garðyrkjuráðunautsstarf frá 9 umsækjendum.

22. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í desbr. síðastl.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller

Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, laugardaginn 22. janúar kl. 10 f.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um frv. að áætlun um tekjur og gjöld bæjarins árið 1944.

Voru tekin fyrir og rædd erindi, sem borist hafa um fjárframlög á árinu, og ákveðið að bæjarráð flytji sameiginlega nokkrar breytingartillögur við frumvarpið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson     Jakob Möller     Jón Axel Pétursson

Helgi H. Eiríksson     Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Bæjarráð.

Ár 1944, laugardaginn 29. janúar kl. 10 f.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 26. þ.m., með uppdrætti og greinargerð um skipulag bæjarins, utan Hringbrautar. Falið bæjarverkfræðingi og húsameistara til athugunar.

2. Lagt fram brjef frá Árna Jónassyni, Hringbraut 211, með beiðni um húsnæði fyrir blaðaafgreiðslu.

3. Lögð fram fundargerð Loftvarnarnefndar 20. þ.m.

4. Lagt fram brjef frá viðskiftamálaráðuneytinu, dags. 22. þ.m., varðandi störf kolaeftirlitsmanns.

5. Samþ. að skipa Kjartan Ólafsson sem fastan verkamann, með launum skv. 10. fl., enda starfi hann áfram eftir fyrirsögn bæjarverkfræðings.

6. Lögð fram umsókn Carls - Rydén, Eiríksgötu 29, dags. 22. þ.m., um leyfi til kvikmyndahúsreksturs í bænum.

7. Lögð fram skýrsla trúnaðarlæknis bæjarins um starfsemi slysavarðstofunnar frá 1. apríl til ársloka 1943.

8. Nikólína Þ. Jónsdóttir, Grund. 4, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi.

9. Lögð fram umsókn Mæðrastyrksnefndar um 10 þús. kr. styrk úr bæjarsjóði árið 1944.

10. Tónlistarfélagið sækir um 25 þús. kr. styrk úr bæjar - sjóði árið 1944.

11. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bilun, er varð á háspennulínunni frá Ljósafossi 18. þ.m.

12. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bilanir á tauga - kerfi Rafmagnsveitunnar 20. - 23. þ.m.

13. Lögð fram umsókn um rafmagnsheimtaug að húsinu Kópa - vogsbletti 11. Frestað.

bæjarþings 20. f.m. í máli Jóns J. Fannbergs.

1. Lögð fram útskrift af dómi hæstarjettar 27. f.m. í máli h.f. Djúpavíkur gegn bæjarsjóði um útsvarsskyldu fjelagsins hjer.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Samþ. að greiða Sighvati Blöndal laun sem 1. fl. að - stoðarmanni hjá Rafmagnsveitunni, Stefáni Jónssyni sem 2. fl. aðstoðarmanni og Pétri Theodórs sem 2. fl. að - stoðarmanni fyrst um sinn.

15. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða Óskar Guðmundsson raf - virkja til til aðstoðar um tíma við aukningu bæjar - kerfisins.

16. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða Svavar Pálsson, Bergþ. 14 A sem aðstoðarlínumann með launum skv. 9. fl.

17. Eigendur landa og bústaða á nesinu norðvestan Leir - vogsár en sunnan Kollafjarðar fara fram á, að Rafmagns- veitan leggi háspennulínu að þessu svæði. Frestað að taka ákvörðun.

18. Rafmagnsstjóri gerði grein fyrir, hvað liði aukningu Ljósafossstöðvarinnar.

19. Lögð fram tilboð, er borist höfðu 10. þ.m., í bruna - tryggingar á húseignum í Reykjavík frá 1. apríl næstk., svo og umsögn dr. Björns Björnssonar um tilboðin og önnur skjöl varðandi málið.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson    Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson    Jakob Möller    Helgi H. Eiríksson.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson    Jón Axel Pétursson
Jakob Möller    Helgi H. Eiríksson
Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð

Ár 1944 fimtudaginn 3.febrúar, kl. 11 f.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lögð fram og rædd tilboð í brunatryggingar á húsum í bænum frá 1.apríl næstk.

Ennfremur lögð fram brjef frá h.f. Almennar Tryggingar, dags. 28.f.m., frá hf. Carl Tulinius Co., dags. 31.f.m. og frá h.f. Sjóvátryggingafjelagi Íslands, dags. 1.þ.m.

Ákvörðun frestað.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller — Guðm. Ásbjörnsson

Helgi H. Eiríksson — Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson

bæjarþings 20. f.m. í máli Jóns J. Fannbergs.

1. Lögð fram útskrift af dómi hæstarjettar 27. f.m. í máli h.f. Djúpavíkur gegn bæjarsjóði um útsvarsskyldu fjelagsins hjer.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 4. febrúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Bæjarráð skipa nú, eftir kosningu á fundi bæjarstjórnar 3. þ.m. allir sömu bæjarfulltrúarnir, bæði aðalmenn og varamenn, sem áttu sæti í ráðinu síðastl. ár, sbr. fundargerð bæjarráðs 5. febr. 1943.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðsins, Guðmundur Ásbjörnsson varaformaður og Jón A. Pétursson ritari.

2. Bæjarráð leggur til að bæjarstjórnin setji reglur um útsvarsinnheimtu árið 1944, skv. lögum nr. 100, 30. desbr. 1943.

3. Borgardómarinn tilkynnir, að hann hafi skipað ljósmæður í Reykjavík frá 1. jan. þ.á. að telja þær Guðrúnu Halldórsdóttur Rauð. 40, Ragnheiði Guðmundsdóttur Hring. 150 og Þórdísi Ólafsdóttur Hringbr. 150, eftir tilnefningu bæjarstjórnar.

4. Samþ. að heimila bæjarverkfræðingi að leyfa Hannesi Gíslasyni Reykholti v/ Laufásveg o.fl. að byggja bráðabirgða - vinnustofu á lóð við Laufásveg, eftir útvísun verkfræð - ings og með því skilyrði, að húsið verði flutt af lóðinni bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður.

5. Synjað beiðni Elíasar Kristjánssonar um að flytja húsið Tjarnargötu 4 á lóðina Fossagötu 10.

6. Lagt fram brjef frá atvinnu - og samgöngumálaráðuneytinu með tilmælum um að bæjarstjórnin kjósi 2 menn í nefnd til að athuga og gera tillögur um skipun mjólkurmála, skv. þingsályktun neðri deildar Alþingis 13. desbr. 1943.

7. Eftir ábendingu skólastjóra Laugarnesskólans var borgarstjóra heimilað að segja upp kennsluhúsnæði á Lauga - mýrarbletti 33.

8. Fjársöfnunarnefnd fyrir blindraheimili fer fram á 250 þús. króna fjárveitingu til byggingar slíks heimilis í Reykjavík, gegn a.m.k. tvöföldu framlagi annarsstaðar frá.

9. Lögð fram greinargerð íþróttaráðunauts 19. f.m., varðandi húsakost til leikfimiskennslu við barnaskólana.

10. Lagður fram útdráttur úr dómabók Reykjavíkur af dómi bæjarþings 20. f.m. í máli Jóns J. Fannbergs.

11. Lögð fram útskrift af dómi hæstarjettar 27. f.m. í máli h.f. Djúpavíkur gegn bæjarsjóði um útsvarsskyldu fjelagsins hjer.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að greiða Aðalbjörgu R.B. Jónsdóttur 175 kr. á mánuði fyrst um sinn, fyrir aðstoð við tannlækni Mið - bæjarskólans.

13. Synjað erindi h.f. Þróttar um að fá rafmagnshitun í húsið Laugaveg 170.

14. Eftir tillögu borgarfógetans í brjefi 27. f.m. var samþykkt með 3 : 1 atkv. að Sigurði Grímssyni verði greidd laun sambærileg þeim, sem öðrum fulltrúum lög - manns voru greidd síðastl. tvö ár.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson — Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller — Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, þriðjudaginn 8. febrúar, kl. 11½ f.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lögð fram ályktun, er samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 7. þ.m., varðandi endurskoðun á tilboðum, er borist hafa í brunatryggingar á húsum í bænum.

Ákveðið að biðja Guðmund Guðmundsson tryggingarfræðing að gera athugun þá, er í ályktuninni greinir, með hagfræðingi bæjarins, en að Guðmundi frágengnum var samþykkt að biðja Ólaf Björnsson hagfræðing að taka að sér verkefnið.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson    Sigfús Sigurhjartarson

Jakob Möller    Helgi H. Eiríksson    Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár 1944, fimmtudaginn 10. febrúar, kl. 10 f.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram erindi, er borist hafa til bæjarstjórnar, um fjárframlög úr bæjarsjóði í sambandi við fjárhagsáætlun:

   a. Frá K. R. um 5000 kr. til raflýsingar skíðaskála fjelagsins í Skálafelli.

   b. Frá Val um 5000 kr. til skíðaskála fjelagsins við Kolviðarhól.

   c. Frá Í.S.Í. um 12000 kr. styrk til útgáfu íþróttabóka.

   d. Frá Í.S.Í. um að greidd verði verðlags - uppbót á þóknun til íþróttalæknis.

   e. Frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkurbæjar um 1500 kr. styrk til Styrktarsjóðs fjelagsins.

   f. Frá Verslunarskóla Íslands um 60 þús. króna styrk.

   g. Frá útgáfunefnd Foreldrablaðsins um 4 þús. króna styrk til útgáfu blaðsins nú að þessu sinni.

   Bæjarráð ákvað að flytja tillögur um fjárframlög þau, er greinir undir a - lið og f - lið og 3000 kr. framlag undir g - lið.

2. Lagðar fram og ræddar breytingartillögur við fjár - hagsáætlunina, sem borist hafa frá bæjarfulltrúum flokkanna.

   Bæjarráð var sammála um að leggja til, að áætlað verði framlag til ráðhúsbyggingar undir gjl. XIV. kr. 500.000,-.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson — Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller — Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, laugardaginn 12. febrúar, kl. 10 f.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa viðbótarútbygginu við íbúðarhúsið á Laugamýrarbletti XXXV, með því skilyrði, að viðbyggingin verði tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður. Skilyrðið ber að þinglesa.

2. Synjað beiðni um bráðabirgðabyggingu úr timbri á Vatnsmýrarbl. XIX.

3. Synjað beiðni um bráðabirgðabyggingu úr timbri á Leynimýrarbl. II.

4. Beiðni Ingimundar Guðmundssonar um fisksöluleyfi vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

5. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXVIII fyrir kr. 5000,- Hafnað.

6. Lögð fram beiðni Þórðar L. Jónssonar, Þingh. 1, um lóð í Rauðarárholti.

7. Lagt fram brjef frá póst - og símamálastjóra, dags. 9. þ.m., varðandi fyrirhugaðan fund um sjerleyfisferðir milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Falið borgarstjóra til meðferðar.

8. Synjað beiðni Sigurðar Benediktssonar um leyfi til veitinga í skúrum við Suðurlandsbraut.

9. Lögð fram skýrsla Bæjarbókasafnsins fyrir árið 1943.

10. Lagt fram brjef atvinnu - og samgöngumálaráðuneytisins 4. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um fyrirspurn h.f. Hafnarstrætis 21 þess efnis, hvort hefja megi byggingarframkvæmdir skv. framlögðum skipulagsuppdrætti Skipulagsnefndar. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.

11. Lagðar fram fundargerðir heilbrigðisnefndar 1. og 8. febrúar.

12. Lagt fram nefndarálit um byggingu æskulýðshallar í Reykjavík frá Ingimar Jóhannssyni, Einari Erlendssyni og Einari B. Pálssyni.

13. Lagt fram brjef frá Höjgaard & Schultz A/S, dags. 10. þ.m., varðandi hitaveituframkvæmdirnar nú, vegna tíðarfarsins.

14. Lagt fram brjef frá verkamannafjelaginu Dagsbrún, dags. 4. þ.m., með frv. að samningi um kaup og kjör verkamanna í stað gildandi samnings. Falið borgarstjóra til athugunar.

15. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m., með áætlun um vélauppsetningu í Ljósafossstöðina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 9. þ.m., um rafmagnsskort og vélaaukningu Sogsvirkjunarinnar.

17. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 9. þ.m., um bilanir á Hafnarfjarðarlínunni 4. og 5. þ.m.

18. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að ráða Jón Júlíusson og Jón Guðmundsson sem aðstoðarmenn við línu - vinnu, með launum skv. IX. flokki.

19. Lagt fram brjef frá Lithoprent, dags. 9. þ.m., með áskilnaði að krefja Rafmagnsveituna skaðabóta vegna rafmagnsskorts.

20. Sparisjóður Mjólkufjelags Reykjavíkur óskar þess, að bæjarstjórnin skjósi einn mann í stjórn sparisjóðsins og tvo endurskoðunarmenn.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, þriðjudaginn 15. febrúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Útsvarsmál: Páll S. Pálsson, Berg. 72, Þórður Stefánsson Leifsg. 13, Ingólfur Guðmundsson, Framnesv. 1, Árni Jónsson Laugav. 68, Sigurgeir B. Bjarnason, Berg. 6C, Kristján Gíslason, Lind. 65, Sigurður Ásbjörnsson, Freyj. 6, Haraldur Hermannsson Hverf. 114, Haraldur E. Ólafsson, Sigríður Þórarinsdóttir, Lind. 61, Ingibergur Jónsson Bústaðav. 7. Sigvaldi Jónsson Tjarn. 5A, Jón Björnsson Hring. 187, Björn Gunnlaugsson Njálsg. 36, Ingólfur Þórðarson Háteigsvegi 17, Guðjón Jónsson, Miðtún 42, Viggó Sigurjónsson, Þverv. 32, Sveinn Jónsson Hringbr. 200, Ingólfur Jónasson Þórsg. 14, Sveinn Jónsson Hringbr. 203 Hörður Sigurjónsson Berg. 33, Bjarni Blomsterberg Hringbr. 63, Þórarinn Kristjánsson dbú. Hringbr. 120, Jón Þórarinsson Brunn. 7, Thorsteinsson, Pétur J. Grund. 2, Guð - mundur Ólafsson, Óðinsg. 25, Kjartan Þorsteinsson Lvg. 68, Johansen, Helgi Fossvogsbl. 5, Daníel Jónasson Flók. 12, Sigurður Kristmundsson Mjóstræti 8A, Bjarni S. Guðjónsson Skeggjag. 13, Guðmundur Guðmundsson Bárug. 29, Gunnar Björnsson Rauð. 38, Gunnar Björnsson Bergþg. 23, Dóra Kristinsdóttir Njg. 72, Bernhard F. Schmidt Njálsg. 30A, Þorgrímur Jónsson Tjarn. 8, Ottó E. Guðjónsson Skólav. 4, Sigfús Kolbeinsson db. (Rannveig Ásgrímsdóttir), Rósa G. Kristinsdóttir Njálsg. 83, Orion c/o Gunnar Jónsson, Sigurður Jacobsson Höfðaborg 11, Jón L. Jóhannsson, Njálsg. 3, Axel Guðmundsson Grett. 27, Verksmiðjan Trausti, Pálmi Jónsson, Lvg. 27B, Kjartan Ólafsson Lind. 20, Ásgeir M. Ásgeirsson, Samtún 32, Thorberg Einarsson Framn. 8A, Lúðvík Guðmundsson Vesturg. 56, Árni Jónsson Von. 1, Guðjón Sigurjónsson Miðtún 68, Gísli G. Jónsson Víðim. 45.

2. Borgarstjóra falið að taka upp viðræður við ríkisstjórn - ina um sumardvalir barna á næsta sumri.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson · Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller · Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 18. febrúar, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram ályktanir aðalfundar Pöntunarfjelagsins á Grímsstaðaholti 6. þ.m., um að skora á bæjarstjórn: 1: að leggja hitaveitu um Grímsstaðaholtið á næsta sumri, 2: að hraða byggingu barnaskóla á Melunum, 3: að endurbæta Grímsstaðavör. Fyrstu tillögunni vísað til hitaveituforstjórans til athugunar, en hinni þriðju til hafnarstjórnar.

2. Íbúar við Háaleitisveg fara fram á að vatnsæð verði lögð í veginn.

3. Kirkjugarðsstjórn spyrst fyrir um hvort bæjarsjóður vilji taka þátt í byggingu líkgeymsluhúss. Ákveðið að leita umsagnar hjeraðslæknis um erindið.

4. Samþ. að greiða Alexander Jóhannssyni laun skv. VIII. launaflokki.

5. Lagt fram brjef frá verkamannafjelaginu Dagsbrún, dags. 14. þ.m., þar sem tilkynnt er, að fjelagið muni stöðva alla vinnu Dagsbrúnarmanna hjá Reykjavíkurbæ og fyrirtækjum hans frá og með 22. þ.m., ef ekki hafi náðst samningar um kaup og kjör verkamannanna fyrir þann tíma.

6. Lögð fram fundargerð Loftvarnarnefndar 11. þ.m.

7. Lagðar fram umsóknir um garðyrkjuráðunautsstarfið. Samþ. að setja Sigurð Sveinsson Egilsgötu 32 í starfið.

8. Lögð fram skýrsla um starfsemi Lestrarfjelags kvenna árið 1943.

9. Lagt fram brjef fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 16. þ.m., þar sem heimilað er að jafna niður útsvörum á þessu ári svo sem ráðgert er í fjáhagsáætlun, er samþykkt var í bæjarstjórn 10. þ.m.

10. Lagt fram brjef frá h/f Carl D. Tulinius & Co, dags. 14. þ.m., um bæjartryggingarnar.

11. Lagðar fram lauslegar teikningar og sýnt líkan af fyrirhugaðri barnaskólabyggingu á Melunum.

12. Samþ. með 3 : 1 atkv. að hefja undirbúning að byggingunni skv. framlögðum teikingum.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson — Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson — Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 25. febrúar, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbl. XIX með húseign fyrir kr. 30.000,- Hafnað.

2. Lögð fram reikningsskilagrein um handavinnunámskeið Heimilisiðnaðarfélagsins árið 1943.

3. Lagt fram bréf frá Silla og Valda, Aðalstræti 10, dags. 23. febr., varðandi framtíðarfyrirkomulag á byggingum við Aðalstræti. og í Grjótaþorpi.

4. Lagt fram bréf frá h.f. Almenna Byggingarfélaginu, dags. 25. þ.m., varðandi geymslulóð félagsins við BLönduhlíð. Samþ. að fá umsögn Skipulagsnefndar um málið.

5. Synjað erindi Sigurðar Helgasonar, Bank. 7, um leigu á búð í Hótel Heklu.

6. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 17. þ.m., þar sem tilkynnt er að ráðuneytið hafi þann dag stað - fest reglur um innheimtu útsvara í Reykjavík árið 1944, sem bæjarstjórn samþykkti 10. þ.m.

7. Lagt fram brjef frá íþróttaráðunaut bæjarins, dags. 21. þ.m., varðandi eftirlit hans með kennslu leikfimi í barnaskólunum. Falið borgarstjóra til meðferðar.

8. Lögð fram umsögn hitaveituforstjórans um erindi Pöntunarfélagsins á Grímsstaðaholti um að hitaveita verði þegar lögð suður á holtið.

9. Synjað að svo stöddu erindi frá húsbygginganefnd nýja Sjómannaskólans um vatn frá Hitaveitunni til upphitunar á húsinu.

10. Lagt fram brjef frá Gísla Halldórssyni með grein hans í dagblaðinu Vísi 11. þ.m., varðandi rannsóknir til undirbúnings á virkjun gufuhvera til hita og rafmagnsleiðslu.
Bæjarráð telur rétt að slíkar rannsóknir verði gerðar, og vill að af hálfu bæjarins verði tekinn þáttur í þeim í samvinnu við ríkisstjórnina. Skorar bæjarráð á þingmenn kaupstaðarins að beita sjer fyrir því að svo megi verða.

11. Jóhann M. Kristjánsson ítrekar beiðni sína um leyfi til kvikmyndareksturs í bænum.

12. Samþ. að heimila borgarstjóra að ábyrgjast f.h. bæjarins allt að 50 þús. króna lán fyrir barnavinafjelagið Sumargjöf, er fjelagið hyggst að taka til greiðslu á stofnkostnaði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagt fram brjef frá sjávarútvegsnefnd Reykjavíkur - bæjar, dags. 25. þ.m., með tillögu nefndarinnar um að Reykjavíkurbær sæki um kaup á 12 vjelskipum frá Svíþjóð.
Bæjarráðið samþykkir tillögu nefndarinnar og felur borgarstjóra frekari aðgerðir.

14. Lagt fram brjef frá hitaveituforstjóranum, dags. 25. þ.m., með tilkynningu um bilun sem orðið hefir á dælu í dælustöðinni á Reykjum.
Borgarstjóra falíðað fá útnefnda menn til þess að taka út vjelarnar og uppsetningu þeirra, til þess að gengið verði úr skugga um, hverju bilunin sje að kenna en hitaveituforstjóra falið að fá keyptar nauðsyn - lega varahluta til endurnýjunuar á þeim er bilað hafa.

15. Lögð fram álitsgerð um tilboð í brunatryggingar húsa frá 1. apríl næstk., eftir Bjorn Björnsson og Ólaf Björnsson hagfræðinga, dags. 22. þ.m.
Ennfremur lögð fram brjef frá h.f. Sjóvátryggingar - fjelagi Íslands og umboði Firemen's Insurance Co of Newark N.J. bæði dags. 25. þ.m.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson Jakob Möller

Sigfús Sigurhjartarson Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, mánudaginn 28. febrúar, kl. 10 1/2 f.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um brunatryggingartilboðin, sem fyrir liggja.

Lögð fram brjef frá h.f. Almennar Tryggingar, dags. 26. þ.m., og brjef frá umboðsmönnum Firemen's Insurance Company of New ark, New Jersey, dags. 28. þ.m.

Bæjarráð vísar málinu til úrskurðar bæjarstjórnar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson Jakob Möller

Jón Axel Pétursson Sigfús Sigurhjartarson.

D a g s k r á.

á aukafundi bæjarstjórnar í skrifstofu borgarstjóra þriðju daginn 29. febrúar 1944 kl. 11 1/2 f.h.:

Fundargerð bæjarráðs 28. febrúar
(Ákvörðun um ráðstöfun
brunatrygginga í bænum).

Borgarstjórinn í Reykjavík, 28. febrúar 1944
Bjarni Benediktsson

... að hækka utanfararstyrk Axels Helgasonar lögreglu-þjóns upp í kr. 2500.oo.

16. Lagður fram reikningur Sjúkrasjóðs Hins ísl. kvenfélags árið 1943.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, föstudaginn 3. marz, kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að leyfa viðbyggingu úr timbri við íbúðarhúsið á Bústaðabletti IX.

2. Samþ. að leyfa byggingu gróðurhúss á erfðafestulandinu Kirkjulandi, enda verði húsið tekið burtu af landinu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður.

3. Samþ. að leyfa byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XV.

4. Synjað beiðni Ragnars Jónssonar, Hringbr. 141, um byggingu sumarhúss á erfðafestulandinu Leynimýrarbl. II, þar sem bæjarráð vill ekki leyfa meiri byggingar á landinu en þar eru.

5. Samþ. að gefa Óla Valdimarssyni, Hávallag. 15, kost á leigulóðinni nr. 21 við Efstasund, en Guðm. Tómasson, Njg. 110, afsalar tilkalli til lóðarinnar.

6. Samþ. að gefa Jóhanni Lárussyni, Efstasundi 50, kost á Langholtsvegi 60, en Sigurjón Kristjánsson, Höfðaborg 50, afsalar tilkalli til lóðarinnar.

7. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja Kjötbúðinni Borg 43.8 ferm. lóðarspildu til viðbótar lóðinni nr. 76 A við Laugaveg.

8. Samþ. að leyfa byggingu alifuglahúss og fóðurgeymslu á erfðafestulandinu Sogabletti XIV.

9. Trésmíðafélag Reykjavíkur sækir um lóð fyrir samkomuhús á horni Mímisvegar og Eiríksgötu, eða aðra leigulóð til vara. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

10. Íbúar í húsum Byggingarfélags verkamanna í Rauðarárholti skora á bæjarráð að láta hefjast handa um lagfæringu gatna í hverfinu. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

11. Póst- og símamálastjórnin sendir bæjarstjórn til umsagnar beiðni h.f. Strætisvagna Reykjavíkur um endurnýjun á sérleyfi til fólksflutninga innanbæjar í Reykjavík og nágrenni.

12. H.f. Fylkir sækir um tvo bragga ( við Ægisgarð) til kaups eða leigu. Að gefnu þessu tilefni felur bæjarráð borgarstjóra að beita sér fyrir því, að þessir braggar verði hið fyrsta teknir í burtu.

13. Lagður fram og samþykktur samningur, dags. 29. febrúar, er borgarstjóri og bæjarverkfræðingur gerðu við stjórn verkamannafél. Dagsbrúnar, skv. munnlegu umboði bæjarráðs.

14. Lagt fram bréf frá h.f. Carl D. Tulinius & Co., dags. 2. þ.m., þar sem félagið mótmælir ákvörðun bæjarstjórnar um að semja um brunatryggingar á íbúðarhúsum í bænum við h.f. Almennar Tryggingar.

15. Samþ. að hækka utanfararstyrk Axels Helgasonar lögregluþjóns upp í kr. 2500.oo.

6. Lagður fram reikningur Sjúkrasjóðs Hins ísl. kvenfélags árið 1943.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Samþ. að ráða Axel Helgason, Barónsst. 14, sem starfsmann Trésmíðavinnustofunnar með launum skv. VII.flokki.

18. Bæjarráð ákveður, að af hálfu bæjarins verði sumardvölum barna hagað á sama hátt nú í sumar og undanfarandi sumur og tilnefnir í forstöðunefnd sömu menn og áður, þá Harald Árnason kaupmann og Arngrím Kristjánsson skólastjóra.

19. Samþ.að taka tilboði Jóhanns Pálssonar og Axels Smiths um miðstöðvarlögn og hreinlætistækja í nýja barnaskólann við Reykjaveg.

X 20. Borgarstjóra falið að undirbúa stofnun þurfamannaheimilis í Arnarholti á Kjalarnesi.

21. Lögð fram umsókn um leyfi til kvikmyndareksturs frá Kristjáni Þorgrímssyni, Kirkjuteigi 11, og Matth. Matthíassyni, Hvg. 112, f.h. væntanlegs hlutafélags.

22. Synjað erindi frá h.f. Þróttur um næturhitun með rafmagni í verksmiðjuhúsi félagsins við Laugaveg 170.

23. Lögð fram tillaga Gunnars Thoroddsens og Gunnars Þorsteinssonar, er bæjarstjórn samþykkti á fundi 2. þ.m., um að fela bæjarráði að fá sérfróða menn til að athuga, hver ráð verði fundin til þess að koma í veg fyrir bilanir og truflanir á Sogsvirkjun og Rafmagnsveitunni. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

24. Útsvarsmál : Kjartan Ólafsson, Lind. 20, Guðmundur K. Gíslason, Bræðr. 14, Tryggvi Magnússon db.,Templ.3 , Páll Ó.Lárusson. Freyjugötu 34, Friðbert Friðbertsson, Hvg. 63, Guðmundur Eyleifsson db., Grett. 20 A, Theódór Magnússon, Frakk. 14, Sigfús Guðfinnsson, Karl. 18, Ólafur Finnbogason, Von. 12, Sigurbergur Pálsson, Háteigsv. 11,Jónas Jónasson, Öld. 8, Hrafn Jónsson, Freyjug. 26, Böðólfur Sveinsson, Breiðholt v/Laufásv., Ólafur Stefánsson, Lvg. 74 B, Pettersen,Alex.H., Stýr.9, Kristján Fr. Guðmundsson,Sólstöðum, Skóverksmiðjan Þór h.f., Þorvaldur Jónasson, Hátún 9, Ólafur Georgsson & Co. Ingólfur Guðmundsson, Kjartansg. 1, Guðjón B. Jónsson, Sogam. 30, Jónas Lilliendal, Flók. 10.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnar Thoroddsen.

Jón Axel Pétursson. Helgi H. Eiríksson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð.

Ár, 1944, laugardaginn 11. mars, kl. 10 1/2 f.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá húsbyggingarnefnd Sjómannaskólans, dags. 7. þ.m., með ítrekaðri beiðni um að leitt verði heitt vatn í skólann nú í sumar. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við erindinu.

2. Lögð fram beiðni frá Sveini Jónssyni Miðtúni 50 um lóð undir sjúkrahús nálægt Laugarneskirkju. Frestað til athugunar.

3. Lögð fram beiðni Skátafjelags Reykjavíkur, dags. 9. þ.m., um lóð undir byggingu fyrir fjelagsstarfsemina á landssvæði því við Rauðarárstíg, þar sem fyrirhugaðri bál - stofu var ætlaður staður. Vísað til umsagnar Skipu - lagsnefndar.

4. Erindi Trjesmiðafjelagsins um lóð undir samkomuhús á horni Eiríksgötu og Mímisvegar vísað til skipulags - nefndar til umsagnar.

5. Samþ. að gefa Þorvaldi Brynjólfssyni Hofsv. 16 og Guð - mundi Jónssyni Seljaveg 17, kost á byggingarlóðum við ónefnda götu milli Sundlaugavegar og Laugarnesvegar, eftir útvísun bæjarverkfræðings og með því skilyrði að þeir sjálfir sjái fyrir holræsi frá húsunum.

6. Samþ. að gefa Ármanni Guðmundssyni Bollag. 8, kost á byggingarlóðum við Miklubraut 12 - 18, enda ráði bæjarverkfræðingur í hverri röð verði byggt á lóðunum og byggingum verði haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi bæjarráðs.

7. Samþ. eftirfarandi lóðaúthlutun, enda verði hafin bygging á lóðunum fyrir 14. maí næstk.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurberg Benediktsson, Laug. 165 | fær | Efstásund | 5 |
| Kristján Jakobsson, Þverv.36 | - | - | 6 |
| Þorvaldur Jónsson, Laug. 42B | - | Hjallav. | 10 |
| Arngrímur Sigurjónsson, Öldug.13 | - | - | 42 |
| Ásgeir Ásgeirsson, Sólv. 32B | - | - | 44 |
| Sveinn Ingvarsson, Óð. 4 | - | - | 62 |
| Kristján Vattnes Jónsson, Skeggjag. 7 | - | - | 64 |
| Guðjón Kr. Ólafsson, Rafstöðinni | - | Langholtsv. | 4 |
| Júlíus Bjarnason, Nálsg. 53 | - | - | 12 |
| Ármann Jónsson o.fl. Bráv. 22 | - | - | 14 og 20 |
| Haraldur Ögmundsson, Njál. 73 | - | Kambsveg | 9 |
| Sveinbjörn H.Pálsson, Hverf. 90 til þess að endurbyggja þar húsið Shellv. 10. | - | Hrísat. | 29 |

8. Beiðni um að breyta fjósi og hlöðu á Þóroddsstöðum við Reykjanesbraut í húsgagnavinnustofu vísað til skipu - lagsnefndar til umsagnar.

9. Lögreglufjelag Reykjavíkur sækir um byggingarlóðir vestan Reykjavegar en sunnan Laugarnesskólans. Frestað til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Frestað til athugunar beiðni um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXVIII.

11. Vjelsmiðjan Hjeðinn sækir um ca. 5000 ferm. leiguland til geymslu. Bæjarverkfræðingi heimilað að gefa fje - laginu kost á bráðabirgðalóð í þessu skyni.

12. Borgarstjóra heimilað að leigja Landssíma Íslands lóðarspildu milli Skúlagötu og Laugavegar, til þess að reisa þar skiftistöð.

13. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra, dags. 9. þ.m., með fylgiskjölum, um tillögu um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar, sem liggur fyrir bæjarstjórninni.

14. Lagðar fram skýrslur rafmagnsstjóra um fyrstu athuganir eftir samþykkt bæjarráðs 7. jan. þ.á., á möguleikum til aukninga á rafmagni handa Reykjavík.

15. Lögð fram greinargerð bæjarverkfræðings um skíðakaup handa barna - og gagnfræðaskólum bæjarins.

16. Lög fram fundargerð heilbrigðisnefndar 7. þ.m.

17. Slysavarnadeildin "Ingólfur" skorar á bæjarstjórn að leggja fram úr bæjarsjóði eða hafnarsjóði þriðjung kostnaðarverðs og ekki undir kr. 20,000,- til björg - unarbáts í Reykjavík, gegn því að 2/3 hlutar komi annarsstaðar frá.

18. Lagður fram reikningur Styrktarsjóðs verkamanna - og sjómannafjelaganna í Reykjavík árið 1943.

19. Samþ. að mæla með beiðni Ragnars Guðlaugssonar bryta, Víðimel 59, um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi.

20. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða um 3ja mánaða skeið helming launa Þorkels Kristjánssonar Bergþ. 15, er vernaverndarnefnd hefir ráðið sjer til aðstoðar við að útvega dvalarstaði utan bæjarins fyrir vand - ræðabörn og unglinga.

21. Lagðar fram skýrslur Ráðningarstofunnar um starfsemina í janúar og febrúar.

22. Lagt fram brjef frá Fasteignaeigendafjelagi Reykjavíkur dags. 9. þ.m., með tilkynningu um ályktun aðalfundar 29. f.m. varðandi innheimtu hitaveitugjalda, svo og ýmsar athugasemdir um framkvæmd innheimtunnar. Vísað til hitaveitustjóra til umsagnar.

23. Borgarstjóra heimilað að leigja hestamannafjel. Fáki beitilönd í Geldinganesi og Breiðholti nú í sumar.

24. Guðlaug L. Jónsdóttir og Guðný Jónsdóttir starfsstúlkur á bæjarskrifstofunum segja lausu starfi sínu frá 1. maí n.k.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller | H. Guðmundsson
Sigfús Sigurhjartarson | Helgi H. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, fimmtudaginn 16. mars, kl. 11 f.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram og rætt frv. að samningi við h.f. Almennar Tryggingar um brunatryggingar á húsum í bænum.

2. Rætt um greinargerðir rafmagnsstjóra um rafmagnsverðið í bænum, vegna tillögu um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar, sem liggur fyrir bæjarstjórn.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson — Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson — Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller.

samlags Mosfellshrepps. Bæjarráð leggur til að mörk samlagssvæðanna verði hin sömu og mörkin á milli Reykja - víkur - og Álafosslæknishjeraða.

11. Bæjarverkfræðingi falið að láta leggja dúk á gólfin í Miðbæjarskólanum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 17. mars, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa viðbótarbyggingu úr steinsteypu við íbúðarhúsið á erfðafestulandinu Laugarásbletti XX.

2. Synjað beiðni um byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXII.

3. Synjað beiðni Sigurgeirs Sigfússonar um að fá þriðju lóðina við hús hans Auðna við Langholtsveg.

4. Erindi h.f. Byggingarfjelagsins, dags. 13. þ.m., varðandi leigu á lóðarspildu ca. 3000 ferm. innan Lækjarhvamm, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu. Bæjarráð vill þó ekki leyfa "bragga" - byggingu á lóðinni.

5. Erindi Búnaðarbanka Íslands, dags. 11. þ.m., varðandi kaup á lóðarspildu af Baðhússlóðinni, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Synjað erindi Bjarna S. Holm Miðstr. 8, um leyfi til að setja upp "bragga" á lóð við Fálkagötu, Engihlíð.

7. Lagt fram brjef Þórðar Þorsteinssonar Rvkv. 25 og Jóns Magnússonar Tjarn. 37, varðandi leyfi til að hafa blaðsöluturn á Lækjartorgi. Bæjarráð mun taka ákvörðun um þetta mál í sambandi við byggingu strætisvagnaskýlis á torginu.

8. Lagt fram brjef frá h.f. Strætisvagnar Reykjavíkur, dags. 10. þ.m., um framtíðarfyrirkomulag á strætisvagnaferðum. Vísað til borgarstjóra til athugunar.

9. Samþ. að krefja um leigu fyrir að hafa pylsuvagna á lóðinni Pósth. 1, kr. 100,oo á mánuði fyrst um sinn. Borgarstjóra falið að setja skilyrði fyrir leyfinu.

10. Lagt fram brjef fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 14. þ.m., varðandi starfssvið Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Sjúkrasamlags Mosfellshrepps. Bæjarráð leggur til að mörk samlagssvæðanna verði hin sömu og mörkin á milli Reykjavíkur - og Álafosslæknishjeraða.

11. Bæjarverkfræðingi falið að láta leggja dúk á gólfin í Miðbæjarskólanum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Borgarstjóra falið að auglýsa eftir kauptilboðum í sölubúðirnar við bæjarbyggingarnar á Melunum, Hring - braut 135 og [illegible] 149. Ætlast er til að kaupverðið verði greitt að fullu við afsal.

13. Samþ. að taka lóðina nr. 26 við Brautarholt af h.f. Magna og gefa Guðmundi Finnbogasyni Grettisg. 20B kost á lóðinni.

14. Lagt fram brjef atvinnu - og samgöngumálaráðuneytisins dags. 17. febr., með brejfi bæjarstjórans í Hafnarfirði dags. 10. febr., ásamt tveimur fskj., varðandi bilun á raforkuveitunni til Hafnarfjarðar, dagana 3. - 5. febr., svo og umsögn rafmagnsstjóra um málið, dags. 13. þ.m., með 2 fskj. Borgarstjóra falið að svara brjefi ráðuneytisins.

15. Bæjarráð samþykkir að óska þess að verkfræðingarnir Gunnlaugur B. Briem og Sigurður Thoroddsen yngri gangi í nefnd með rafmagnsstjóra til athugunar því hver ráð verði fundin til að koma í veg fyrir bil - anir og truflanir á Sogsvirkjun og Rafmagnsveitu, skv. samþ. bæjarstjórnar 2. þ.m.

16. Synjað beiðni Þórðar Jasonarsonar um rafmagnsheim - taug að Kópavogsbl. LI

17. Rætt um grundvöll að samningum við ríkisstjórn um byggingu æskulýðshallar. Borgarstjóra falið málið til frekari meðferðar.

18. Rafmagnsstjóra falið að gera tillögur til bæjarráðs um nýja gjaldskrá fyrir Rafmagnsveituna.

19. Samþ. að fela borgarstjóra að gera ráðstafanir til þess að festa kaup á skíðum handa skólafólki skv. samþykkt á fundi bæjarstjórnar 16. þ.m.

20. <u>Útsvarsmál:</u> Hjörtþór Ágústsson, Hverf. 32B, Sigurbjörn H. Jónsson, Vit. 1, Jón H. Ólafsson Týsg. 7, Kjartan Guðnason Eskihl. A, Ragnheiður Kristmundsdóttir Tjarn. 16, Magnús Friðriksson, Vest. 33, Ingvi G. Þorgeirsson Lind. 50, Jón S. Sigurðsson, Njál. 53, Kristján Bjarnason, Fálk. 25, Teitur Andrjesson, Ásvall. 51.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Helgi H.Eiríksson — Jón Axel Pétursson

Sigfús Sigurhjartarson — Guðrún Jónasson

Gunnar Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, mánudaginn 20. mars, kl. 2 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lagt fram brjef frá h.f. Almennar Tryggingar, dags. í dag, um tryggingar er fjelagið setur fyrir efndum á væntanlegum samningi um brunatryggingar á húsum í bænum.

Bæjarráð samþykkir frv. að tryggingarsamningi, sem fyrir liggur, og telur framboðnar tryggingar fullnægjandi.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 24. mars, kl. 5. e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Sigurvin Einarssyni, dags. 23. þ.m., þar sem spurst er fyrir um, hvort bæjarstjórn muni nota forkaupsrjett að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XII, ef hann selji eignina fyrir 89.000,- kr. Bæjarráð mun taka afstöðu til forkaupsrjettarboðsins þegar fyrir liggur ákvörðun um sölu.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti IV fyrir kr. 4.200,- Hafnað.

3. Lagt fram brjef frá Halli Hallssyni, dags. 22. þ.m., varðandi skilyrði er bæjarráð setti fyrir ... viðbótarbyggingu á erfðafestulandi hans Laugamýrarbl. XXXV á fundi 12. febrúar síðastl. Bæjarráð tekur fram, að skilyrðið beri að skilja svo, að taka beri bygginguna, sem nú verður reist, burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

4. Umsókn frá Knattspyrnufjel. Fram, dags. 15. þ.m., um að fá leigt undir æfingavöll landssvæði við Laugarnesveg, vísað til íþróttaráðunautar bæjarins til umsagnar.

5. Synjað beiðni Jóns Gauta um ákveðinn leigutíma á lóð, sem hann hefur reist á bráðabirgðaskúr við Hringlumýrarveg.

6. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar dags. 21. þ.m., um erindi Skátafjelags Reykjavíkur um lóð við Rauðarárstíg undir byggingu fyrir starfsemi skátanna. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu nefndarinnar um stað fyrir slíka byggingu.

7. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar, dags. 21. þ.m., um erindi Trjesmiðafjelagsins um lóð undir fjelagshús á horni Mímisvegar og Eiríksgötu.

8. Synjað beiðni Bjarna Andréssonar um leyfi til að byggja bílskúr á lóðinni Garðastræti 5 - 7.

9. Skipulagsnefndin sendir tillögu húsameistara ríkisins um staðsetningu húsa á svæðinu milli Laugarneskirkju og Laugarnesskóla.

10. Synjað beiðni Friðleifs Friðrikssonar um lóð undir viðbyggingu við Leifsstaði í Kaplaskjóli.

11. Lagt fram brjef frá h.f. Jötun varðandi lagfæringu á vestasta hluta Hringbrautar og sambandi hennar við höfnina. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að gera leigusamning til 25 ára um lóðina nr. 106 við Kleppsveg.

13. Lagt fram brjef frá h.f. Strætisvögnum Reykjavíkur, dags. 23. þ.m., með skrá um eignir fjelagsins.

14. Lögð fram umsögn hjeraðslæknis, dags. 21. þ.m., um erindi kirkjugarðsstjórnarinnar varðandi fyrirhugaða byggingu líkgeymsluhúss í Fossvogi.
Ákveðið að senda kirkjugarðsstjórninni umsögnina. Bæjarráð telur ekki ástæður til að fje verði lagt úr bæjarsjóði til byggingarinnar.

15. Vísað til bæjarstjórnar umsókn frá Vilhjálmi Schröder a um meðmæli til að fá veitingaleyfi.

16. Samþ. að mæla með beiðni Hólmfríðar Þorláksdóttur Brag. 22A um styrk úr Styrktarsjóði Hjálmars Jónssonar.

17. Nokkrir starfsmenn við barnaskóla Miðbæjar og Austurbæjar óska eftir því að verða skipaðir fastir starfsmenn. Ákveðið að fá umsögn skólastjóranna.

18. Lagt fram brjef fræðslumálafulltrúans, dags. 20. mars varðandi stofnun heimavistarskóla fyrir vandræðadrengi. Samþ. að fela fræðslufulltrúanum að athuga málið nánar, ásamt byggingarfróðum manni, ef þörf þykir.

19. Samþ. að greiða Pétri Sigurðssyni, áður starfsmanni hjá Rafmagnsveitunni, full laun í þrjá mánuði eftir að hann lét af störfum, enda afsali hann sér rétti til eftirlauna.

20. Lögð fram beiðni þriggja starfsmanna í manntalsskrifstofunni um launahækkun.

21. Lagður fram reikningur Gasstöðvarinnar fyrir árið 1943.

Fleira ekki gert. – Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðrún Jónasson Sigfús Sigurhjartarson

Jakob Möller Helgi H. Eiríksson H. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 31. mars, kl. 5 e.h., hjelt bæjar-ráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXVIII.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XII, með Bræðratungu, fyrir kr. 89.000,- Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Bústaðabletti XII fyrir kr. 3.000,- Hafnað, en bæjarráð tekur jafnframt fram, að landinu muni ekki verða skift.

4. Samþ. með 2 : 1 atkv. að leyfa byggingu hænsnahúss úr vikursteini á erfðafestulandinu Bústaðabletti XII, með því skilyrði að byggingin verði tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður. Samþ. að heimila Guðlaugi Ásgeirssyni að leiða vatn úr Vatnsveitunni að erfðafestulandinu.

5. Samþ. að leyfa byggingu fuglahúss á erfðafestulandinu Sogabletti 16.

6. Filippus Guðmundsson ofl. sækja um 15 - 20 lóðir undir smáhýsi. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

7. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu húsameistara ríkisins um skipulag á svæðinu milli Laugarneskirkju og Laugarnesskóla.

8. Samþ. að heimila borgarstjóra að gera nýjan erfðafestu-samning um Norðurmýrarbl. XII (Þóroddsstaði) á þeim grundvelli, að bæjarráð leyfi fyrir sitt leyti að breyta fjósi og hlöðu á landinu í trjesmíðavinnustofu, enda verði jafnframt ákveðið endurkaupsverð fyrir landið kr. 4,oo pr. ferm., að frádregnu gatnagerðargjaldi kr. 2,oo pr. ferm. og 20% fimmtungsgjaldi í bæjarsjóð. Endurgjald og götugerðargjald reiknist þá af 3/4 hlutum landsins, 0.96 ha., en fjórðungur landsins falli endurgjaldslaust til bæjarins. Bæjarráð hafnar forkaupsrjetti að landinu og húsum, sem boðinn er fyrir kr. 173.382,82.

9. Samþ. að heimila ræktunarráðunaut bæjarins að kaupa trjá-plöntur, einkum víði, til að koma upp skjólgarði í nýja garðahverfinu í Tungutúni.

10. Synjað erindi um að hermannaskáli megi standa áfram á lóð-inni Skálholtsstíg 7 og um leiðslur í skálann.

11. Þingstúka Reykjavíkur þakkar styrk, er bæjarstjórn hefir ákveðið að veita til starfsemi stúkunnar nú á þessu ári.

12. Lagt fram brjef frá landlækni, dags. 29. þ.m., með afriti af brjefi húsameistara ríkisins til hans dags. sama dag, svo og uppdrætti húsameistara af húsi fyrir fæðingarstofnun.

© Borgarskjálasafn Reykjavíkur

13. Lagt fram brjef útsvarpsstjóra, dags. 28. þ.m., með tilmælum um að bæjarstjórn taki nú fullnaðarákvörðun um lóð undir útsvarpshús við horn Hringbrautar og Suðurgötu.

14. Fjelag íslenskra iðnfekenda sendir ályktanir aðalfundar í fjelaginu 27. þ.m., varðandi skort á rafmagni og vatni.

15. Borgarstjóra heimilað að semja við byggingarmeistarana Halldór Guðmundsson, Einar Kristjánsson, Gísla Þorleifsson og Óskar Eyjólfsson um að hafa umsjón með því að ljúka byggingu Laugarnesskólans á grundvelli brjefs þeirra dags. 28. þ.m.

16. Lagt fram brjef verðlagsstjóra, dags. 29. þ.m., með tilkynningu um að hann samþykki 45 aura verð pr. ferm. á gasi.

17. Bæjarráð ítrekar synjun sína á beiðni um rafmagnsheimtaug að Kópavogsbletti LI.

18. Fjelag afgreiðslustúlkna í brauða - og mjólkurbúðum fer, með brjefi 24. þ.m., fram á breytingu á reglugerð um lokunartíma brauða - og mjólkursölubúða.

19. Lagt fram eftirrit af dómi hæstarjettar í máli Þorsteins Bernharðssonar gegn bæjarsjóði (Sundhöll).

20. Samþ. að ráð Bjarna Ólafsson, Hrb. 182, sem 1. fl. raf - virkja með launum skv. VII. flokki.

21. Samþ. að ráða Guðjón Bjarnason Mímisv. 2 og Egil Þorsteinsson Ásv. 25 sem starfsmenn við spennistöðvagæzlu.

22. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að greiða Marísi Arasyni hámarkslaun skv. VIII flokki.

23. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að kaupa flutningabifreiðir í stað þeirra, sem Rafmagnsveitan á, enda verði þær þá seldar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson

H. Guðmundsson Helgi H. Eiríksson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, miðvikudaginn 5. apríl, kl. 10,15 f.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa eftirgreindum mönnum kost á leigulóðum til íbúðarhúsabygginga, enda verði hafist handa um bygginu á lóðunum fyrir 15. maí n.k. :

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| A. | Stefán Guðnason, Hring 120 | fær | Ásveg | 16 |
| | Jón L. Jóhannesson, Meðalh. 17 | - | Efstasund | 7 |
| | Katrín Guðmundsdóttir, Ant. 4 | - | - | 23 |
| | Jón Eiríksson, Laug. 54 | - | Hjallav. | 9 |
| | Magnús Scheving, Miðtúni 70 | - | - | 12 |
| | Sigurður Magnússon, Hring. 165 | - | - | 20 |
| | Þórarinn J. Wíum, Fjólug. 25 | - | - | 66 |
| | Arndís Einarsdóttir, Skarp. 18 | - | - | 68 |
| | Ingólfur Guðlaugsson, Lnv. 70 | - | Kambsv. | 13 |
| | Guðmundur Gunnlaugsson, Njál. 92 | - | - | 7 |
| | Gunnar Jónsson, Hörpug. 13 | - | Langh.v. | 5 |
| | Jónatan Jóhannesson, Langhv. 25 | - | - | 3 |
| | Guðlaug Guðjónsdóttir,Hellum/Vlstr. | | - | 7 |
| | Guðmundur Hjartarson, Óðinsg. 25 | - | - | 22 |
| B. | Haraldur Sigurðsson, Berg. 46 | - | Háteigsv. | 14 |
| | Atli Eiríksson, Hringbr. 81 | - | - | 16 |
| | Jón H. Kristjánsson og | | | |
| | Ólafur S. Kristjánsson, Efstas.12 | fá | Mjóuhl. | 8-10 |
| | Snorri Halldórsson, Gunn. 42 | fær | Flókag. | 27 |
| C. | Sigurður Waage, Lind. 9 | - | Grenimel | 11 |
| | Ólafur Magnússon, Templ. 3 | - | - | 13 |
| | Andrjes Bergmann og | | | |
| | Hólmgeir Jónsson, Ljósv. 24 | fá | - | 15-17 |
| | Ari Þorgilsson Hring.205 og | | | |
| | Arinbjörn Ó. Jónsson, Njál. 81 | - | - | 19 |
| | Guðmundur S. Gíslason, Víðim. 61 | fær | - | 21 |
| | Þórður Halldórsson, Sólv. 56 og | | | |
| | Gísli Jóhannsson, Hring. 174 | fá | - | 23-25 |
| | Tómas Vigfússon, Víðim. 57 og | | | |
| | Anton Sigurðsson,Bráv. 26 | - | - | 27-29 |
| | Jón Guðjónsson Suðurg. 18 og | | | |
| | Ólafur Jónsson,Brag.22 | - | - | 31-33 |
| | Björgvin Ólafsson, Vest. 57A o.fl. | - | - | 35-37 |
| | Aron Guðbrandsson, Sólv.11 | fær | - | 12 |
| | Alfred Rosenberg | - | - | 14 |
| | Oddgeir Jóhannsson,Háv. 53 og | | | |
| | Sig. Runólfsson,Lauf. 10 | fá | - | 16-18 |
| | Úlfar Bergsson og | | | |
| | Helgi Jónsson, Ljósv. 16 | - | - | 20-22 |
| | Haraldur Bjarnason og | | | |
| | Grímur Bjarnason, Bar. 59 | - | - | 24-26 |
| | Jón Ásgeirsson,Lauf.20 og | | | |
| | Ólafur Tryggvason,Víðim. 30 | - | - | 28-30 |
| | Aðalsteinn Sigurðsson og | | | |
| | Svavar Benediktsson, Tjarn. 48 | - | - | 32-34 |
| | Hans Þórðarson o.fl. Túng. 6 | - | - | 36-38 |

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H.Eiríksson Jón Axel Pétursson

Jakob Möller Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, þriðjudaginn 11. apríl, kl. 1 1/2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1 Lagðir fram og ræddir uppdrættir af skipulagi Reykjavíkur, einkum innan Hringbrautar:

Uppdráttur Skipulagsnefndar, dags. 30. júní 1943,

Uppdráttur Valgeirs Björnssonar og Einars Sveins - sonar, dags. í mars 1944, svo og ýmsir sjeruppdrættir af minni svæðum.

Kl. 4 1/2 e.h. var fundinum frestað og honum haldið áfram kl. 5,45 e.h., og þá enn rætt um framtíðarskipulag bæjarins innan Hringbrautar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller   Sigfús Sigurhjartarson   Guðm. Ásbjörnsso

Helgi H. Eiríksson   Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1944, miðvikudaginn 12. apríl, kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í skrifstofu bæjarverkfræðings, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lagðir fram að nýju og ræddir skipulagsuppdrættirnir, sem lágu fyrir bæjarráðsfundinum 11. þ.m.

Á fundinum mætti Skipulagsnefndin:

Geir G. Zoega vegamálastjóri, Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins og Emil Jónsson vitamálastjóri, svo og skrifstofustjóri nefndarinnar, Hörður Bjarnason. arkitekt.

Bjarni Benediktsson.

Helgi H. Eiríksson . Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson.

bandslaga-samningsins og um lýðveldisstjórnarskrána, sem fram fara 20.- 23. maí n.k.".

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller. Helgi H. Eiríksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurbjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, fimmtudaginn 13. apríl, kl. 1½ e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að gera eftirfarandi tillögu til bæjarstjórnar :
" Bæjarstjórn Reykjavíkur lýsir eindregnu fylgi sínu við þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og við lýðveldisstjórnarskrá Íslands.
Heitir bæjarstjórnin á alla Reykvíkinga, sem þess eiga nokkurn kost að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni um þingsályktunartillöguna og stjórnarskrána, og gjalda þeim atkvæði sitt.
Bæjarstjórnin ákveður, að af hálfu bæjarfélagsins verði eftir föngum greitt fyrir almennri þátttöku í atkvæðagreiðslunni og ályktar að kjósa fjögra manna nefnd á því skyni og skal hún hafa samvinnu við landsnefnd lýðveldiskosninganna."

2. Samþ. að gera svohlj. tillögu til bæjarstjórnar:
" Bæjarstjórnin ákveður, að greiða skuli úr bæjarsjóði allan óhjákvæmilegan kostnað við fyrirgreiðslu atkvæðagreiðslu reykvískra kjósenda hér í bæ um þingsályktun um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og lýðveldisstjórnarskrána."

3. Lagt fram bréf frá Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar á Íslandi, dags. 31. marz síðastl., um fyrirhuguð hátíðahöld á Þingvöllum 17. júní næstk., svo og bréf sömu nefndar, dags. 4. þ.m., um hátíðahöld hér í Reykjavík dagana 17. og 18. júní.
Svohljóðandi tillaga gerð til bæjarstjórnar með 4:1 atkv.:
" Bæjarstjórnin felur bæjarráði að tilnefna fulltrúa til samvinnu við Þjóðhátíðarnefnd um hátíðahöld hér í bæ í tilefni af stofnun lýðveldis á Íslandi."

4. Eftirfarandi tillaga gerð til bæjarstjórnar:
" Bæjarstjórnin felur bæjarráði að úrskurða kærur yfir gildandi alþingiskjörskrá. Ennfremur er bæjarráði falið að skifta kjósendum í kjördeildir og skipa undirkjörstjórnir við atkvæðagreiðslurnar um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslaga-samningsins og um lýðveldisstjórnarskrána, sem fram fara 20.- 23. maí n.k.".

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.
Jakob Möller. Helgi H. Eiríksson.
Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurbjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 14. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. II A fyrir kr. 5.000,-. Hafnað.

2. Samþ. að frú Guðrún Kaldal taki við erfðafesturjettindum að landinu Laugamýrarbletti XXIII, sem faðir hennar afsalar henni.

3. Synjað beiðni Sigurðar J. Veturliðasonar um leigulóð undir húsið Dalshús við Breiðholtsveg.

4. Synjað beiðni Kristjáns Guðmundssonar, Samtúni 42, um leigulóð undir íbúðarhús norðan Samtúns.

5. Lagt fram brjef frá garðyrkjuráðunaut bæjarins um kaup á trjáplöntum. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Samþ. að verða við beiðni Landnáms Templara að Jaðri, í brjefi dags. 31. f.m., um að fá skák til viðbótar landinu, svo og að reisa hús úr steinsteypu á landinu.

7. Samþ. að mæla með því að veita Búnaðarsambandi Kjalarnesþings sama styrk og að undanförnu, kr.1125,oo.

8. Erindi Yngva Jóhannessonar, Njálsg. 71 um rafmagnsheimtaug að sumarbústaði að Kópavogsbl. 80 vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

9. Samþ. að taka tilboði frá Silla og Valda í búðina nr. 149 við Hringbraut, dags. 12. þ.m., svo og gefa Axel Sigurgeirssyni kost á búðinni í húsinu Hringbraut 135 fyrir tilboðsverð hans kr. 58.000,-, en að öðrum kosti leita tilboða í þá búð að nýju.

10. Lagt fram brjef Georgs Þorsteinssonar skrifstofumanns hjá Gasstöðinni, dags. 28. f.m., með beiðni um flokkshækkun, svo og umsögn gasstöðvarstjóra, dags. 3. þ.m. Frestað til athugunar.

11. Lögð fram útskrift úr gerðabók yfirhúsaleigunefndar 5. þ m., leigumat á íbúðum í Höfðaborg. Ákveðið að innheimta leigu skv. yfirmatsgerðinni frá síðustu áramótum.

12. Lögð fram útskrift af dómi hastarjettar 20. f.m. í máli Páls Guðjónssonar fyrv. lögregluþjóns gegn bæjarsjóði og ríkissjóði.

13. Samþ. að húseign bæjarsjóðs Barónsstíg 4 (Barónsfjós) verði fengin Rafmagnsveitunni til eignar fyrir kr. 54.000,-, miðað við yfirtöku árið 1940. Lóðin verði áfram eign bæjarins og greiði Rafmagnsveitan sem svarar 5% af fasteignamati í lóðarleigu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram brjef frá starfsmannafjelagi Reykjavíkurbæjar, dags. 13. þ.m., með tilmælum um launahækkun og kjarabætur til handa föstum sorp - og gatnahreinsunarmönnum. Frestað til athugunar.

15. Lagt fram brjef frá Alþýðusambandi Íslands, dags. 11. þ.m., varðandi launakjör garðyrkjumanna í þjónustu bæjarins. Frestað til athugunar.

16. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 3. þ.m., varðandi kaup á steinsteypustólpum til götulýsingar í Höfðahverfi. Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

17. Rafmagnsstjóra heimilað að greiða Stefáni Karlssyni laun skv. 7. launaflokki.

18. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 4. þ.m.

19. Samþ. að taka á kjörskrá við alþingiskosningar Önnu Oddgeirsdóttur Lindargötu 21 f. 3. desbr. 1919.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson Helgi H.Eiríkss

Sigfús Sigurhjartarson Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, miðvikudaginn 19. apríl, kl. 2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að taka á alþingiskjörskrá Kjartan Friðberg Jónsson Óðinsgötu 20a f. 13/2 1919, eftir kæru Manntalsskrif - stofunnar.

2. Eftir kröfu bæjarstjórans á Seyðisfirði var samþykkt að fella niður nöfn eftirtalinna manna af alþingiskjörskrá:
   María Þorsteinsdóttir Guðr. 8 f. 24. maí 1914
   Friðjón Stefánsson, - - f. 12. okt. 1911
   Metúsalem Sigfússon, Hring.150f. 11. des. 1884,
   með því að þau eru á kjörskrá á Seyðisfirði. Hinsvegar var ekki tekin til greina krafa bæjarstjórans um að fella af kjörskránni Brynjólf Eirík Ingólfsson, Thorv. 4 og Helgu Þórdísi Benediktsdóttur Landsspítalanum, þar sem þau eru hjer í manntali, án athugasemdar um lögheimili og hafa ekki óskað þess sjálf að verða felld af kjör - skránni hjer.

3. Samþykkt að láta atkvæðagreiðslurnar 20. - 23. maí næstk. fara fram í Miðbæjarskólanum og að skifta kjósendum í 28 kjördeildir eftir stafrófsröð.

4. Samþ. að gera lóðarleigusamning um lóðina Flókagötu 16 við Andrjes Andrjeson Rauð. 38 og um lóðina Flókagötu 16a við Tryggve Andreassen Bar. 78 og Sigurjón Jónsson, Rauð. 42. Haraldur Hjálmarsson hefir afsalað sjer til - kalli til lóðanna.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson    Sigfús Sigurhjartarson    Jakob Möller

Helgi H. Eiríksson    Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, föstudaginn 21. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Múrarafjelagi Reykjavíkur, dags. 5. þ.m., með beiðni um ca. 10 ha. landssvæði undir sumarbústaði, í landi bæjarins. Vísað til landbúnaðarnefndar bæjarstjórnar til athugunar.

2. Beiðni um lóð undir byggingarefnisskúr frá Ingólfi Guðmundssyni Kjartansg. 1, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

3. Lagt fram brjef frá Knattspyrnuráði Reykjavíkur, dags. 12. þ.m., með tilkynningu um ályktun nýafstaðins knattspyrnuþings Reykjavíkur, varðandi breytingar á reglugerð um íþróttavöllinn á Melunum.

4. Lagt fram brjef frá stjórn Íþróttavallarins, dags. 14. þ.m., um endurbætur á vellinum.

5. Erindi Bjarna Bjarnasonar læknis um að fá land undir sumarbústað á eyðibýlinu Knútskoti, vísað til landbúnaðarnefndar til athugunar.

6. Erindi Alþýðusambandsins um launakjör garðyrkjumanna vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

7. Lagt fram brjef frá Æskulýðshallarnefnd, dags. 5. þ.m., með tilboði er nefndinni hafði borist um kaup á húseign til starfseminnar. Bæjarráð er á einu máli um, að hafna beri tilboðinu.

8. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra, varðandi rafmagnsheimtaug að Kópavogsbletti 80.

9. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn að gegn því að Elli - og hjúkrunarheimilið Grund láti reisa hús til vörugeymslu, þvottahús og til íbúðar fyrir starfsfólk ca. 1500 rúmmetra, verði borgarstjóra heimilað að breyta í óafturkræft framlag skuldina við Gamalmennahælissjóð (ca. kr. 172.000,oo) og bæjarsjóð (kr.50.000,-) Þessar fjárhæðir verði framlag bæjarins til Elliheimilisins, en falli í gjalddaga ef Elliheimilið verður ekki rekið skv. skipulagsskrá sinni. Er gert ráð fyrir, að heimilið taki 40 - 50 vistmönnum fleiri en nú, ef nýbyggingunni verði komið upp.

10. Lögð fram umsókn um rafmagnsheimtaug að býli hjá Lágafelli, ásamt umsögn rafmagnsstjóra. Ákvörðun frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leigja Stanga - veiðifjelagi Reykjavíkur laxveiðina í Elliðaánum nú í sumar, skv. tillögu í brjefi hans, dags. 3. þ.m.

12. Erindi baðhúsvarðar, dags. 18. þ.m., um endurbætur á baðhúsinu, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

13. Lagðar fram umsóknir um forstöðumannsstarf við vistheimili fyrir gamalmenni og sjúklinga, sem ætlað er að stofna í Arnarholti, Kjalarnesi. Vísað til framfærslunefndar til afgreiðslu.

14. Samþ. að gera leigusamning um lóð h.f. Trjesmiðjunnar á horni Brautarholts og Hörgsholts til 30 ára og leigan fyrstu 5 árin ákveðin 55 aurar pr. fermeter.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson — Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller — Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 28. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Brúarendabletti með húseign fyrir kr. 50.000,-. Hafnað.

2. Synjað erindum frá Einari Vilhjálmssyni og Eiríki Guðnasyni um 25 ára lóðaleigusamninga um lóðirnar við Sogaveg 120 og 142.

3. Lagt fram brjef frá stjórn Byggingarfjelags starfsmanna tollstjóraskrifstofunnar með beiðni um leigulóðir í grend við Undraland.

4. Samþ. að taka lóðina Kirkjuteig 19 af Þorkeli Þorleifssyni og gefa Geir F. Sigurðssyni Skarph. 6 kost á lóðinni.

5. Samþ. að gefa Camillu T. Hallgrímsson kost á lóðinni Mið - túni 7, sem Einar Kristjánsson afsalar tilkalli til.

6. Samþ. að gefa Haraldi Sigurðssyni Berg. 46 kost á lóðinni Hólsvegi 10, en jafnframt afsalar hann tilkalli til lóðarinnar Háteigsveg 14.

7. Synjað beiðni Breiðfjörðsblikksmiðju, o.fl. um iðnaðarlóð við Hringbraut, niður undan Selbúðum.

8. Lögð fram umsókn Tónlistafjelagsins, dags. 20. þ,m., um lóð undir Tónlistarhöll í Hljómskálagarðinum, við Njarðar - götu. Bæjarverkfræðingi og húsameistara falið að gera til - lögur um heppilega lóð undir slíka byggingu.

9. Lögð fram beiðni um byggingu á erfðafestulandinu Þvotta - laugabletti XV, ásamt teikningum af húsinu. Bæjarráð lítur svo á, að fyrirhuguð bygging sje mun stærri en fyrir bæjar - stjórn vakti að leyfa, þegar hún veitti samþykki sitt til byggingar á landinu hinn 13. janúar síðastl. og mælir því ekki með byggingarleyfisbrjefinu.

10. Lagt fram erindi frá íbúum í Blesugróf, og nágrenni, um vega gerð á svæðinu nú í vor. Falið bæjarverkfræðingi til at - hugunar.

11. Lagt fram brjef frá Aron Guðbrandssyni, Sólv. 11, með beiðni um að fá leigða lóðina nr. 10 við Grenimel. Vísað til at - hugunar bæjarverkfræðings.

12. Lagt fram brjef frá garðyrkjuráðunaut bæjarins um trjárækt á Austurvelli. Tillögur hans um trjáræktina samþykkir bæj - ráð fyrir sitt leyti.

13. Lagt fram brjef frá Rakarameistarafjelagi Reykjavíkur, dags 26. þ.m., þar sem farið er fram á, að samþykkt um lokunartíma rakarastofa hjer í bænum verði breytt í samræmi við sam - komulag fjelagsins við Rakarasveinafjelagið. Bæjarráð mælir með breytingartillögunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Borgarstjóra heimilað að greiða bætur til slökkviliðs - manns, er varð fyrir meiðslum við brunann á Hótel Ísland 4. febrúar síðastl., fyrir atvinnutjón hans, í samræmi við samkomulag er varð um slíka bótagreiðslu á árinu 1920 á milli borgarstjóra og slökkviliðsmanna.

15. Stjórn Fulltrúaráðs verklýðsfjelaganna sækir um leyfi til reksturs kvikmyndahúss hjer í bænum.

16. Lagt fram brjef frá Skógræktarfjelagi Íslands, dags. 26. þ. m., varðandi gróðursetningu trjáa í skrúðgörðum bæjarins og víðar, svo og brjef frá garðyrkjuráðunaut bæjarins um sama efni, dags. í dag. Garðyrkjuráðunautnum falið að gera nánari tillögur um þau efni er í brjefunum greinir.

17. Lagt fram brjef frá dóms - og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 25. þ.m., varðandi fyrirhugaða byggingu fæðingarheimilis. Borgarstjóra falið að hefja samninga við ríkisstjórnina um málið.

18. Lagt fram brjef frá Fjelagsmálaráðuneytinu, dags. 21. þ.m., með tilkynningu um að ráðuneytið hafi skipað Sigurð Sigurðsson berklayfirlækni og Kristjón Kristjónsson skrifstofu - mann í framkvæmdanefnd til að sjá um sumardvalir barna úr Reykjavík nú í sumar.

19. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 25. þ.m.

20. Lögð fram brjef frá Inginar Jóhannessyni formanni Æsku - lýðshallarnefndar, dags. 25. og 27. þ.m., með tilkynningu um möguleika til kaupa á húsi til starfseminnar. Bæjarráð telur ekki fært að hugsað verði um þau kaup.

21. Lagðar fram umsóknir um gæzlustörf við barnaleikvelli. Borgarstjóra falið að ráða 4 konur til starfanna.

22. Útsvarsmálum Dags Óskarssonar og Ásmundar Daníelssonar vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson  Sigfús Sigurhjartarson  Valtýr Stefánsson

Helgi H. Eiríksson  Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð

Ár 1944, þriðjudaginn 2. maí, kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

Rætt um á hvern veg bæjarstjórnin geti greitt fyrir byggingu íbúðarhúsa í bænum.

Ákveðið að biðjast viðtals við ríkisstjórnina um málið.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.
Jakob Möller. Jón Axel Pétursson.
Helgi H. Eiríksson.

5. Lagt fram brjef frá garyrkjuráðunaut bæjarins, dags. 5. þ.m., tillögum um framkvæmdir við tjáplöntun í skrúðgörðum bæjari[...] Bæjarráð fellst á tillögurnar.

6. Lögð fram tillaga frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins, varðan[...] húsnæðismál Gagnfræðaskóla Reykjavíkur, er var vísað til bæj[...] ráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, laugardaginn 6. maí, kl. 10 1/2 f.h., hjelt bæjar ráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að taka eftirtaldar lóðir af þeim, sem áður höfðu fengið vilyrði fyrir lóðunum: Ásvegur 10, Kambsvegur 21, Hjallavegur 37 og 48. Ennfremur tilkynna Kristjáni Friðrikssyni að lóðin Efstasund 4 verði tekin undir byggingu.

2. Samþ. eftirfarandi úthlutun byggingarlóða, með skilyrði um bygg ingarframkvæmdir fyrir 15. júní næstk.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Guðjón Sigurðsson, Amt 5 | fær | Ásveg | 10 |
| Jón Einarsson, Ásv. 18 | - | Efstasund | 4 |
| þegar tilkynning er getur í 1. lið hefir verið send. | | | |
| Sigurbjörn Björnsson, Hverf. 102B | fær | Hjallaveg | 4 |
| Ríkarður Ingibergsson, Berg. 59 | - | - | 8 |
| Óskar L. Ágústsson, Njarð 31 og | | . | |
| Guðmundur Guðjónsson, Laug. 99A | fá | - | 14 og 16 |
| Þorsteinn Erlingsson, Grett. 73 | fær | - | 15 |
| Einar Ermenreksson, Laug. 42 | - | - | 22 |
| Vilhjálmur Sigurjónsson, Frakk. 12 | - | - | 24 |
| Stefán Bjarnason, Sóleyj. 15 | - | - | 26 |
| Einar Guðmundsson, Fagradal | - | - | 38 |
| Jón Sæmundsson, Ásv. 4 | - | Kambsveg | 21 |
| Arinbjörn E. Kúld, Miðtún 64 | - | Kleppsveg | 98 |
| Hallvarður Árnason o.fl. Fálk. 23 | fá | Langh.v. | 16 - 18 |
| Gunnar Gissursson, Lauf. 53 | fær | Kirkjuteig | 16 |
| Björgvin Ólafsson ofl. Laugarnesv. 58 | fá | Miklubraut | 4 - 8 |
| August Hakansson, Langhv. 51 | fær | Mjóuhlíð | 6 |
| Sigurður Schram, Lauf. 19 | - | - | 4 |
| Ólafur Magnússon, Grett. 50 | - | lóð við Stórholt | |
| Sigurður Jónsson, Skeggjag. 25 | - | - - | - |
| Kjartan Ólafsson, Rán. 15, | | | |
| Aðalsteinn Sigurðsson, Meðalh. 12, | | | |
| Loftur Hjartar, Lágh. 2 og | | | |
| Sveinbjörn Þórhallsson, Hringbr. 173 | fá | Grenimel | 35 - 37. |

Jafnframt afsalar Stefán Bjarnason sjer tilkalli til ló[ða] 4 og 6 (áður 6 og 8 ) við Mjóuhlíð. Björgvin Ólafsson o.fl. a[fsala] sjer tilkalli til lóðanna nr. 35 - 37 við Grenimel.

3. Lagt fram brjef frá atvinnu - og samgöngumálaráðuneytinu, dag[s.] 29. f.m., með tilmælum um að bæjarstjórn tilnefni menn í mjó[lkur]sölunefnd.

4. Samþ. að mæla með því að leyft verði að byggja bráðabirgðahú[s á] erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XV, skv. uppdrætti Þóris Baldvinssonar, dags. í maí 1944.

5. Lagt fram brjef frá garyrkjuráðunaut bæjarins, dags. 5. þ.m., tillögum um framkvæmdir við tjráplöntun í skrúðgörðum bæjari[ns]. Bæjarráð fellst á tillögurnar.

6. Lögð fram tillaga frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins, varðan[di] húsnæðismál Gagnfræðaskóla Reykjavíkur, er var vísað til bæj[ar]ráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Lögð fram tillaga Guðrúnar Jónasson og Katrínar Pálsdóttur, er var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Reykjavík, Ákveðið að láta semja frumvarp í samræmi við tillögurnar og leggja fyrir næsta bæjarstjórnarfund, en að öðru leyti tekur bæjarráð ekki afstöðu til málsins. Lagt fram brjef frá Bakarameistarafjelaginu dags. 28. f.m., með mótmælum gegn þessum fyrirhuguðu breytingum.

8. Lagðar fram skýrslur um starfsemi Ráðningarstofunnar í mars-apr þ.á.

9. Bæjarráð ítrekar ákvörðun sína um að synja beiðni um 25 ára lei samning um lóðina Sogaveg 142.

10. Boðinn forkaupsrjettur að leigulandinu Árbæjarbletti 47 fyrir kr. 4000,- Hafnað.

11. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XLV fyr kr. 7000,-. Hafnað.

12. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXII fyrir kr. 36.500,- Hafnað.

13. Gísli Sveinsson, Ásveg 15, sækir um leigulóð með nefndu húsi. Vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

14. Synjað beiðni Hermanns Kristjánssonar, Höfðaborg 48, um lóðar - samning um lóð undir fisksöluskúr við Samtún.

15. Synjað erindi Sigurðar Árnasonar um kaup á húseigninni Bergi vi Suðurlandsbraut.

16. Synjað erindi frá Kristjáni Ó. Sveinssyni um byggingu húss úr vikurholsteini á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXIV.

17. Bæjarverkfræðingi falið til afgreiðslu erindi frá sóknarnefnd Laugarnessprestakalls um afhendingu á lóð fyrir Laugarnesskirk

18. Borgarstjóra heimilað að leigja h.f. Fylki Álfheimastöðina.

19. Bæjarráð getur ekki veitt samþykki sitt til þess að leigja megi undir sumarskýli 200 - 300 ferm. lóð úr erfðafestulandinu Bústaðabletti XIX.

20. Synjað beiðni frá Dagbjarti Lýðssyni, Víðimel 69, um lóð undir sumarbústað í Breiðholtslandi.

21. Lögð fram áskorun frá bifreiðastjórafjelaginu Hreyfli um endurbætur á götum bæjarins.

22. Lagt fram brjef frá Lögreglufjelagi Reykjavíkur, dags. 4. þ.m. með tilboði um að fjelagsmenn grafi sjálfir fyrir holræsi frá byggingarlóðum, er þeir sækja um. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

23. Bæjarverkfræðingi falið til afgreiðslu að láta útbúa garða við Vesturbæinn, eftir því sem tök eru á.

24. Lagt fram tilboð h.f. Almenna Byggingarfjelagsins, dags. 5. þ.m., um götulagningu í bænum. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Samþ. að tilnefna Tómas Jónsson borgarritara sem fulltrúa bæjarráðs til samvinnu við Þjóðhátíðarnefnd um hátíðahöld hjer í bænum í tilefni af stofnun lýðveldisins.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

Sigfús Sigurhjartarson Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráð.

Ár 1944, miðvikudaginn 10. maí, kl. 10½ f.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu :

   Vegna fyrirsjáanlegra útgjaldaauka bæjarsjóðsins á yfirstandandi fjárhagsári vegna hækkaðs kaupgjalds og hækkandi verðlags, ákveður bæjarstjórn að útsvör eftir efnum og ástæðum skv. tekjulið VIII í fjárhagsáætlun bæjarins árið 1944 verði hækkuð um kr. 2.5 miljónir.

Sigfús Sigurhjartarson bar fram eftirfarandi breytingartillögur :

1. Framan við tillöguna bætist:

   Bæjarstjórnin ákveður að reisa hundrað eins til tveggja herbergja íbúðir á þessu ári, og selja þær á leigu. Vegna þessara framkvæmda og.........................

2. Aftan við tillöguna bætist :

   Bæjarstjórn telur æskilegt, að þessi ákvörðun verki ekki til hækkunar lægstu útsvara.

Jón A. Pétursson lýsti því yfir, að hann myndi bera fram tillögu í málinu á bæjarstjórnarfundi í dag.

Atkvæðagreiðsla um tillögurnar í bæjarráði fór þannig:

Fyrri brt. Sigfúsar Sigurhjartarsonar fékk stuðning eins bæjarráðsmanns, en mótatkvæði 3ja.

Síðari brt. hans fékk stuðning 2ja bæjarráðsmanna, en mótatkv. 2ja.

Tillaga borgarstjóra óbreytt fékk stuðning 3ja bæjarráðsmanna gegn atkvæðum 2ja.

Málinu vísað til bæjarstjórnar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson. Helgi H. Eiríksson.
Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð

Ár 1944, föstudaginn 12. maí, kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilboð h.f. Almenna Byggingarfélagsins, dags. 5. þ.m., um gatnagerð hér í bænum í ákvæðisvinnu. Bæjarverkfræðingi heimilað að semja við félagið um lagningu Sóleyjargötu. Er ætlast til að ákvæðisvinnusamningurinn verði endurskoðaður eftir 1 - 2 mánuði.

2. Lögð fram áskorun fundar í Reykvíkingafélaginu 7. marz síðastl., um að taka til almenningsnota og prýða gamla kirkjugarðinn við gatnamót Aðalstrætis og Kirkjustrætis.

3. Lögð fram áætlun húsameistara bæjarins um kostnað við breytingu og viðgerð á íbúðarhúsi og hlöðu í Arnarholti á Kjalarnesi, til þess að þar megi hafa vistheimili. Samþ. að fela Tómasi Vigfússyni húsasmíðameistara að sjá um framkvæmdirnar, undir umsjón húsameistara.

4. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings um fund, er hann sat 7. þ.m. í Fiskiræktar- og veiðifélagi Úlfarsár.

5. Beiðni Stefáns Lárussonar, Blesugróf, um vatnsæð að húsi hans, vísað til vatnsveituforstjórans til afgreiðslu.

6. Erindi Rafmagnsveitunnar um lóðir undir spennistöðvar við Langholtsveg vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

7. Lagt fram bréf frá forstjóra hitaveirunnar, dags. í dag, með tillögum um breytingar á gjaldskrá hitaveitunnar. Bæjarráð mælir með breytingunum

8. Forstjóra hitaveitunnar heimilað að ráða einn mann enn til vélagæzlu við dælustöðvar hitaveitunnar.

9. Húseigendur við Miklubraut æskja þess, að hitaveita verði lögð í götuna nú í sumar. Lögð fram umsögn hitaveituforstjórans um erindið.

10. Samband ísl. berklasjúklinga fer þess á leit, í bréfi, dags. 11. þ.m., að fyrirhugað vinnuheimili berklasjúklinga á Reykjum fái afnot rafmagns og heits vatns frá fyrirtækjum bæjarins. Frestað til athugunar.

11. Synjað erindi frá Kristinu Guðmundsdóttur, Gróðrarstöðinni, um vatn frá hitaveitunni til upphitunar á gróðurhúsum.

12. Lagt fram bréf frá húsbyggingarsjóðsnefnd Íþróttafélags Reykjavíkur, dags. 9. þ.m., þar sem farið er fram á 250 þús. kr. styrk úr bæjarsjóði til húsbyggingar félagsins á lóð við Sölvhólsgötu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Samþ. eftirfarandi úthlutun byggingarlóða, með skilyrði um að framkvæmdir verði hafnar fyrir 20 júní næstk.:

Tyrfingur Þórarinsson og Klemens Þorleifsson fá Hjallaveg 1
Sveinn G. Gíslason, Skól.42 fær - 48
Guðm. H. Jónsson, Sogabl,6 - Efstasund 15,
enda verði sú lóð tekin af Einari Skúlasyni.

14. Lagt fram bréf frá Lárusi Fjeldsted yngra með tilboði um sölu á skólatöflum til notkunar í Laugarness- og Melaskólum.
Falið húsameistara til afgreiðslu.

15. Samþ. að ráða Stefán H. Stefánsson sem fastan starfsmann bæjarins ( á manntalsskrifstofunni).

16. Samþ. að heimila borgarstjóra að ráða mann til aðstoðar endurskoðanda bæjarins.

17. Borgarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu til bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn Reykjavíkur mun veita leyfi til reksturs kvikmyndahúsa hér í bænum hverjum þeim, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Hefir skv. landslögum leyfi til atvinnureksturs hér á landi.

2. Hefir húsnæði, sem að dómi bæjarstjórnar og annara réttra stjórnvalda, er til þess hæft, að hafa þar kvikmyndasýningar fyrir almenning.

3. Samþykkir að greiða í bæjarsjóð fast gjald af hverju sæti í sýningarsal, svo sem það verður, ákveðið af bæjarstjórn á hverjum tíma.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jakob Möller.

Helgi H. Eiríksson.
Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, föstudaginn 19. maí, kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að leyfa byggingu annars hænsnahúss á erfðafestulandinu Bústaðabl. XII, eftir beiðni Guðlaugs Ásgeirssonar, dags. 5. þ.m., með því skilyrði að húsið verði tekið burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVIII, með húseigninni Vesturási, fyrir kr. 90.000.-. Hafnað.

3. Erindi Einars Eyjólfssonar, Týsg. 1, varðandi sölu á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. IV, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Erindi Ingjalds Jónssonar, Miðtúni 62, um lóð undir þurkskýli vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Samþ. að heimila Högna Halldórssyni, Kleppsmýrarbl. 12, að reisa íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. VIII.

6. Bæjarverkfræðingi falið að athuga erindi frá Byggingarsamvinnufél. Prentara varðandi lóðir undir fyrirhugaðar byggingar félagsins.

7. Samþ. að gefa Íþróttafélagi Reykjavíkur eftir skuld við bæjarsjóð fyrir malbikun á tennisvöllum félagsins á Íþróttavellinum.

8. Synja erindi Jóns Gíslasonar, Sjafn. 7 o.fl., um lóðarleigusamning um verksmiðjulóð við Sogaveg.

9. Erindi frá Knattspyrnuráði Reykjavíkur, dags. 17. þ.m., um breytingu á reglum um stjórn Íþróttavallarins, vísað til stjórnar vallarins til umsagnar.

10. Borgarstjóra falið að láta hverfa af Lækjartorgi skóburstunarskúr, sem þar er nú.

11. Samþ. að taka tilboði Karls Kristinssonar ( Björnsbakarí) um kaup á búðinni í húsinu Hringbraut 135 fyrir kr. 65.000.-.

12. Lagt fram bréf frá Jóni Ágústssyni, Lind. 11, með kvörtun yfir því að íbúð hans verði óhæf vegna nýlagningar götunnar. Falið borgarstjóra til athugunar.

13. Bæjarráð synjar að svo stöddu erindi frá Samúel Torfasyni, Harry V. Schrader og Helga Vigfússyni um rafmagnsheimtaugar að bústöðum þeirra í Digraneslandi.

14. Lagt fram bréf frá fræðslumálastjórninni, dags. 16. þ.m., með fyrirspurn þess efnis, hvort Reykjavíkurbær vildi leggja barnaskólahúsi við Ljósafoss til ókeypis rafmagnsnot. Bæjarráð styður ekki málaleitunina.

15. Samþ. að leggja miðstöðvarlögn í skólahúsnæði Gagnfræðaskólans í Frakkneska spítalanum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Erindi Gagnfræðaskólans, dags. 11. þ.m., um aukið skólahúsnæði, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

17. Erindi barnavinafélagsins Sumargjafar, dags. 19. þ.m., um aðgerð á skólpæð frá Vesturborg svo og aðgerð á lóðum við Suðurborg, vísað til bæjarverkfræðings til meðferðar.

18. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, með 3:1 atkv., að S.f. Nordalsíshús megi fá frystihúshurðir, sem eru í kælihúsinu á Korpúlfsstöðum, gegn því að setja aðrar hurðir jafngóðar í staðinn, innan hæfilegs frests, er borgarstjórinn setur.

19. Samþ. með 3:2 atkv. að sameina lóðirnar nr. 32 og 34 við Grenimel í eina byggingarlóð.

20. Lagt fram bréf frá h.f. Ingólfi B. Guðmundssyni & Co., dags. 19. þ.m., þar sem firmað býðst til að taka að sér gatnagerð fyrir bæinn á sama grundvelli og h.f. Alm. Byggingarfélagið. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

21. Samþ. að greiða föstum verkamönnum bæjarins laun skv. IX. flokki launasamþykktarinnar, en bílstjórum skv. VIII. launaflokki. Þetta kaup greiðist frá og með marzmánuði þ.á. Málefninu að öðru leyti vísað til frekari athugunar borgarstjóra.

22. Lagt fram bréf frá stjórn Byggingarfélags verkamanna, dags. 11. þ.m., þar sem skýrt er frá því, hvað félagið telji nauðsynlegt að gera, til þess að ráðast í frekari byggingarframkvæmdir.

23. Lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 17. þ.m., þar sem svarað er bréfi borgarstjóra 2. þ.m., varðandi stofnun og rekstur fæðingarheimilis hér í bænum.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson.

Jakob Möller. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## BÆJARRÁÐ.

Ár 1944, miðvikudaginn 24. maí, kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Útsvarsmál: Andersen, Guðrún db., Bald.14, Hannes K. Björnsson db., Leynimýri, Helgi Guðmundsson db., Skeggjagötu 6, Magnús Gíslason db., Lauf. Suðurpól, Maríás Ísleifsson db., Berg. 9 a, Ottesen,Jóhann M. db.,Lvg. 134, Sighvatur Jónsson,db.,Tryggvag.39, Sigurður Einarsson db., Ásvallag. 11, Sigurður P.N. Sigurðsson, db., Sólv. 5 A, Valdimar Bjarnason db., Óðinsgötu 15, Vigfús Sigurðsson db.,Grund. 4, Vilhjálmur A. Torfason, db., Höfðaborg 61, Bjarni Bjarnason, Görðum, Einar Þorkelsson, Hringbr. 150, Guðm. K. Bjarnason, Njg. 40, Magnús Guðmundsson, Þjórsárgötu 1, Pétur G. Stefánsson, Mýrargötu 7, Óli S. Baldvinsson, Freyjugötu 3 A, Alfred Elíasson, Víf. 1, Thorberg,Einarsson, Framnesv. 8, Ari Guðmundsson, Grundarstíg 12, Teitur J.Júlinínusson, Suð. 35, Ólafur Guðmundsson, Meðalholt 21, Ásbjörn Magnússon, Grjót. 14, Ólafur B. Ólafs, Rán. 29, Ástráður Björnsson, Njarð. 91, Álfur Helgason, Lvg. 44, Haraldur Sigurðsson, Skarphéðinsg. 8, Kristinn Jóhannsson, Hverfisg. 125, Aðalheiður Benediktsdóttir, Lvg. 70 B, Anna S. Magnúsdóttir, Skólav.st. 45, Sæmundur Þórðarson, Tjarn. 10, Finnur Kristinsson, Skólav. st. 29, Magnús B. Pálsson, Bergþ. 14 A, Ólafur Benediktsson, Túng. 43, Halldór Þórhallsson, Eiði, Kristján B. Guðmundsson, Rán. 44, Sportvörugerðin, Guðmundur Sveinbjörnsson, Laugarnesv. 82, Ástríður Jónsdóttir, Grænuhlíð, Hörður H. Karlsson, Ásv. 29, Jósef Halldórsson, Hraunteigi 12, Sólveig Daníválsdóttir, Hringbr. 150, Jón Eiríksson, Lvg. 86, Þorsteinn Sigurðsson, Þórsg. 8, Guðbjörg Ingvarsdóttir, Hvg. 26, Jóna Guðmundsdóttir, Kópavogi, Ólína Þorvaldsdóttir,Balbos-Camp,Kleppsh., Anton G. Axelsson, Hringbr. 76, Ragnar Guðjón Karlsson, Lind. 43, Guðmundur Torfason, Fram. 17, Bótólfur Sveinsson, ,Breiðh. v/Laufásveg, Rögnvaldur Jónsson, Berg. 53, Sveinn Magnússon, Njg. 51, Theódór Jakobsson, db.,Fjöln., Sigurður Gíslason lögr.þj., Esther Sigurbjarnardóttir, Víð. 34, Sigurður Ingólfsson, Samtúni 28, Sigurjón Jóhannesson, Skúlatúni 6, Sigurður Hafstað,Stúdentagarðinu, Hallgrímur Aðalbjörnsson, Freyjug. 25, Páll Þórðarson, Óð. 28, Indriði Halldórsson, Lok. 6, Svanborg Guðmundsdóttir, Hringbr.110, Stefán Jónsson, Háteigsv. 9, Olíuhreinsunarstöðin, Sigurbergur Pálsson, Háteigsvegi 11.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðrún Jónasson. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson. Helgi H. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

1944, föstudaginn 26. maí,kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í undarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

Samþykkt að heimila hitaveituforstjóranum, í samráði við borgarstjóra, að ráða pípulagningamenn við Vatns- og Hitaveituna, er verði settir til starfa fyrst um sinn.

Samþ. að heimila Þorkeli Einarssyni að byggja ca. 45 ferm. íbúðarhús á Krossamýrarbl. 14, en að öðru leyti haldist skilmálar um byggingar á landinu óbreyttir.

Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbl.XXXVIII með sumarhúsi fyrir 10.000.- kr. Hafnað.

Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXIX fyrir kr. 40.000.-. Hafnað.

Erindi Ásgeirs Magnússonar og Gissurar Kristjánssonar varðandi byggingu á erfðafestulandinu Sogamýri 8 vísað til borgarstjóra til meðferðar.

Borgarstjóra heimilað að leigja Jóni Gíslasyni og Gunnlaugi J.Briem lóð við Sogaveg undir verksmiðjuhús til tveggja ára.

Erindi frá íbúum við Laugarnesveg um gangveg niður að Þvottalaugunum vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

Samþ. að leyfa Ásgeiri Þorsteinssyni að reisa sorpvinnsluskúr við lýsisstöðina á Kletti.

Borgarstjóra heimilað að greiða bætur til þeirra garðleigjenda á Melunum, sem garðar voru teknir af, en höfðu borið í þá áður.

0. Samþ. að banna bílastæði og bílaafgreiðslur, þar sem nú eru stöðvarnar: Bifreiðastöð Reykjavíkur, Litla bílstöðin, Aðalstöðin, Hekla og Þróttur. Komi bannið til framkvæmda 1. oktbr. næstk.
Bæjarverkfræðingi jafnframt falið að setja nákvæm fyrirmæli um, að - og útkeyrslu bíla á stæðum þeim, sem aðrar bifreiðastöðvar hafa í bænum.

1. Lagt fram bréf frá verkamannafél."Framsókn", dags. 11.þ.m., með tilkynningu um breytingar á samningum félagsins við Vinnuveitendafélag Íslands. Bæjarráð telur sjálfsagt að fylgja hinum breyttu samningsákvæðum.

2. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að verkamannafél. Dagsbrún fái forkaupsrétt að girðingarefni, er um ræðir í bréfi félagsins, dags. 25. þ.m.

3. Lagt fram bréf frá Valgeiri Björnssyni og Erling Ellingsen, dags. 25.þ.m., með skýrslu um athugun á eignum h.f. Strætisvagna Reykjavíkur.

4. Lagt fram bréf frá stjórn S.Í.S., dags. 22. þ.m., varðandi íþróttasvæðið í Laugardalnum.

5. Bæjarráð ítrekar að svo stöddu synjun sína um heimtaug að hænsnabúi hjá Lágafelli í Mosfellssveit.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf, dags. 19. þ.m., frá nefnd er skipuð var 27. jan. síðastl., til að athuga og gera tillögur um endurbætur á skemmtanalífi og veitingastöðum bæjarins.

17. Lagt fram bréf frá viðskiftamálaráðuneytinu, dags. 19. þ.m., þar sem skýrt er frá erfiðleikum við útvegun kola frá útlöndum.

18. Samþ. að áfrýja dómi bæjarþings 30. marz í máli Odds Kristjánssonar gegn borgarstjóra f.h. bæjarsjóðs.

19. Lagt fram bréf frá Félagsmálaráðuneytinu, dags. 22. þ.m., varðandi húsbyggingar í Reykjavík.

20. Sigfús Sigurhjartarson bar fram svohljóðandi tillögu: Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að fallist verði á tillögur byggingarmálanefndar Reykjavíkurbæjar frá 30 marz þ.á, og ákveði að láta reisa þær 100 íbúðir, sem þar um ræðir á þessu ári.

21. Eftirfarandi lóðarúthlutun samþykkt, með fresti til að hefja byggingarframkvæmdir til 1. júlí næstk.:

Jónas Th. Guðmundsson, Grett. 39 B fær Hjallaveg 19
Guðbrandur Magnússon f.h.
Kjartans Guðbrandssonar - - 7
Jón Guðjónsson, Gunnarsbr. 28 - Grenimel 28-30,
sem Jón Ásgeirsson o.fl. afsala sér.

Bjarni Guðbjörnsson, Lvg. 98 - - 13,
sem Oddur Sigurðsson afsalar sér.

22. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti teikningar er Sjávarútvegsnefnd bæjarstjórnar hefir látið gera af mótorfiskiskipi.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Gunnar Thoroddsen. Jakob Möller.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, föstudaginn 2. júní, kl. 5 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Að fenginni umsögn forstjóra vatnsveitunnar var ákveðið að synja erindi frá Brynhildi Ólafsdóttur, Sólhóli við Suðurlandsbr., um lagningu vatnsæðar að húsi hennar.
2. Erindi frá Brynjólfi Benediktssyni, Njg. 8 A, dags. 16.maí, varðandi hitaveitugjald vísað til hitaveituforstjórans til afgreiðslu.
3. Samþ. að leyfa viðbótarbyggingu úr steinsteypu við íbúðarhúsið á erfðafestulandinu Sogamýri III (Hlíðarhvammur).
4. Samþ. að leyfa viðbótarbyggingu úr vikursteini á erfðafestulandinu Sogabletti 10.
5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að erfðafestulandið Sogamýrarbl. XXXII verði óskift sameign Gísla Jóhannessonar og sonar hans Ingólfs Sverris Gíslasonar, Grett. 27.
6. Bæjarráð samþ fyrir sitt leyti, að reist verði einlyft varðmannshús á leigulandi h.f. Nafta í Vatnagörðum, enda gildi um bygginguna skilmálar þeir, sem um önnur mannvirki á landinu eru settir í leigusamningnum.
7. Lögð fram greinargerð íþróttafulltrúa bæjarins, dags. 1.þ.m., um skipulag íþróttavalla.
8. Lagt fram bréf íþróttafulltrúa bæjarins, dags. 1.þ.m., þar sem skýrt er frá því, að knattspyrnufél. Víkingur sæki um svæði til æfingavallar í Vatnsmýrinni.
9. Lögð fram umsögn íþróttafulltrúa bæjarins, dags. 1. þ.m., um erindi Knattspyrnufélagsins Fram um æfingavelli við Miðtún og Nóatún.
10. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 30.f.m., varðandi nauðsynlegar umbætur á svæðinu norðan við íþróttavöllinn. Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.
11. Lögð fram áskorun frá Ásbirni Ólafssyni o.fl. um hellulagningu á gangstétt við Klapparstíg, milli Grettisgötu og Njálsgötu.
12. Lagt fram bréf frá rektor Háskólans, dags, 26. f.m., þar sem óskað er ákvörðunar um, hvar reisa beri fyrirhugað fimleikahús á háskólalóðinni. Samþ. að óska eftir nánari greinargerð um fyrirhugað skipulag lóðarinnar.
13. Lögð fram útskrift af dómi bæjarþings Reykjavíkur 6.f.m. í máli Einars Kristjánssonar gegn borgarstjóra f.h. bæjarsjóðs.
14. Lagt fram umburðarbréf frá fjármálaráðuneytinu, dags. 24. f.m., til þeirra sem leigt hafa setuliði Bandaríkjanna lönd, lóðir eða lóðaréttindi.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson — Sigfús Sigurhjartarson.

Jón Axel Pétursson. — Jakob Möller.

Helgi H. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARSTJÓRN REYKJAVÍKUR.

9. júní 1944.

Ár 1944, föstudaginn 9. júní, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Eftirfarandi lóðaúthlutun samþykkt, með þeim skilmálum, að hafin verði bygging á lóðunum fyrir 10. júlí næstk.:

| | | |
|---|---|---|
| Kristján F. Guðmundsson, Sólstöðum, | fær | Kambsveg 11. |
| Björgvin Þórarinsson | " | Efstasund 9. |
| Einar Guðbjartsson, Höfðaborg 33 | " | Hjallaveg 15. |
| Gunnar Þorvarðsson c/o Viðtækjaverzlunin | " | " 37. |
| Þorsteinn Magnússon, Kleppi | " | " 40. |
| Björn Þorsteinsson, Höfðaborg 57 | " | " 54. |
| Páll Jónsson, Baldursg. 28 | " | " 56. |
| Ofnasmiðjan h.f. | " | Háteigsveg 14. |
| Kristján Guðmundsson, Samtúni 42 | " | Hátún 41, |

enda sjái hann fyrir ræsi frá húsinu.

2. Synjað beiðni Steinþórs Stefánssonar um leigulóð með húsinu Steinum við Breiðholtsveg.

3. Boðinn forkaupsrjettur að leigulandinu Árbæjarbletti 56 fyrir kr. 1000.- Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti III fyrir kr, 30.000.- Hafnað.

5. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti IIII fyrir kr. 9500.- Hafnað.

6. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXIII fyrir kr. 25000.- Hafnað.

7. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XV fyrir kr. 61000.- Hafnað.

8. Synjað beiðni um byggingu vinnuskúrs o.fl. á erfafestulandinu Fossvogsbletti XXIV.

9. Samþ. að leyfa byggingu íbúðarhúss úr steini á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXII.

10. Bæjarverkfræðingi heimilað að leigja Landssmiðjunni til bráðabirgða, lóð undir geymslu við Elliðaár.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lagt fram bréf frá Skipulagsnefnd, dags. 17. f.m., varðandi framtíðarskipulag á svæðinu umhverfis Þóróddsstaði við Reykjanesbraut.

12. Lagt fram bréf frá Hf. Egill Vilhjálmsson, dags. 6. sm., með beiðni um að fá hornlóð við Laugaveg og Hringbraut til iðnreksturs. Vísað til umsagnar skipulagsnefndar og skipulagsmanna bæjarins.

13. Lagt fram bréf frá sjávarútvegsnefnd bæjarstjórnar, dags. 30 f.m., ásamt greinargerð um útgerð Ingvars Vilhjálmssonar á síðastl. vetri. Bréfinu vísað til hafnarstjórnar með meðmælum bæjarráðs.

14. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti afsal á Fálkagötu 24 til Karls Þórhallssonar, enda haldi áhvílandi kvöð á húsinu fullu gildi.

15. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að Unnur Briem teiknikennari við miðbæjarskólann fái ársfrí til utanfarar, til framhaldsnáms, með fullum launum.

16. Beiðnum um leyfi til veitingareksturs á Vesturgötu 48 og á Laugaveg 72 vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

17. Synjað erindi frá Ragnari Péturssyni, Lvg. 27, um leyfi til að hafa götusölu á matvælum úr bifreið.

18. Borgarstjóra heimilað að ráða menn til næturvörzlu í hótel Heklu.

19. Synjað beiðni frá Axel Cortes um leigu á húsnæði til iðnreksturs í hótel Heklu.

20. Beiðni Gróu Jóhannesdóttur um leyfi til veðsetningar á húsinu Frakkastíg [illegible] vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

21. Samþ. að mæla með þessum beiðnum um styrk, úr Styrktarsjóði Hjálmars Jónssonar: Þórunnar F. Þorsteinsdóttur, Sigríðar Þorsteinsdóttur, Kristínar S. Hafliðadóttur, Kristjönu Hálfdánardóttur, Jónínu Einarsdóttur.

22. Lagt fram bréf frá Sigurði Sveinssyni, garðyrkjuráðunaut bæjarins, með tillögum um að bærinn stofni garðyrkjustöð hér í bænum. Ráðunautinum falið að gera ítarlegar tillögur um stofnun stöðvarinnar.

23. Synjað erindum frá nokkrum starfsmönnum við barnaskólana um að fá skipun sem fastir starfsmenn.

24. Lögð fram tillaga frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 1. þm., varðandi breytingar á lögum um verkamannabústaði og lögum um byggingarsamvinnufélög, í því skyni að örfa byggingaframkvæmdir skv. þessum lögum. Ákveðið að tillagna frá þeim félögum, sem nú starfa hér skv. framangreindum lögum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Lagt fram bréf frá heilbrigðisfulltrúa, dags. 8. þm., með skýrslu um athugun hans á að fá smíðuð sorpílát handa húseigendum, svo og skýrsla um sorphreinsunina í bænum frá 1930-1944.

26. Lagt fram bréf frá A.S. Höjgaard & Schultz, dags. 27. fm., með greinargerð um hitaveituframkvæmdirnar á síðastl. vetri. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

27. Lagt fram bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 1. þm., með svari við fyrirspurn um það, hvort ráðuneytið telji ráðlegt að hafist verði handa um athugun á möguleikum um að greiða að fullu eftirstöðvar sænska láns Sogsvirkjunarinnar. Borgarstjóra falið að athuga málið nánar.

28. Forstjóra hitaveitunnar falið að hefja undirbúning að byggingu vélgæslumannabústaða við Reykjastöðina. Samþ. frumdrættir að húsinu.

29. Lagt fram bréf frá sölunefnd setuliðseigna, dags. 6. þm., þar sem spurst er fyrir um, hvort bæjarstjórnin muni vilja neyta forkaupsréttar skv. bráðabirgðalögum nr. 27/1944 að 293 hermannaskálum, sem standa á bæjarlandinu hér vestan Elliðaánna. Samþ. að fela Helga H. Eiríkssyni að athuga verðmæti þessara eigna.

30. Lagt fram bréf frá húsaleigunefnd, dags. 1. þm., varðandi ráðstöfun á nokkrum hermannaskálum handa húsnæðislausu fólki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. | Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. | Jakob Möller.

Helgi H. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð.

Ár 1944, föstudaginn 23. júní, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti LIV. fyrir Kr. 55.000.- Forkaupsrétti hafnað, en jafnframt vekur bæjarráð athygli á því, að byggingar á landinu eru þar án leyfis.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti IX fyrir kr. 3000.- Hafnað.

3. Eftirfarandi lóðaúthlutun samþykkt, enda verði byrjað á byggingu á lóðunum fyrir lok júlímánaðar næstk.:
Guðm. Friðfinnsson Kjartansg. 27 fær Efstasund 27.
Ásgeir Þorvaldsson Langholtsv. 3 " " 11
enda greiði þeir andvirði mannvirkja (graftar) á lóðunum.
Dagbjartur Gíslason Sunnuhvoli fær Hjallaveg 15.
Jón Kr. Ágústsson, Lindarg. 11 " Kambsveg 1.
Hermann Kr. Nikulásson, Bræðrab. 22 A. fær Langholtsveg 4
Óskar Þórðarson, Smárag. 9 ) fá lóðir við Stórholt, eftir
Jón Þorkelsson Hrísteig 4 ) útvísun síðar.

4. Búendur við Ásvallagötu beiðast þess, í bréfi dags. 14. þ.m., að gatan verði tjörubikuð nú í sumar. Falið bæjarverkfræðingi til úrlausnar.

5. Bæjarráð synjar fyrir sitt leyti erindi frá Hjörleifi Sigurðssyni og Hallvarði Árnasyni Fálk. 23 um byggingu íbúðarhúss á lóðunum 16 og 18 við Langholtsveg, en bendir á, að þeim verði vísað á byggingarlóðir í öðru hverfi.

6. Synjað erindi Sveins Jóhannessonar um að byggja eina hæð ofan á húsið Brúarenda.

7. Bréfi frá Háskóla Íslands, dags. 12. þ.m., um byggingu íþróttahúss á háskólalóðinni vísað til skipulagsnefndar til umsagnar.

8. Lagt fram erindi frá Ingibergi Þorkelssyni og Þorkeli Ingibergssyni, dags. 9. þ.m., með beiðni um byggingarlóðir við Hátún og Laugarnesveg. Ákveðið að fá fullnaðartillögu skipulagsnefndar um skipulag á þessum slóðum.

9. Samþ. að heimila lögreglunni afnot til bráðabirgða á landssvæði við Gelgjutanga til geymslu á verðmætum óskilamunum.

10. Lögð fram og rædd matsgerð á eignum Strætisvagnafélagsins. Falið borgarstjóra til frekari meðferðar.

11. Lögð fram umsókn um byggingarlóðir frá Byggingarfélagi verkamanna. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

12. Lagt fram bréf frá Fasteignaeigendafélagi Reykjavíkur, dags. 21. þ.m., með beiðni um að kröfum um hitaveitugjöld fylgi nákvæmari sundurliðun en nú tíðkast. Falið innheimtumönnum hitaveitugjaldanna til afgreiðslu í samráði við forstjóra hitaveitunnar.

13. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarskrifstofunnar í maímánuði síðastl.

14. Lögð fram áætlun Rafmagnsveitunnar, dags. 7. júní, um aukningu rafmagnstaugakerfis í Langholts-Efstasunds-hverfinu. Samþykkt tilhögun I, eftir tillögu rafmagnsstjóra í bréfi 14. þ.m.

15. Synjað beiðni um rafmagnshitun í húsinu á lóðunum 16 og 18 við Langholtsveg.

16. Lögð fram umsókn frá Sveinbirni Sveinbjörnssyni um rafmagnsheimtaug að Digranesbletti 75. Frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Frestað ákvörðun um rafmagnsheimtaug að húsinu Dvöl á Digraneshálsi.

18. Synjað erindi um rafmagnsheimtaug til hitunar hússins Efstasunds 21.

19. Lögð inn áætlun um aukningu rafmagskerfisins á Digraneshálsi. Frestað.

20. Synjað beiðni um lóðarréttindi fyrir húsið Sandfell í Blesugróf.

21. Samþ. að Kristján Guðmundsson fái leigulóðina Kambsveg 15 og Gísli Sveinsson lóðirnar Hjallaveg 11 og 13.

22. Lagt fram bréf frá íbúum í Grafarholtshverfinu, dags. 5. þ.m., með beiðni um raflögn og vegagerð.

23. Erindi Sigurgeirs Kristjánssonar Nýl. 7, varðandi innheimtu fasteignaskatts, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

24. Lagt fram bréf frá Gísla Halldórssyni, dags. 14. þ.m., með tillögu um að komið verði upp heitum sjóbaðstað við Reykjavík. Vísað til skipulagsnefndar til umsagnar.

25. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti ekki stuðla að því, að Sjómannadagsráðið fái til bátageymslu hermannaskála hjá verbúðunum, en vill greiða fyrir því að hentugur geymsluskáli fáist annarsstaðar.

26. Lagt fram bréf frá Axel Kristjánssyni, Miklubr. 15 ofl., dags. 14. þ.m., þar sem þeir bjóðast til að taka í ákvæðisvinnu alla sorphreinsun í bænum. Vísað til umsagnar heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefndar.

27. Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands o.fl., dags. 15. þ.m., með áskorun um að bæjarstjórnin banni allt sauðfjárhald á bæjarlandinu neðan Elliðaánna á næsta hausti.

28. Lagt fram bréf Barnaverndarnefndar, dags. 22. þ.m., með tillögu um að setuliðsmenn fái einungis aðgang að Sundlaugunum á sérstökum tímum.

29. Lögð fram umsögn skipulagsnefndar, dags. 12. þ.m., um tillögu eiganda Landakotstúns um fyrirkomulag bygginga við Hávallagötu. Bæjarráð telur ekki rétt að óbyggða svæðið á Landskotshæðinni verði minnkað.

30. Lagt fram bréf frá Kristjáni V. Guðmundssyni Seljav. 29, varðandi viðskifti hans við húsaleigunefnd.

31. Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu dags. 29. þ.m., með tilkynningu um úrskurð ráðuneytisins um umdæmi Sjúkrasamlags Reykjavíkur.

32. Lögð fram tilkynning frá vörubifreiðastjórafélaginu Þrótti, dags. 23. þ.m., með tilkynningu um að félagið muni hefja verkfall hinn 1. júlí næstk., ef samningar um kjör félagsmanna hafi ekki náðst fyrir þann tíma.

33. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XVII. fyrir Kr. 45.000.-. Hafnað.

34. Lögð fram álitsgerð Helga H. Eiríkssonar, dags. 22. þ.m., um verðmæti hermannaskála á bæjarlandinu, vestan Elliðaánna.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

| | |
|---|---|
| Guðm. Ásbjörnsson. | Helgi H. Eiríksson. |
| Björn Bjarnason. | Jón Axel Pétursson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARRÁÐ REYKJAVÍKUR.

Á 1944, föstudaginn 30. júní, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstof sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram yfirvirðingargerðir um eignarnámsverð á Grafarholti og söluverð á Lágafelli - Varmá til Mosfellshrepps.

2. Samþ. að fá umsögn Skipulagsnefndar um byggingarleyfisbeiðni stjórnar Elliheimilisins Grundar.

3. Synjað beiðni um að selja landið Hringlumýrarblett XXX. á erfðafestu aftur.

4. Samþ. að leyfa byggingu alifuglahúss úr vikursteini á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XIV.

5. Bæjarráð vill ekki selja lóðarskika, sem bærinn á, milli Bergstaðastrætis 52 og Laufásvegar 47.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Mjóuhlíð 4 við Þorbjörn Þórðarson, Spít.8

7. Synjað erindi frá Ingvari Ísdal um að veitt verði leyfi til að láta setuliðsskúr við Háteigsveg standa þar fyrst um sinn.

8. Að fenginni umsögn Skipulagsnefndar, dags. 26. þ.m., var samþykkt að gefa hf. Agli Vilhjálmssyni kost á leigulóð á horni Laugarvegs og Hringbrautar, til viðbótar við iðnaðarlóð firmans.

9. Samþ. að gefa Gísla Björnssyni, Langhv. 67, kost á lóð við Stórholt, með því skilyrði að byrjað verði á byggingu fyrir 15. ágúst næstk.

10. Samþ. að gefa Hauk Björnssyni kost á lóðinni Langholtsvegi 2, samkv. umsókn dags. 22. þ.m.

11. Samþ. að gefa Ólafi Hjartarsyni, Lind. 54, kost á lóðinni Hraunteig 14, skv. umsókn 26. þ.m.

12. Bæjarráð telur ekki fært að verða að svo stöddu við beiðni um leigu á vatnsbor til Sandgerðis.

13. Lagt fram bréf frá hf. Alm. Tryggingar, dags 22. þm., varðandi eftirlit með því að gildandi iðgjaldstöxtum sé réttilega beitt.

14. Lögð fram umsókn frá hf. Skipanaust um lóð á Gelgjutanga til fyrirhugaðrar dráttarbrautarbyggingar. Bæjarráð mælir með erindinu.

15. Erindi Guðbjarnar Hanssonar, dags. 23. þm., vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

16. Lagt fram bréf frá Jóni Bergssyni, Hávallag. 40, um að leigulóðarsamningi hans verði breytt.

17. Bæjarráð samþykkir tillögu hitaveituforstjórans í bréfi, dags. 30. þ.m., varðandi aukningu bæjarkerfisins.

18. Samþykkt að setja h.f. Öskju mánaðarfrest til að gera grein fyrir möguleikum til byggingar á iðnaðarlóðinni nr. 12 við Höfðatún.

19. S.f. Norðdalsíshús æskir þess í bréfi dags. 28 þ.m., að fá leigan norðurenda Hótel Heklu til starfsemi sinnar. Erindið fær ekki stuðning.

20. Ákveðið að gefa eiganda skúrabygginga í stæði Hringbrautarinnar, sunnan Eiríksgötu, mánaðarfrest til að taka skúrana í burtu, annars verði það gert á hans kostnað.

21. Erindi frá Kristínu Stefánsdóttur, dags. 22. þm., um leyfi til að ala upp hunda í bæjarlandinu, vísað til umsagnar héraðslæknis og ennfr. ákveðið að beiðast umsagnar Búnaðarfélagsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Erindi frá Sigurði J. Veturliðasyni, Dalshúsum við Breiðholtsveg, varðandi eftirgjöf á bæjargjöldum, vísað til borgarritara til umsagnar.

23. Samþ. að veita Jóni Ólafssyni löggildingu á ný sem rafvirkja við lögspennuveitur í Reykjavík.

24. Lögð fram beiðni Björns Guðmundssonar, Hringbr. 30, um rafmagnsheimtaug að sumarbústað við Breiðholtsveg. Frestað ákvörðun.

25. Lagt fram bréf útvarpsstjóra, dags. 27. þ.m., varðandi greiðslu auglýsingakostnaðar Reykjavíkurnefndar lýðveldiskosninganna. Falið borgarstjóra til frekari meðferðar.

26. Samþ. að Georg Þorsteinsson, starfsm. Gasstöðvarinnar, taki laun samkv. 7. launaflokki.

27. Lagt fram bréf frá h.f. Strætisvagnar Reykjavíkur, dags. 27. þm., sem svar við fyrirspurn borgarstjóra um það, hvort félagið vilji selja eignir sínar skv. matinu, sem trúnaðarmenn bæjarins gerðu.
Bæjarráð vill ekki mæla með kaupum á grundvelli matsins. Bæjarráð telur heldur ekki fært, að mæla með því, að félaginu verði veitt 10 ára sérleyfi til strætisvagnaferða innanbæjar.

28. Lögð fram áætlun Helga H. Eiríkssonar og Gústavs E. Pálssonar, dags. 29. þ.m., um kostnað við landhreinsun undan nokkrum hermannaskálum hér í bænum

29. Lagt fram bréf frá A.S. Höjgaard & Schultz, dags. 29. þ.m., varðandi greið fyrstu afborgunar af skuld hitaveitunnar við firmað ( og Kjöbenhavns Hande bank) skv. fyrri hitaveitusamningnum, 15. júní 1939.

30. Borgarstjóri skýrði frá því, að formlega væri nú gegnið frá uppsögn sænska Sogsvirkjunarlánsins frá 1935, til fullrar greiðslu 2. janúar 1945.

<u>Útsvarsmál:</u>

Bergþór Guðmundsson, Bergþ. 10, Guðmundur Ólafsson Hringbr. 150, Jón Þ. Ha aldsson Lauf. Suðurpól, Kristófer Bjarnason Þórsg. 14, Matargerðin Leifsg. Óskar Þórðarson Brekkuholti, Eiríkur Jensen Lauf. 27 B., Magnús Ásbjörnsso Laug. 67, Anna Halldórsdóttir Túng. 37, Sigurður J. Pétursson Þverv. 10, Gunnar Bjarnason Víð. 65, Björgvin Bjarnason Bergþ. 43, Bjarni Einarsson Meðalh. 4, Tómas Jónsson Lvg. 32, Þorsteinn Sigurðsson Bergþ. 27, Jón Sigu son Reyn. 43, Jóhann Steinason Lvg. 30 B., Árni J. Strandberg, Sigurberg E son Lauganesv. 44., Valdimar Hannesson Ánanaust E., Hörður H. Karlsson Ásv Friðrik Baldvinsson, Hringbr. 175, Þóra Á. Ólafsdóttir Ægisgarði 4, Sigur Jakobsen db. Höfðaborg 11, Helge L. Johansen Fossvogsbl. 5, Hjörtur Árnaso Aðalstr. 8, Valgeir Kristjánsson Mjóstr. 2, Ragnheiður E. Einarsdóttir Gu Alexander Guðmundsson, Laugarnesv. 78, Guðmundur Pálsson Víf. 20, Halldór Sigurjónsson Þórsg. 10, Gústaf Á. Jónsson Lvg. 137. Stefán Linnet Rán. 6 

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson.
Jakob Möller. Björn Bjarnason. H. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, föstudaginn 7. júlí, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa stækkun og endurbyggingu á íbúðarhúsi á erfðafestulandinu Eiðsbletti I.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu FossvogsblettiXXVI fyrir kr. 8000.oo. Hafnað.

3. Borgarstjóra heimilað að gera nýjan samning um Brúarendablett.

4. Lagðar fram matsgerðir Skafta Ólafssonar, dags. 5. þ.m., á verðmæti erfðafestulandanna Laugalands og Laugamýrarbletts IV ásamt mannvirkjum, sem á löndunum eru. Samþ. að gera eigendum landanna tilboð um að kaupa þau fyrir matsverðið.

5. Lögð fram matsgerð um leigu á lóðinni Austurstræti 2. Falið borgarstjóra til frekari meðferðar.

6. Samþ. að afturkalla eftirfarandi lóðarúthlutanir, þar sem leigjendur hafa ekki fullnægt settum skilyrðum: Hjallaveg 14,16 og 32. Kambsveg 5 og 31.

7. Samþ. eftirfarandi lóðarúthlutun, enda verði hafist handa um byggingar fyrir 15. ágúst næstk.:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Einar Guðbjartsson, | Höfðaborg 33, | fær | Efstasund | 6 |
| Haraldur Eiríksson, | Hverfisg.59 B | - | Hjallaveg | 14 |
| Guðmundur Tómasson, | Grett. 20 A | | - | 16 |
| Gunnlaugur Jónsson, | Hallv.st.2 | - | - | 32 |
| Sigurður Brynjólfsson, | Grandav.39 | - | Kambsveg | 5 |
| Eyþór Árnason, | Mánagötu 14 | - | - | 31 |
| Lárus Kærnested, | Ingólfsstr. 3 | - | Kirkjuteig | 14 |

Hjálmar Þorsteinsson og Guðbjartur Jónsson fá lóðirnar 24 og 26 við Grenimel, en Grímur og Haraldur Bjarnasynir afsala tilkalli til þeirra lóða.

8. Erindi frá Sigríði Sv. Þorsteinsdóttur, Sóleyjarg. 19, vísað til umsagnar hitaveituforstjórans.

9. Bæjarverkfræðingi heimilað að leyfa Símoni Símonarsyni, Hringbr. 70 að flytja skúr, sem stendur í óleyfi við Hringbraut, að skúrum Olíuverzl. Íslands, sunnan Eiríksgötu, enda verði skúrinn fluttur burtu hvenær sem krafist verður.

10. Synjað beiðni frá Eggerti Davíðssyni, Lngh.v. 19, um leyfi til byggingar bráðabirgðaskúrs við innri Kirkjusand.

11. Bæjarráð mælir fyrir sitt leyti með því, að leyft verði að rífa timburhúsið Vesturgötu 28 í því skyni að þar verði reist stórhýsi, enda verði íbúum hússins séð fyrir húsnæði.

12. Lagt fram bréf frá sölunefnd setuliðseigna, dags. 6. júlí, með tilboði um sölu til bæjarins á nokkrum skálahverfum. Falið borgarstjóra til frekari athugunar.

13. Samþ. tillaga borgarstjóra að greinargerð um afskifti bæjarráðs af bráðabirgðahúsnæði.

14. Synja erindi frá Jóni Guðmundssyni, Lvg. 132, um leyfi til veitinga í tjaldi á Arnarhólstúni eða Hljómskálagarðinum.

15. Lagt fram bréf frá Alþýðusambandi Íslands, dags. 5.þ.m., varðandi verkfall vörubifreiðastjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf frá vörubílstjórafél. Þróttur, dags. 6. þ.m., með tilmælum um að Reykjavíkurbær geri samning við félagið á sama grundvelli og Vinnuveitendafél. Íslands gerði við félagið 6.þ.m.

17. Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 29. f.m., varðandi friðun Heiðmerkur. Falið borgarstjóra til athugunar.

18. Erindi Svavars Kristjánssonar, dags. 23. f.m., varðandi rafmagnsheimtaug að Geithálsi vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

19. Synjað beiðni um rafmagn til hitunar hússins Ásvegs 11.

20. Frestað ákvörðun um rafmagnsheimtaugar frá Hilmari Stefánssyni o.fl. í sumarbústaði við Elliðavatn, Þóru Borg Einarsson að sumarbústað við Breiðholtsveg, Einari Júliussyni að Digranesbálsi 41 D, Úlfari Bergssyni o.fl. að Baldurshaga.

21. Samþ. tillögur rafmagnsstjóra í bréfi, dags. 6.þ.m., varðandi endurbætur á íbúðarhúsi við Ljósafoss.

22. Borgarstjóra heimilað að ganga að tilboði Guðlaugs Þorlákssonar f.h. h.f. Goða um kaup á lóðarspildu við Framnesveg.

23. Lögð fram matsgerð yfirmatsmanna á spjöllum á Vatnsenda-landi vegna Elliðavatnsstíflu Rafmagnsveitunnar.

24. Lagt fram bréf frá barnavinafélaginu Sumargjöf, dags. 29. f.m., varðandi uppsögn á leiguhúsnæði í Hringbraut 78, Suðurborg.

25. Lagt fram bréf frá Fasteignaeigandafélagi Reykjavíkur, dags. 29. f.m., varðandi innheimtufyrirkomulag hitaveitugjalda.

26. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur og Steinþ. Guðmundssonar, varðandi fyrirhugaðar íbúðarbyggingar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær. Vísað til húsameistaranna til athugunar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson.

Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, þriðjudaginn 11. júlí, kl. 1½ e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. tillaga Valgeirs Björnssonar hafnarstjóra að bréfi til A.S.Höjgaard & Schültz um skoðun á þeim hlutum hitaveitunnar, sem firmað hefir lokið við.
2. Samþ. tillaga borgarritara að bréfi til A.S. Höjgaard & Schultz, varðandi greiðslu fyrstu afborgunar af skuld til firmans vegna hitaveituframkvæmda þess til 1. marz 1942, skv. samningi 15. júní 1939, svari við bréfi firmans 29. f.m.
3. Samþ. tillaga borgarstjóra að bréfi til sölunefndar setuliðseigna, svari við bréfi nefndarinnar 6. þ.m.
4. Borgarstjóra falið að semja við sölunefnd setuliðseigna um yfirtöku nefndarinnar á hitatækjum í Helgafellsspítala frá setuliðinu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Björn Bjarnason, Jón Axel Pétursson.

Helgi H. Eiríksson. Jakob Möller.

Lögð fram umsögn hjeraðslæknis um erindi Kristínar Stefánsd., um uppeldisstöð fyrir hunda.

Bæjarráð samþykkir, að aðalefni til, tillögur landlæknis í brjefi til ríkisstjórnarinnar, 22. fm., um fyrirhugaða fæðingarstofnun. Borgarstjóra falið málið til frekari meðferðar.

Lagt fram brjef frá Byggingarfjelagi Verkamanna, dags. 6. þ.m., varðandi endurskoðun laga um verkamannabústaði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARRÁÐ REYKJAVÍKUR.

Ár 1944, föstudaginn 14. júlí, kl. 3 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, dags. 5. þ.m., varðandi tillögur Gísla Halldórssonar um sjóbaðstað o.fl. við suðurenda Tjarnarinnar.

2. Brjefi Guðm. H. Þorlákssonar, Bræðr. 10 varðandi skipulagsbreytingu á svæðinu suður frá Ránargötu vestan Bræðraborgarstígs, vísað til Skipulagsnefndar og húsameistara bæjarins til umsagnar.

3. Synjað beiðni um vatnsæð að skúr á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti VIII.

4. Eftir beiðni Guðm. Hjartarsonar, Óð. 25 var samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 22 við Langholtsveg við Emil Hjartarson Bragag. 26.

5. Samþ. að greiða úr bæjarsjóði heimæðagjöld hitaveitu af húsunum Eiríksgötu 37 og Hringbraut 78.

6. Lögð fram tilboð, er opnuð voru 14. þ.m., um að steypa upp Melaskólann. Samþ. að taka lægsta tilboðinu, sem barst, frá Tómasi Vigfússyni og Anton Sigurðssyni, að upphæð kr. 1.565.400.-

7. Lagt fram brjef frá húsbyggingarnefnd Sjómannaskólans, dags. 12. júlí, með beiðni um, að nefndin fái umráð yfir þeirri lóð skólans, sem bæjarstjórn hefir heitið að leggja honum til. Með brjefinu sendir nefndin uppdrátt lóðarinnar, er hún hyggst að bærinn láti af höndum. Bæjarráðið ákveður að fá nánari greinargerð nefndarinnar um það, hversu stóra lóð skólinn muni þurfa.

8. Beiðni frá byggingarnefnd nýs iðnskólahúss, dags. 11. þm., um ca. 6000 ferm. lóð undir bygginguna, við vestanverðan Barónsstíg, vísað til Skipulagsnefndar til umsagnar.

9. Borgarstjóri skýrði frá viðtali sínu við forstöðumenn Strætisvagnafélagsins nú í morgun.

10. Lagt fram brjef frá sölunefnd setuliðseigna dags.14. þ.m., varðandi afhendingu nefndarinnar á hermannaskálum á bæjarlandinu til bæjarstjórnarinnar. Bæjarráð samþykkir brjefið fyrir sitt leyti og felur borgarstjóra málið til frekari meðferðar.

11. Borgarstjóra heimilað að semja um leigu á lóðinni Austurstræti 2, til þess að þar verði bifreiðastæði fyrst um sinn.

12. Lagt fram brjef frá heilbrigðisfulltrúa, dags. 10. þ.m., um rottueyðingu í bænum. Vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

13. Borgarstjóri skýrði frá því, að eigandi erfðafestulandsins Laugamýrarbl. IV. vilji selja bæjarsjóði eignina fyrir kr. 65.000.-
Bæjarráð ítrekar fyrri samþykkt sína, um að heimila borgarstjóra að kaupa eigninga fyrir matsverð Skafta Ólafssonar og vill ekki hækka boð sitt.

14. Lögð fram umsögn hjeraðslæknis um erindi Kristínar Stefánsd., um uppeldisstöð fyrir hunda.

15. Bæjarráð samþykkir, að aðalefni til, tillögur landlæknis í brjefi til ríkisstjórnarinnar, 22. fm., um fyrirhugaða fæðingarstofnun. Borgarstjóra falið málið til frekari meðferðar.

16. Lagt fram brjef frá Byggingarfjelagi Verkamanna, dags. 6. þ.m., varðandi endurskoðun laga um verkamannabústaði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra, dags. 12. þ.m., varðandi aukningu á rafmagni handa Reykjavík.

18. Lagt fram brjef frá Höjgaard & Schultz A.S., dags. 12. þ.m., varðandi greiðslu afborgunar pr. 30. f.m., af hitaveituskuld bæjarins við firmað skv. fyrra samningnum frá 15. júní 1939. Bæjarráð vill ekki samþykkja fyrirvarann, er firmað kveðst munú gera við móttöku greiðslu í dollara-ávísun, er miðist við gengi á dkr. hjer hinn 9. apríl 1940 og telur því rétt að bærinn deponeri hæfilegri fjárhæð fyrir afborguninni, þar til danskar krónur fást keyptar.

19. Lagt fram brjef frá Hamiltons Advokatbyrå, Stockholm, dags. 17. apríl, þ.á., þar sem boðnir eru 100 feta fiskibátar til sölu. Vísað til sjávarútvegsnefndar bæjarstjórnar til athugunar.

Fundi slitið.

Bjarni Bendiktsson.

Guðrún Jónasson. Helgi H. Eirríksson. Guðm. Ásbjörnsson.

Björn Bjarnason. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð

Ár 1944, föstudaginn 21. júlí, kl. 2 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Kristins Magnússonar um leyfi til að hækka íbúðarhús á erfðafestulandinu Laugarásbl. 2.
2. Lagt fram bréf skipulagsnefndarinnar um byggingarleyfisbeiðni Elliheimilisins Grundar.- Vísað til byggingarnefndar.
3. Lagt fram bréf byggingarfélags Alþýðu, þar sem þess er óskað, að bæjarsjóður taki að sér viðhald áhalda og umsjón með barnaleikvellinum í gömlu verkamannabústöðunum. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.
4. Lögð fram skýrsla um aðsókn að barnaleikvellinum við Njálsgötu og Gunnarsbraut.
5. Lagt fram bréf fræðslumálastjóra varðandi starf íþróttaráðunauts bæjarins.
6. Beiðni Björns Benediktssonar hreinsunarmanns um frí frá störfum vegna heilsubilunar, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
7. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að gera ráðstafanir til þess að hesthús bæjarins verði lagt niður.
8. Lagt fram bréf Guðmundar Gíslasonar læknis um styrk til rannsóknastarfsemi hans. - Borgarstjóra falið að afla frekari upplýsinga í málinu.
9. Samþykkt að gera leigusamning um lóðina nr. 62 við Efstasund við Hákon Guðmundsson, Efst. 62.
10. Synjað beiðni Sigurðar Á. Þorlákssonar, Sandfelli, um leiguland í Geldinganesi.
11. Samþ. að gefa Lúðvík Hjálmtýssyni, Sólv. 33, kost á lóðinni nr. 37 við Hátún.
12. Lagt fram bréf byggingarfulltrúa um óleyfilega byggingu á lóðinni nr. 11 við Bergþórugötu. Ákveðið að kæra yfir byggingunni og gera ráðstafanir til, að hún verði rifin niður.
13. Lögð fram umsókn Byggingarfélags starfsm. tollstjóraskrifstofunnar um lóðir undir lítil einbýlishús milli Undralands og Laugarnesbarnaskólans. Bæjarráðið telur ekki fært að verða við umsókninni, en tekur fram, að síðar verði úthlutað lóðum undir slík hús í Kleppsholti og sennilega við Kaplaskjólsveg, og verði umsókn þessi þá tekin til athugunar.
14. Synjað beiðni Halldóru Björnsdóttur um land undir hús við Kringlumýrarveg.
15. Samþ. að taka úr erfðafestu hluta af Sandvíkurbletti.
16. Samþ. að leyfa Helga Sigurðssyni að byggja sumarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 35.
17. Synjað beiðni Sigurðar Halldórssonar, Öldug. 29, um leyfi til að byggja söluskála á torginu Tryggvagata - Ægisgata.
18. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. 15 fyrir kr. 12000,oo. Hafnað.
19. Samþ. að verða við beiðni Hannesar Guðmundssonar læknis um viðbót við skógræktarland hans í Fossvogi.
20. Beiðni Almenna byggingarfélagsins h/f um leigu á Blönduhlíðarlóðinni til langs tíma, vísað til skipulagsnefndar til umsagnar.
21. Lagt fram bréf hafnarstjórans um kaup á lóðum við Skerplugötu. Falið borgarstjóra til afgreiðslu
22. Lögð fram ályktun skólanefndar Miðbæjarskólans 1. júlí 1943 um breytingar á húsnæði skólans. - Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. Lagt fram bréf Ísaks Jónssonar kennara um lóð undir skólahús.- Vísað til umsagnar skipulagsnefndar og húsameistara bæjarins.

24. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um aukið húsnæði fyrir Rafmagnsveituna. - Falið rafmagnsstjóra til frekari undirbúnings.

25. Lagt fram bréf Daníels Ólafssonar stórkaupm. um hækkun hússins nr. 10 við Tjarnargötu. - Málinu frestað.

26. Samþ. að taka lægsta tilboði í byggingu íbúðarhúss á Reykjum, frá Einari Kristjánssyni og Gísla Þorleifssyni, kr. 381.000.oo.

27. Lagðir fram uppdrættir og áætlun um byggingu húsa úr setuliðsbyggingum. Bæjarverkfræðingi, húsameistara og byggingarmálanefnd falið að athuga málið.

28. Lagður fram tillöguuppdráttur að íþróttamannvirkjum í Laugardal. Ákveðið að fá umsögn skipulagsnefndar og bæjarverkfræðingi falið að athuga málið.

29. Samþ. að taka úr erfðafestu Sveinsstaði, Austurkot, Hjallaland og Kaplaskjólsmýri II. og auglýsa lóðaúthlutun á þessu svæði með umsóknarfresti til 20. ágúst.

30. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að sjá um byggingu náðhúss við Grjótagötu.

31. Lögð fram beiðni frá knattspyrnufélaginu Fram um landsvæði í Höfðamýrinni til íþróttastarfsemi. - Frestað til frekari athugunar.

32. Lögð fram og samþ. tillaga að auglýsingu á aðvörun til bæjarbúa út af vatnsskortinum í bænum.

33. Hitaveitustjóranum var falið að gera tilraun til að fá keypta vatnsmæla til notkunar hjá stærri vatnsnotendum í bænum.

34. Samþ. að fela hitaveitustjóranum að athuga möguleika á stækkun vatnsveitunnar.

35. Lögð fram greinargerð hitaveitustjórans um hitaveitugjöld og áætlun um þau.

36. Lögð fram og samþ. tillaga rafmagnsstjóra að aðvörunarbréfi til löggiltra rafvirkja varðandi rafmangsbilun.

37. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um ráðstafanir til að þekja aðfærsluæðina að 3. vélasamstæðunni í Ljósafossi.- Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

38. Nokkrum launamálum starfsmanna vísað til forstöðumanna stofananna til umsagnar og athugunar.

39. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra varðandi áætlun um eimtúrbínustöð við Elliðaárnar. - Samþ. að fela honum að halda áfram áætlunum á sama grundvelli.

Fleira ekki gert. - Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller, Jón Axel Pétursson, Valtýr Stefánsson
Björn Bjarnarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, föstudaginn 4. ágúst, kl. $2\frac{1}{2}$ síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. eftirfarandi lóðarúthlutun, enda verði hafist handa um byggingar á lóðunum fyrir 15. septbr. næstk.:

| | | |
|---|---|---|
| Sölunefnd setuliðseigna fær | | Hjallaveg 22 og nr. 17 við ónefnda götu. |
| Hjálmar Sigurbjörnsson, Rauð.22 fær | | Kambsveg 7 |
| Ferdínant Jóhannsson | - | Hjallaveg 24 |
| Ólafur Jónsson, Skólav. 9, | - | Kleppsveg 98 |
| Sigurborg Jónsdóttir, Lvn.38 | - | Hjallaveg 33 |
| Ingólfur Guðmundsson, Kjart. 1 | - | Stórholt 35 |
| Berúel Sigurgeirsson, Mjóstr.6 | - | Stórholt 37 |
| Höskuldur Jóhannsson, Njg.13 | - | - 31 |
| Jóhann Jónsson, Bergþ. 61 og Aðalsteinn Björnsson, vélstjóri | - | - 39-41 |
| Gunnl. B. Melsted | - | Skúlagötu 54. |

2. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Kleppsveg 108 við Hörð Haraldsson til 25 ára.

3. Bæjarverkfræðingi falið að semja við Ingólf B. Guðmundsson um leigu á sandnámstækjum.

4. Erindi utanríkisráðherra um hitalögn að húsinu Rauðarárstíg 1, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Samþ. að úthluta ekki fleiri bráðabirgðalóðum við Sogaveg.

6. Synjað beiðni h.f. Alm. Byggingarfélagsins um iðnaðarlóð við Reykjanesbraut, Blönduhlíð.

7. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. I fyrir kr. 35.000.-. Hafnað.

8. Samþ. að leyfa viðbótarbyggingu við íbúðarhúsið á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XII, með skilyrði um að viðbótin verði tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

9. Borgarstjóra falið að semja um kaup á erfðafestulöndunum Laugamýrarbl. IV og Laugalandi.

10. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að þjóðminjasafnsbygging verði sett á háskólalóðina.

11. Lagt fram bréf frá Birni Birnir, Grafarholti, dags. 26. f.m., varðandi yfirtöku bæjarins á jörðinni Grafarholti. Falið borgarstjóra til meðferðar.

12. Rætt um breytingarnar á húsinu á Arnarholti á Kjalanesi. Tillögur Einars Sveinssonar samþ. með þeirri breytingu, að herbergjum í þakhæð hússins verði fækkað, herbergin gerð stærri en tillögurnar segja.

13. Bæjarráð mælir með því, að húsið Tjarnarg. 10 verði hækkað um eina hæð.

14. Lögð fram bréf byggingarmálanefndar, dags. 27. júlí, og 3. ágúst, varðandi byggingar íbúðarhúsa í bænum. (31. júlí)

15. Lagt fram bréf frá stjórn Í.S.Í., dags. 3. þ.m., um íþróttasvæðin í bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lögð fram bréf frá knattspyrnufélögunum Fram og Víkingi og Íþróttafélagi Reykjavíkur varðandi lóðir fyrir starfsemi félaganna.

17. Lagt fram bréf, dags. 19. f.m., frá stjórn Íþróttavallarins varðandi framtíðarskipulag íþróttavalla í bænum.

18. Lagt fram bréf, dags. 2. þ.m., frá fræðslufulltrúa bæjarins, um barnaleikvelli í bænum.

19. Lagt fram bréf, dags. 4. þ.m., frá sölunefnd setuliðseigna, varðandi kaup á nokkrum braggahverfum.

20. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 28. f.m., um notkun lóðarinnar Austurstrætis 2 fyrir bifreiðastæði. Falið borgarstjóra til meðferðar.

21. Lagt fram bréf borgarritara, dags. 3. þ.m., um lögun lóðanna við Hringbraut 137 - 147.

22. Bæjarverkfræðingi heimilað að festa kaup á bifreið til hreinsunar í bænum.

23. Bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. f.m., um rannsókn út af byggingu loftvarnabyrgja, vísað til borgarstjóra til meðferðar.

24. Lagt til að heimila borgarstjóra að greiða af kostnaði við starfsemi sumardvalanefndar árið 1944, til jafns á móti ríkissjóði, allt að kr. 150 þús., auk fjárveitingar skv. gjl. VIII,16 í fjárhagsáætlun bæjarins.

25. Lagt fram frv. að lögum fyrir Samband íslenzkra sveitarfélaga.

26. Erindi frá Anker Larsen, dags. 21. júlí þ.á., um íbúð í bragga við Laugarnes, vísað til húsaleigunefndar.

27. Erindi verkamannafél. Framsókn, dags. 14. f.m., um kaup og kjör þvottakvenna, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

28. Ákveðið að fá umsögn skólanefndanna um kjör barnakennara, sem komnir eru yfir 60 ára aldur.

29. Erindi Baldurs Steingrímssonar, um kjarabætur hjá Rafmagnsveitunni, vísað til Jakobs Möllers og Jóns A. Péturssonar, til athugunar

30. Lögð fram erindi frá Júlíusi Guðmundssyni og Sig. Þorsteinssyni um rafmagnsheimtaug að sumarbústöðum þeirra.

31. Lagt fram bréf, dags. 31. f.m., frá rafmagnsstjóra, um viðbótarvirkjun fyrir Reykjavík.

32. Lagt fram bréf frá Fasteignaeigendafél. Reykjavíkur, dags. 21. júní, og bréf rafmagnsstjóra, dags. 31. júlí, um innheimtu hitaveitugjalda.

33. Erindi Egils P. Einarssonar, Hafnarstr. 19, um útsvarsmál, vísað til borgarritara til afgreiðslu.

34. Synja erindi Jórunnar Jónsdóttur, Hringbr. 145, um eftirgjöf útsvars.

35. Lagt fram bréf frá dr. Helga Tómassyni, dags. 2. þ.m., um hælið á Elliðavatni.

36. Borgarstjóra heimilað að taka Laugarásblett V úr erfðafestu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.
Helgi H. Eiríksson.
Jakob Möller.
Jón Axel P'tursson.
Guðm. Ásbjörnsson.
Björn Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, föstudaginn 11. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

------------

1. Lagðar fram skýrslur Ráðningarstofunnar um starfsemina í júní og júlí þ.á.

2. Lagt fram bréf frá Jóni Gunnlaugssyni, Bar. 65, með beiðni um landspildu til ræktunar framan undir Selás. Borgarstjóra falið að svara erindinu.

3. Samþ. að gefa Ingjaldi Jónssyni, Miðtúni 62, kost á leigulóðinni Kirkjuteig 18, með skilyrði um að bygging verði hafin á lóðinni fyrir 15. septbr. næstk.

4. Erindi Ingólfs Guðmundssonar, Kjart.1, um lóð við Miklubraut, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar. Ingólfur afþakkar lóðina nr. 35 við Stórholt, sem honum var gefinn kostur á 4.þ.m.

5. Samþ. að óska eftir umsögn Skipulagsnefndar um það, hvort ætla megi enn um hríð, að gripahús séu höfð við Eskihlíð.

6. Erindi frá Gísla Guðnasyni, verkstjóra, um breytingar á vinnuaðferðum við sorphreinsunina, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

7. Lagt fram bréf frá íþróttaráðunaut bæjarins, dags. 11. þ.m., varðandi umsókn Knattspyrnufél. Fram um æfingavöll og styrk til að gera völlinn.
Ráðunautnum var falið að gera nánari tillögur um málið.

8. Að framlagðri umsögn hitaveituforstjórans, dags. 8. þ.m., var ákveðið að synja umsókn Sigríðar Sv. Þorsteinsdóttur, Sóleyjargötu 19, um lóð undir gróðurhús.

9. Lagt fram bréf frá hitaveituforstjóranum, dags. 11. þ.m., varðandi kaup á pípum í Helgafellsspítalanum. Samþ. tillaga forstjórans um að halda fast við forkaupsrétt bæjarins að pípunum.

10. Synjað beiðni frá Ingvari Ísdal um rafmagnsheimtaug að húsi, er hann hefir keypt nálægt efri veiðimannahúsunum við Elliðaárnar.

11. Frestað enn að taka ákvörðun um beiðni um rafmagnsheimtaug að Digranesbl. 6.

12. Samþ. að auglýsa lausar stöður fyrir þrjár skrifstofustúlkur, og láta fara fram samkeppnispróf milli umsækjenda.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Helgi H. Eiríksson. H. Guðmundsson.
Jakob Möller. Björn Bjarnason.
Sig. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1944, fimmtudaginn 17. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Lagt fram frumvarp að samningi um kaup bæjarins á 20 vögnum h.f. Strætisvagna Reykjavíkur, ásamt öðru lausafé félagsins, svo og tilboð frá stjórn hlutafélagsins um sölu á eignunum skv. samningsfrumvarpinu.

   Svohljóðandi tillaga gerð til bæjarstjórnar :

   " Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að ganga að tilboði h.f. Strætisvagna Reykjavíkur, dags. 16. þ.m., um sölu á 20 vögnum félagsins, ásamt varahlutum, verkfærum o.fl., fyrir kr. 1.012,711,61 - eina miljón og tólf þúsund og sjöhundruð og ellefu krónur, 61 eyri - og heimilar borgarstjóra og bæjarráði að taka nauðsynleg lán til þessara kaupa. Jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að hefja rekstur strætisvagna í Reykjavík fyrir reikning bæjarins og æskja eftir einkaleyfi til þess reksturs skv. 7. grein laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

   Heimilar bæjarstjórn bæjarráðinu að ráða mann til að veita strætisvagnarekstri bæjarins forstöðu.

   Þessar ákvarðanir eru teknar nú til þess að tryggja, að strætisvagnaferðum verði haldið áfram um lögsagnarumdæmi bæjarins, en samkvæmt því sem bæjarstjórninni er kunnugt, má telja víst að þær falli niður hinn 20. þ.m., ef bæjarstjórnin tekur ekki við rekstrinum".

2. Lagt fram bréf frá Skipulagsnefnd, dags. 14. þ.m., varðandi skipulag á Háskólalóðinni.
3. Lagt fram bréf frá landlækni, dags. 12. þ.m., um að hugsað verði fyrir/ hagkvæmum lóðum fyrir heilsuverndarstöð og bæjarspítala.
4. Lagt fram bréf frá Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, dags. 12. þ.m., með áskorun til bæjarstjórnar og ríkisstjórnar um að endurheimta K.R.húsið úr höndum setuliðsins.
5. Lagt fram bréf frá stjórn Byggingarsamvinnufélags prentara, dags. 9. þ.m., um byggingarlóðir á Melunum. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
6. Beiðni Iðnskólans í Reykjavík um að fá afnot af 6 kennslustofum í Miðbæjarskólanum næsta vetur, vísað til skólanefndar til umsagnar.
7. Bæjarverkfræðingi heimilað að kaupa flutningsvagn af Akureyrarbæ.
8. Lagt fram bréf frá Þorkeli Þorkelssyni, veðurstofustjóra, dags. 15. þ.m., varðandi friðun á landsvæði við Gelgjutanga.
9. Lagt fram bréf frá húsaleigunefndinni, varðandi yfirtöku bæjarins á braggahverfunum "Sherwood" og "Handle Ridge". Borgarstjóra falið að svara bréfinu.
10. Samþykkt að íbúðarskúr í götustæði Hringbrautar, nálægt Egilsgötu, megi standa til 1. nóvbr. næstk., en verði þá skilyrðislaust tekinn í burtu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Samþykkt að leyfa að fullgerð verði rishæð á íbúðarhúsi á erfðafestulandinu Laugarásbletti II.

12. Lagt fram bréf frá Ágústi Jósefssyni heilbrigðisfulltrúa, þar sem hann tilkynnir, að hann hafi orðið 70 ára hinn 14. þ.m. Ákveðið að fela Ágústi að gegna starfinu áfram, þar til önnur skipan verður gerð.
Jafnframt var borgarstjóra falið að gera tillögur um framtíðarskipun starfsins.

13. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 14. þ.m., varðandi viðbótarvirkjun fyrir Reykjavík.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson. Helgi H. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, föstudaginn 25. ágúst, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Ferdínant Jóhannsson afsalar sér tilkalli til lóðarinnar Hjallavegs 24, sem honum var gefinn kostur á, fyrir misskilning, á fundi 4. þ.m.. Samþykkt að gefa Sölunefnd setuliðseigna kost á lóðinni.

2. Lagt fram bréf frá Sjávarútvegsnefnd bæjarstjórnar, dags. 25. þ.m., varðandi væntanleg skipakaup í Svíþjóð, ásamt greinargerð frá Þorsteini Daníelssyni, skipasmið, svo og tillögu að svari nefndarinnar til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 24. þ.m.
Bæjarráð samþykkir bréf nefndarinnar fyrir sitt leyti.

3. Synjað beiðni um byggingu við íbúðarhúsið Eyvík á Garðaholtsbletti III.

4. Samþ. að leyfa byggingu hænsnahúss, svo og hlöðu og fjóss, úr holsteini, á erfðafestulandinu Sogamýri I.

5. Beiðni Helga Guðmundssonar og Magnúsar Stefánssonar um leyfi til að reisa fisksöluskúra á horni Sunnutorgs og Langholtsvegar, vísað til heilbrigðisnefndar til umsagnar.

6. Synjað beiðni um að láta á erfðafestu löndin Sogamýrarbletti XLVIII, XLIX og L, þar sem þau hafa verið leigð Fiskimálanefnd.

7. Lagt fram bréf frá Gísla og Steingrími Sveinssonum, Sveinsstöðum í Kaplaskjóli, dags. 23. þ.m., varðandi töku lands þeirra úr erfðafestu.

8. Samþ. að heimila húsameistara bæjarins að kaupa Thermophanegler í Melaskólann.

9. Samþ. að fela bæjarverkfræðingi að gera frv. að samningi við vörubílastöðina Þrótt um lóð við Skúlagötu og Rauðarárstíg.

10. Lagt fram bréf frá Gesti Guðmundssyni, Lvg. 49 A, um umráðarétt yfir lóðinni Langholtsvegi 17. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

11. Lagt fram bréf Skipulagsnefndar, dags. 23. þ.m., varðandi byggingar á lóðinni við Blönduhlíð. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

12. Lagt fram bréf frá Guðm. Gíslasyni, lækni, dags. 17. þ.m., um aðstoð bæjarins við starfsemi hans. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

13. Samþ. að fela fjáreigendafélaginu, að jafna niður fjallskilum og heimila því að taka 5 kr. fjall-skilagjald fyrir hverja fullorðna kind.

14. Samþ. að heimila borgarstjóra að veita Knattspyrnufél. Fram leyfi til afnota af íþróttasvæði austur af Höfðaborg, skv. umsókn félagsins.

15. Lögð fram tillaga um æfingasvæði fyrir Íþróttafélag Reykjavíkur, sem var samþykkt á stofnfundi Íþróttabandalags Reykjavíkur 24. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf frá Sölunefnd setuliðseigna, dags. 23. þ.m., varðandi afhendingu tveggja " braggahverfa", Sherwood og Handle Ridge .-Borgarstjóra falið málið til meðferðar.

17. Lagt fram bréf frá íbúum í norður- og austanverðu Kleppsholti, varðandi þrifnað í þessu hverfi.

18. Erindi frá Félagi slökkviliðsmanna, dags. 5. þ.m., um orlofsfé, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

19. Lögð fram bréf, varðandi hitakostnað hússins Þórshamars, frá húseigandanum og forstjóra hitaveitunnar. Borgarstjóra falið að svara húseigandanum.

20. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni, Kjart. 1, kost á lóðunum 31 og 33 við Stórholt, og Höskuldi Jóhannssyni kost á lóðinni nr. 35 við sömu götu, enda afsalar hann tilkalli til lóðarinnar 31, sem honum var gefinn kostur á hinn 4.þ.m.

21. Lagt fram bréf frá Sigurði Eyleifssyni, Sólv. 53, varðandi kaup á fiskiskipi.

22. Synjað erindi frá frú Þóru Borg Einarsson um lóðarréttindi við sumarbústað við Elliðaárnar.

23. Rafmagnsstjóra falið að athuga beiðni frú Þóru Borg Einarsson um rafmagnsheimtaug að sumarbústað hennar við Elliðaár.

24. Erindi frá íbúum Hólms og sumarbústaðaeigenda þar í nágrenninu, um rafmagn til heimilisþarfa, vísað til rafmagnsstjóra til athugunar.

25. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að veita Hirti Sigurðssyni, Bókhl.9, löggildingu sem rafvirki við lágspennuveitur í Reykjavík.

26. Eftir tillögu rafmagnsstjóra samþykkti bæjarráð að fela honum að vinna að því :
<u>að</u> haldið verði áfram mælingum og rannsóknum á virkjun Neðri-Fossa í Sogi, ásamt nýrri háspennulínu þaðan til Reykjavíkur og undirbúið undir útboð.
<u>að</u> á sama hátt verði unnið að ítarlegri virkjunaráætlun v Botnsá í Hvalfirði, í samvinnu við Rafmagnseftirlit ríkisins.
<u>að</u> leitað verði nú þegar tilboða í eimtúrbinustöð í Ameríku.

27. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 24. þ.m., varðandi gjaldskrá Hafnarfjarðarrafveitunnar.

28. Borgarstjóra heimilað að ráða Jóhann Ólafsson stórkaupmann sem forstöðumann strætisvagna Reykjavíkurbæjar.

29. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu fræðslumálastjóra og formanns og skólastjóra Miðbæjarskólans um kennslustundafjölda kennara, sem komnir eru yfir 60 ára aldur.

Fundi slitið.

Bjarni Bendiktsson.

Valtýr Stefánsson. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson. Helgi H. Eiríksson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, föstudaginn 1. september, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka Mómýrarblett úr erfðafestu svo og að segja upp leigumála um Grafarbletti eystri og vestri. Verður fyrirhugað æfingasvæði Knattspyrnufél. Fram á þessum löndum.

2. Erindum Ólafíu Björnsdóttur, dags. 27. júní, og Ingimars Þorsteinssonar, dags. 20. ágúst síðastl. varðandi ráðstöfun á lóðarspildu á milli húsanna nr. 12 og 14 við Nýlendugötu, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

3. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 70 fyrir kr. 5000.oo. Hafnað.

4. Erindi frá íbúum í sambyggðum húsum við Sólvallagötu, dags. 12. f.m., varðandi lagningu gangsstígs frá Hofsvallagötu að Bræðraborgarstíg, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

5. Erindi Ólafs Ólafssonar, Þverv. 38, dags. 18. f.m., um hermannaskála við Baldurshaga bísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

6. Lögð fram greinargerð frá ræktunarráðunaut bæjarins, dags. 19. f.m., um framkvæmdir við leigugarða bæjarins. Samþ. að fela ráðunautnum að endurbæta framræzlur í Kringlumýri og gera tillögur um nýskipan garða þar, svo og undirbú[illegible] garðasvæði í Fossvogi vestanverðum.

7. Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dags. 29. f.m., með tilkynningu um auglýsingu ráðuneytisins um starfssvið sjúkrasamlaga Reykjavíkur og Mosfellshrepps.

8. Synja beiðni frá Gamla Kompaníinu h.f., dags. 14. f.m., um iðnaðarlóð við Borgartún.

9. Samþ. að heimila húsameistara bæjarins að láta reisa hæð ofan á leikfimishús Miðbæjarskólans.

10. Lagt fram bréf, dags. 1.þ.m., frá forstjóra Hitaveitunnar um gjaldskrárbreytingar.
Bæjarráð felur forstjóranum að gera tillögur um gjaldskrárbreytingar á þeim grundvelli að fastagjaldið falli niður, en vatnsverð um mæli hækki að sama skapi.

11. Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dags. 24. f.m., með tilkynningu um að ráðuneytið hafi staðfest breytingu á samþykkt um lokunartíma sölubúða, sem gerð var á síðasta fundi bæjarstjórnar.

12. Lagt fram bréf frá Bakarameistarafélagi Reykjavíkur, dags. 26. f.m., þar sem mótmælt er breytingu á lokunartíma brauð[illegible] og mjólkurbúða, sem gerð var á síðasta fundi bæjarstjórnar.

13. Erindi frá Gísla J. Johsen, dags. 28. f.m., svo og málaleitun frá G.Helgason & Melsted, varðandi útvegun tilboða um smíði á fiskiskipum í Svíþjóð, vísað til sjávarútvegsnefndar bæjarstjórnarinnar til ákvörðunar.

14. Lagt fram bréf frá nefnd, er starfar að undirbúningi bindindissýningar hér í bænum, dags. 27. f.m., með beiðni um styrk úr bæjarsjóði til sýningarinnar. Borgarstjóra falið að skrifa ríkisstjórninni um málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lagt fram bréf frá Sambandi ísl. berklasjúklinga, dags. 30. f.m., með beiðni um heitt vatn til hitunar á vinnuheimili sambandsins á Reykjum, svo og rafmagn til varahitunar.
Vísað til hitaveituforstjórans til umsagnar.

16. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að Sigurður Magnússon verði leystur frá kennslustörfum við Austurbæjarskólann eftir hádegi, með fullum launum, til þess að hann geti betur sinnt störfum sínum hjá sakamálalögreglunni.

17. Lagt fram bréf frá Landsbanka Íslands, dags. 28. f.m., varðandi fyrirhugaðar lántökur vegna hitaveitunnar og til greiðslu á sænska láni Sogsvirkjunarinnar.

18. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um erindi íbúa í Hólmslandi, um rafmagnsleiðslur að húsum þeirra. Erindinu synjað.

19. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að verða við beiðni frú Þóru Borg Einarsson um rafmagnsheimtaug að sumarhúsi við Breiðholtsveg.

20. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að auka rafmagnskerfið á Digraneshálsi, samkv. áætlunum í bréfi hans, dags. 26. f.m. Heimtaugargjald ákveðið kr. 1200.- fyrir hvert hús.

21. Lagt fram og rætt frv. rafmagnsstjóra að nýrri gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

22. Erindi Óla Valdimarssonar, dags. 28. f.m., um rafmagnshitun í húsinu Efstasundi 21, vísað til rafamgnsstjóra til afgreiðslu.

23. Jón A. Pétursson bar fram svohljóðandi tillögu:

"Í sambandi við skýrslur rafmagnsstjóra og tillögur hans um athuganir og virkjanir á tilteknu orkuveitusvæði, samþykkir bæjarráð að leggja til við bæjarstjórn að keyptur verði nýr jarðbor af fullkominni gerð til gufu- og heitavatnsborana í Hengli eða á öðrum nærliggjandi stöðum, er líklegir teljast til orkugjafar.
Sé þessu flýtt sem verða má, með það fyrir augum, að rannsóknir og niðurstöður geti legið fyrir hið fyrsta, til samanburðar við aðra þá möguleika er til greina þykja koma".

Samþ. að óska eftir umsögn rannsóknarráðs ríkisins um tillöguna.

24. Lagðar fram skýrslur byggingarfulltrúans í Reykjavík um byggingar í bænum árin 1942 og 1943.

25. Bæjarráð mælir með frv. borgarstjóra til laga um byggingamálefni Reykjavíkur, að aðalefni til.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.
Helgi H. Eiríksson.
Guðm. Ásbjörnsson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Jakob Möller.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, föstudaginn 8. septbr.,kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Bústaðabl. XII, hálfu, fyrir kr. 15.000.-. Hafnað.
2. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Rauðarárholt I.
3. Boðinn forkaupsréttur að leigulandinu Árbæjarbletti 49 fyrir 150 krónur. Hafnað.
4. Synjað beiðni um leigu á hornlóðinni nr. 102 við Laugaveg, þar sem h.f. Agli Vilhjálmssyni var nýlega gefinn kostur á lóðinni.
5. Lögð fram beiðni um lengri en 10 ára leigusamning um lóðina Langholtsveg 9. Frestað.
6. Erindi Ingibergs Þorkelssonar og Þorkels Ingibergssonar um byggingarlóðir vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
7. Erindi frá h.f. Sútunarverksmiðjunni, dags. 31. f.m., um iðnaðarlóð, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
8. Bæjarráð synjar fyrir sitt leyti beiðni um að fella burtu undirgang, sem er gegnum húsið nr. 6 við Brávallagötu.
9. Erindi frá Guðm. Jónssyni og Helga B. Björnssyni um byggingu bílskúra á lóðunum við Melabyggingarnar, vísað til skipulagsmanna bæjarins til umsagnar.
10. Bæjarráð vísar til byggingarnefndar erindi Iðnaðarmannafélagsins um viðbótarbyggingu við Iðnskólann vestanverðan, en mælir með beiðninni með þeim skilmálum er nefndin setur.
11. Lagt fram bréf til bæjarstjórnar, dags. 6.þ.m., frá Þórði Jasonarsyni, Sóleyjargötu 23, varðandi byggingu á leigulóðinni Háteigsvegi 18. Vísað til bæjarstjórnar.
12. Lagt fram bréf Skipulagsnefndar, dags. 1.þ.m., varðandi byggingu leikfimishúss á háskólalóð. Ákveðið að fá umsögn bæjarverkfræðings og húsameistara um málið.
13. Eftir tillögu hitaveitustjóra samþykkir bæjarráð að láta vinnuheimili Sambands ísl. berklasjúklinga á Reykjum fá heitt vatn til upphitunar, þann tíma árs sem nægilegt vatn er til, enda verði séð fyrir varahitun, sem grípa megi til er þörf gerist.
14. Lagðar fram tillögur frá Gísla Guðnasyni,verkstjóra, dags. 8. þ.m., varðandi breytt vinnulag við sorphreinsunina. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
15. Borgarstjóra heimilað að semja við Verkstjórafélag Íslands um kjör verkstjóra, sem vinna hjá bænum.
16. Samþ. að veita Þorláki Jónssyni, Grett. 6, löggildingu til að starfa við lágspennuveitur í Reykjavík.
17. Lagður fram reikningur Gagnfræðaskóla Reykvíkinga skólaárið 1943 -'44.

Fundi slitið.
Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
H.H.Eiríksson.

Jón A. Pétursson.
Jakob Möller.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, föstudaginn 15. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Lagt fram frv. að breytingum á 3. grein í gjaldskrá fyrir heimæðar hitaveitu Reykjavíkur. Bæjarráð mælir með frv.
2. Lagt fram bréf frá Þingstúku Reykjavíkur, dags. 14. þ.m., með áskorun um að lokað verði veitingastöðum í Hafnarstræti. Vísað til umsagnar lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar.
3. Erindi frá kvikmyndafélaginu Saga h.f., um lóð fyrir leikhús við Barónsstíg, á milli Sundhallar og Egilsgötu, vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara bæjarins til ath.
4. Erindi Árna O. Pálssonar, Hringbraut 139, um leyfi til að byggja bílskúr við Melabyggingarnar vísað til skipulagsmanna bæjarins.
5. Bréfi frá sölunefnd setuliðseigna, dags. 13. þ.m., þar sem boðinn er forkaupsréttur að nokkrum hermannaskálahverfum, vísað til húsaleigunefndar til umsagnar.
6. Bæjarráð synjar leyfis til að setuliðshús við Baldurshaga megi standa þar áfram. Svar við bréfi frá Ólafi Ólafssyni, dags. 18. f.m.
7. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að láta rífa svonefnd "Frönsku hús" við Skúlagötu.
8. Sakadómari tilkynnir að Brandur Brynjólfsson lögfr. hafi sagt lausu lögregluþjónsstarfi frá 1. þ.m.
9. Erindi Sigurðar Kristjánssonar, Berg.28 B, varðandi lóðina Hjallaveg 35, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
10. Samþ. að heimila borgarstjóra að ráða Þór Sandholt sem fastan aðstoðarhúsameistara bæjarins.
11. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, dags. 7. þ.m., þar sem tilkynnt er ályktun heilbrigðisnefndar 6. þ.m. um tilboð frá Axel Kristjánssyni o.fl. um sorphreinsun í bænum.
12. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 6. þ.m.
13. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, dags. 7. þ.m., þar sem tilkynnt er að heilbrigðisnefnd hafi á fundi 6.þ.m. ályktað, að tímabært sé að sett verði lög um eyðingu rottu í landinu. Borgarstjóra falið að láta semja frv. til laga um þetta efni.
14. Eftir tillögu lögreglustjóra var samþ. að leggja til að frk. Sigríður Erlingsdóttir verði skipaður lögregluþjónn. Jafnframt samþykkti bæjarráð, að hún haldi fullum launum um 4 - 5 mánaða tíma, á meðan hún dvelur í Englandi, til að kynnast störfum heilbrigðislögreglunnar þar.
15. Húsameistara og íþróttaráðunaut falið að ráða fram úr kaupum íþróttaáhalda til Laugarnesskólans.
16. Lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 9.þ.m., þar sem ítrekuð eru tilmæli ráðuneytisins, um að bæjarstjórn tilnefni menn í mjólkursölunefnd skv. 8. gr. laga nr. 1/1935. Vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Synjað beiðni Fanneyjar Tryggvadóttur og Sig. Eyþórssonar um að verða fastir starfsmenn.

18. Lagt fram bréf frá skólastjóra Gagnfræðaskólans í Reykjavík með eftirriti af bréfi hans til yfirstjórnar fræðslumálanna, dags. 14. þ.m., varðandi húsnæðisvandræði skólans.

19. Ágúst Sigurðsson forstöðumaður námsflokka Reykjavíkur sækir um aukinn styrk til starfseminnar nú á þessu ári, að upphæð kr. 6120.- vegna kauphækkunar fastra stundakennara. Bæjarráð mælir með erindinu.

20. Erindi frá Jóhanni Sveinssyni, starfsmanni við Bæjarbókasafnið, um kauphækkun, vísað til forstöðumanns safnsins til umsagnar.

21. Lögð fram umsókn frá kvikmyndafél. Saga, dags. 11. þ.m., um leyfi til kvikmyndasýninga í væntanlegu leikhúsi félagsins.

22. Samþ. tillaga baðhúsvarðar um eftirfarandi verð á böðum í Baðhúsi Reykjavíkur : Kerlaug kr. 2.oo, steypiböð kr. 1.50, almenningssteypiböð kr. 1.oo.

23. Beiðni Jóns Pálssonar um rafmagnshitun í húsinu Kambsvegi 17 vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

24. Umsókn Júlíusar Guðmundssonar, Fram. 29 og Sig. Þorsteinssonar, Berg. 64, um heimtaug að sumarbústöðum við Hólmsá, vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

25. Rafmagnsstjóra falið til umsagnar erindi um raftaugar að íbúðarhverfinu við Grafarholt.

26. Erindi Ingólfs Guðmundssonar, Efstasundi 10, um rafmagn til hitunar á bakarofni í húsinu, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

27. Umsókn Sveinlaugar Þorsteinsdóttur, Bröttug. 3, um meðmæli til að fá veitingaleyfi, vísað til bæjarstjórnar.

28. Lögð fram greinargerð frá rafmagnsstjóra fyrir tillögum hans um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller. Helgi H. Eiríksson.

Sigfús Sigurhjartarson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

År 1944 fimtudaginn 21.septbr. kl. 11 f.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um tillögur rafmagnsstjóra að nýrri gjaldskrá fyrir Rafmagnsveituna.

Ákveðið að bæjarráð skipi 3 menn í undirnefnd, einn fulltrúa frá hverjum stjórnmálaflokkanna, til athugunar á gjaldskrárfrumvarpinu, en afgreiðslu málsins verði frestað á bæjarstjórnarfundi í dag.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson     Jón Axel Pétursson

Jakob Möller     Helgi H. Eiríksson

Sigfús Sigurhjartarson

18.Samþ. að gefa Ingibergi Þorkelssyni og Þorkeli Ingibergssyni kost á leigulóð á Melunum, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, til þess að reisa á henni fjórlyft íbúðarhús.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, föstudaginn 22. septbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Lögð fram yfirlýsing Magnúsar Jónssonar, Lvg. 27, dags. 19. þ.m., varðandi leiguréttindi að lóðinni Langholtsvegi 17. Samþ. að gefa Gesti Guðmundssyni, Lvg. 49 A, kost á lóðinni.

2. Bæjarráð vill ekki verða við beiðni Ásgeirs Þorsteinssonar verkfræðings um að selja honum iðnaðarlóðina við Köllunarklettsveg, sem hann hefir leigt undanfarið.

3. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 14. þ.m., þar sem ráðuneytið samþykkir að tekin verði skuldabréfalánin, sem bæjarstjórnin ákvað að taka á fundi 7.þ.m.

4. Lagt fram bréf frá fjármálaráðuneytinu, dags. 15. þ.m., þar sem heitið er ríkisábyrgð fyrir hinu nýja skuldabréfaláni, sem tekið verður til endurgreiðslu á sænska láni Sogsvirkjunarinnar.

5. Lagt fram bréf frá Slysavarnafélagi Íslands, dags. 15. þ.m., með beiðni um leyfi til kvikmyndasýninga.

6. Bæjarráð hefir ekki á móti því, að félaginu Heimdalli verði veitt leyfi til að setja upp og reka spilakassa fyrir félagsmenn.

7. Lagt fram bréf frá skólanefnd Gagnfræðaskóla Reykvíkinga, dags. 15. þ.m., með fyrirspurn um, hvort bæjarstjórn hafi á móti því, að innheimt verði 100 kr. gjald fyrir hvern nemanda skólans, er verði lagt í húsbyggingarsjóð skólans. Bæjarráð telur rétt að leggja málið í hendur skólanefndarinnar til úrskurðar.

8. Erindi frá skólastjórum barnaskólanna, dags. 21. þ.m., varðandi laun stunda- og forfallakennara nú í vetur, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

9. Umsókn frá Guðjóni B. Jónssyni um byggingu á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXX. Synjað.

10. Lögð fram umsögn Þórs Sandholts, húsameistara, um húsið á Langholtsvegi 9. Synjað um leigumála um lóðina til lengri tíma en 10 ára.

11. Beiðni Bjarna Bjarnasonar læknis um leyfi til að setja bráðabirgðabílskúr við Garðastræti vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

12. Eftir beiðni Sigurjóns Pálssonar var samþykkt að gera leigusamning um lóðina Háteigsveg 28 við Jóhannes Zoega Magnússon, Bústaðabletti 15, og Guðbrand Þorkelsson, Sólv. 60.

13. Bæjarráð telur ekki fært að sinna, að svo stöddu, tilmælum frá íbúum við Grafarholt um vegarlagningu að húsum þeirra.

14. Synjað erindi um rafmagnsheimtaug að Helgafelli í Mosfellssveit.

15. Beiðni um rafmagnsheimtaug að FossvogsblettiXVII vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

16. Samþ. að leggja fram 1000 kr. til fiskiræktar í Þingvallavatni. Rafmagnsveitan leggi framlagið til, sem eigandi Úlfljótsvatns.

17. Lagt fram bréf frá rafmagnsstjóra, dags. 18. þ.m., um aukningu skrifstofuhúsnæðis fyrir Rafmagnsveituna.

18. Samþ. að gefa Ingibergi Þorkelssyni og Þorkeli Ingibergssyni kost á leigulóð á Melunum, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, til þess að reisa á henni fjórlyft íbúðarhús.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lögð fram tillaga varðandi heimavistarskóla í Valhöll á Þingvöllum nú í vetur, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær. Samþ. að biðja skólastjóra gagnfræðaskólanna og fræðslufulltrúa að athuga möguleika fyrir framkvæmdum.

20. Lagðar fram eftirfarandi tillögur, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær:
Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni:

"Bæjarstjórn samþykkir að heimila skólanefndum barnaskólanna, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra, að ráða sem fasta starfsmenn baðverði, dyraverði, umsjónarmenn og annað starfsfólk eftir því sem nauðsynlegt er talið á hverjum tíma".

Frá borgarstjóra: Tillagan orðist svo:
" Bæjarstjórn felur borgarstjóra að ráða hér eftir sem hingað til baðverði, dyraverði, umsjónarmenn og annað slíkt starfsfólk við barnaskólana, enda hafi hann samráð við bæjarráð og skólanefndir um ráðninguna".

Brt. frá Steinþóri Guðmundssyni við tillögu borgarstjóra:
Á eftir orðunum " ráða" komi: " sem fasta starfsmenn".
Atkvæðagreiðsla um tillögurnar fór þannig, að brt. Steinþórs Guðmundssonar var felld með 3:1 atkv., tillaga borgarstjóra samþykkt með 3:1 atkv. og tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar felld með 3:1 atkv.

21. Samþ. að skifta iðnaðarlóðinni nr. 12 við Höfðatún, eftir tillögu bæjarverkfræðings, og leigusamningur við h.f. Öskju verði aðeins gerður um hæfilega stóra lóð, miðað við byggingunum sem félagið hefir látið reisa.

22. Afturkölluð vilyrði, sem gefin hafa verið fyrir leigusamningi um lóðirnar nr. 24 og 26 við Brautarholt, þar sem liðnir eru frestir án þess að nokkuð hafi verið aðhafst.

23. Eftirfarandi lóðarúthlutun samþykkt, enda verði hafist handa um byggingar fyrir 1. nóvbr. næstk.:

| | |
|---|---|
| Guðm. Magnússon o.fl., Meðalh. 8, | fá Brautarholt 24, |
| Sútunarverksmiðjan h.f.,Vegh.9, | fær Brautarholt 26 |
| Guðm. H.Þorláksson,Bræðr. 10, | - Kirkjuteig 14, |
| Ólafur Pálsson, Efstasundi 12, | - Hjallaveg 31 |
| Sigurgeir Jóhannsson, Hvg. 99 A | - - 29, |
| Vilhjálmur Guðmundsson | - Stórholt 27. |

24. Lagðir fram og samþ. frumuppdrættir að íbúðarhúsum við Skúlagötu. Húsameistara falið að halda áfram undirbúningi bygginganna á grundvelli teikninganna.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson.
Jakob Möller. Jón Axel Pétursson.

Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARRÁÐ REYKJAVÍKUR.

Ár 1944, föstudaginn 29. sept. e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti LV. fyrir kr. 24.000.oo. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXVIII. fyrir kr. 5000.oo. Hafnað.

3. Samþ. að leigja Helga Ásgeirssyni, Grettisg. 64, leigulandið Árbæjarblett 57.

4. Umsókn frá samvinnufél. Hreyfli um lóðarleigusamning um hluta bæjarsjóðs af bílastöðvarlóðinni við Kalkofnsveg vísað til borgarstjóra til athugunar.

5. Erindi frá Jóhanni Jónassyni o.fl. um rafmagnsheimtaug að hænsnabúi við Lágafell. Synjað.

6. Erindi frá Ástu Gísladóttur um aðstoð til að gera hermannaskála íbúðarhæfan, vísað til borgarstjóra til meðferðar.

7. Synjað erindi um stærri byggingu á Árbæjarbletti 70, heldur en leigusamningur heimilar.

8. Bæjarráð vill ekki leigja Sláturfélagi Suðurlands svonefnda "Frönsku" húsa lóð við Skúlagötu til framtíðar.

9. Lögð fram matsgerð á endurkaupsverði erfðafestulandsins Norðurmýrarbl.VIII.

10. Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu, sem bæjarráð mælir með: Bæjarstjórn samþykkir að reisa skrifstofuhús fyrir bæjarskrifstofur og aðrar stofnanir bæjarins. Er borgarstjóra og bæjarráði falið að semja um kaup á lóð hafnarsjóðs við Arnarhól, í þessu skyni, svo og að hefja annan nauðsynlegan undirbúning nú þegar.

11. Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu sem bæjarráð mælir með, með 3 : 2 atkv.: Bæjarstjórn samþykkir að heimila borgarstjóra að veita Elliheimilinu "Grund" aðstoð til þess að reisa ca. 2000 rúmmetra hús á horni Blómvalla- og Brávallagötu, í því skyni að heimilið geti tekið við a.m.k. 50 fleiri vistmönnum en það hefur nú.
Heimildin nær til að ábyrgjast f.h. bæjarsjóðs allt að 500 þús. króna lán, er endurgreiðist á 20 árum með 4% ársvöxtum, og verði tryggt með 1. veðrétti á fyrirhugaðri byggingu og ennfremur með veði og uppfærslurétti í eigninni Hringbraut 150, næst á eftir þeim veðböndum, sem nú hvíla á eigninni.
Ennfremur er heimilað að leggja fram úr bæjarsjóði til byggingarinnar kr. 150.000.oo, er verði ásamt með skuld Elliheimilins við Gamalmennahælissjóð (ca. kr. 172.000.oo) og bæjarsjóð (kr. 50.000.oo) framlag bæjarins til stofnunarinnar.
Þessi framlög bæjarins verði því aðeins endurkræf. að Elliheimilið verði ekki rekið skv. gildandi skipulagsskrá á hverjum tíma, en núgildandi skipulagsskrá þess er dagsett 23. janúar 1925, og staðfest 30. sama mán. og verður henni ekki breytt nema með samþykki bæjarstjórnar.
Verði framlögin endurkræf skv. framansögðu falla þau í gjalddaga fyrirvaralaust.
Þessi samþykkt er gerð í stað samþykktar bæjarstjórnar 4. maí s.l., sbr. 9. lið fundargerðar bæjarráðs 21. apríl.

12. Samþykkt að verða við erindi Karls Sæmundssonar Ljósv. 28, dags. 23. þ.m., um afnot af skúr við Ísbjörninn til bráðabirgða.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lögð fram lög Íþróttabandalags Reykjavíkur.

14. Synjað erindi Tónlistafélagsins um leyfi til að byggja tónlistahöll á lóð norðanvert við Arnarhól.

15. Lagt fram erindi frá sóknarnefnd Hallgrímssóknar, dags. 23. þ.m., varðandi byggingu Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð. Vísað til bæjarstjórnar.

16. Meirihl. bæjarráðs mælir með því að verja úr bæjarsjóði kr. 5000.oo til kaupa á girðingarefni, skv. tilboði skógræktarstjóra í bréfi 22. þ.m.

17. Synjað beiðni frá Holger S. Clausen, Lvg. 19, um leigu á sölubúð í hótel Heklu.

18. Erindi frá íþróttafélögunum um aukinn tíma til æfinga í Sundhöllinni vísað til forstjórans til umsagnar.

19. Lagt fram bréf frá Rannsóknarráði ríkisins, dags. 20. þ.m., varðandi kaup á jarðbor til rannsóknar á gufuorku. Samþykkt að leita tilboða um sölu á jarðbor.

20. Synjað erindi frá Sigrúnu S. Bjarnar um hærra endurkaupsverð eftir Mómýrarblett en samningar segja um.

21. Borgarstjóra falið til meðferðar erindi frá teiknistofu Gísla Halldórssonar & Sigv. Thordarson um greiðslu á reikningi fyrir tillöguuppdrætti að einbýlishúsum.

22. Lögð fram álitsgerð Ingimars Jónssonar, Knúts Arngrímssonar og Jónasar B. Jónssonar um skólahald í Valhöll á Þingvöllum, dags. 26. þ.m.

23. Samþ. með 4 : 1 atkv. að heimila borgarstjóra að ráða Sigmund Halldórsson húsameistara sem aðstoðarmann byggingarfulltrúa fyrst um sinn, með launum skv. 3ja launaflokki.

24. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 26. þ.m., varðandi upphitun húsa í úthverfum bæjarins. Bæjarráð felst á tillögu rafmagnsstjórans í bréfinu.

25. Erindi Ara K. Eyjólfssonar um rafmagnsheimtaug í bílskúr synjað.

26. Synjað tilboði frá Axel Kristjánssyni o.fl. um sorphreinsun í ákvæðisvinnu.

27. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 26. þ.m.

28. Synjað erindi frá Ragnari Péturssyni um leyfi til sölu á kjöti og kjötvörum úr bifreið.

29. Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dags. 26. þ.m., varðandi yfirtöku bæjarins á tveimur hermannaskálahverfum. Falið borgarstjóra til meðferðar.

30. Lögð fram umsögn bókavarðar Bæjarbókasafnsins um erindi Jóhanns Sveinssonar.

31. Lagt fram bréf frá Bandalgi starfsmanna ríkis og bæja, dags. 27. þ.m., þar sem tilkynnt er ályktun 4. þings bandalagsins um að skora á bæjarstjórnir, að samræma launasamþykktir sínar við frv. til laga um laun ríkisstarfsmanna, sem liggur fyrir Alþingi.

32. Lagt fram bréf frá skólastjóra Austurbæjarskólans, dags. 26.þ.m., með umsögn um erindi nokkurra starfsmanna skólans um að verða fastir starfsmenn.

33. Samþ. að ráða Finn Th. Jónsson sem bókara í bæjarskrifstofunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34. Samþ. að skipa Kristínu Þorfinnsdóttur sem skrifara í endurskoðunardeild með launum skv. XII. launaflokki.

35. Lagt fram bréf frá Byggingarfélagi verkamanna, dags. 6. júlí s.l., svo og bréf frá Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur, dags. 25. þ.m., með umsögnum félaganna um það, hverjar breytingar þau telji æskilegar á gildandi löggjöf um verkamannabústaði og byggingarsamvinnufélög í því skyni að örfa byggingarframkvæmdir.

36. Samþ. að ráða Hauk Eyjólfsson, sem fulltrúa hjá Hitaveitunni með 3 atkv. Gunnar Gíslason fékk 2 atkv.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson, Sigfús Sigurhjartarson,
Jakob Möller, Helgi H. Eiríksson,
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð

Ár 1944, fimmtudaginn 5.oktbr., kl. 11 f.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um gjaldskrárfrumvarp fyrir Rafmagnsveituna.

Í undirnefnd til athugunar á fyrirliggjandi gjaldskrárfrumvarpi hafa starfað með rafmagnsstjóra þeir

Friðfinnur Ólafsson fyrir Alþýðuflokkinn

Helgi H. Eiríksson fyrir Sjálfstæðisflokkinn

Sigfús Sigurhjartarson fyrir Socialistaflokkinn

Gerði þeir Sigfús Sigurhjartarson og Helgi H. Eiríksson grein fyrir tillögum sínum í málinu, sem eru að aðalefni þær, að Helgi H. Eiríksson leggur til, að frv. rafmagnsstjóra verði samþykkt óbreytt, en hinir nefndarmennirnir leggja til að gjaldskrárliðir A, B og C verði hækkaðir um sem næst 20% frá gildandi gjaldskrá, en gjaldskrárliður D um sem næst 40%.

Málinu vísað til bæjarstjórnar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson H. Guðmundsson

H.H.Eiríksson Jakob Möller

Sigfús Sigurhjartarson

15. Erindi frá Þorsteini Þorsteinssyni f.h. Litlu bílstöðvarinnar um lóð fyrir bifreiðaafgreiðslu á milli Hverfisgötu og Laugavegar, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

702

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1944, föstudaginn 13. október, kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá Kristínu Guðmundsdóttur um heitt vatn til hitunar á gróðurhúsi, vísað til hitaveituforstjórans til afgreiðslu, þó með þeim hætti, að lokað verði fyrir vatnið þegar hitaþörf bæjarins krefst þess.

2. Samþ. að verða við erindi Jóns Sigurðssonar verkfr. um uppbætur fyrir aukavinnu við hitaveituframkvæmdirnar, svo og að hann verði skipaður deildarverkfræðingur frá 1. nóvbr. næstk.

3. Samþ. að greiða Höskuldi Ágústssyni aðalvélgæzlumanni Hitaveitunnar laun skv. III. launaflokki.

4. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Bústaðabl. VII fyrir kr. 60.000,- Hafnað.

5. Bæjarráð fellur frá forkaupsrétti að erfðafestulandinu Sogabletti 8, skv. uppboðsafsali 17. oktbr. 1934.

6. Eftir beiðni Gísla Björnssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 43 við Stórholt við Sigfús Sigurðsson, Höfðaborg.

7. Eftir beiðni Jóns H. Kristjánssonar, Efst. 12, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Mjóuhlíð 8 við Þorstein Löve Hringbr. 203 og Jón sjálfan.

8. Eftir beiðni Þorkels Ingibergssonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Rauðarárstíg 9 við Eirík Gröndal, Lvg. 124, o.fl.

9. Með því að Þorvaldur Brynjólfsson, Hofsv. 16, hefir afsalað sér lóðinni Sundlaugav. 9 B, enda ekki aðhafst um framkvæmdir, var samþ. að gefa Þorvaldi Helgasyni, Lnv. 38, kost á lóðinni, skv. umsókn 9. þ.m.

10. Erindi Helga Guðmundssonar og Magnúsar Stefánssonar um staði fyrir fisksölubúðir í Laugarneshverfi og Kleppsholti, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

11. Samþ. að gefa Vilhj. H. Vilhjámssyni, Þórsg. 10, kost á leigulóðinni Langholtsvegi 42, enda hefji hann byggingarframkvæmdir á lóðinni fyrir áramót næstk.

12. Synjað erindi frá Jósef Halldórssyni og Kristjáni Kristmundssyni um leyfi til bygginga við Laugarnesveg 92-94.

13. Pétur Magnússon, Lvg. 144, býður forkaupsrétt að hænsnabúi á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXVI. Bæjarráð tekur fram, að framleiga á hluta af landinu sé óheimil og verði ekki tekin ákvörðun um sölu eða yfirfærslu á lóðarréttindum með hænsnahúsinu sérstaklega.

14. Erindi Hannesar Agnarssonar, Sólv. 27, um lóð undir lítið timburhús, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

15. Erindi frá Þorsteini Þorsteinssyni f.h. Litlu bílstöðvarinnar um lóð fyrir bifreiðaafgreiðslu á milli Hverfisgötu og Laugavegar, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Samþ. til bráðabirgða að verða við erindi Eggerts Davíðssonar um vatn og rafmagn að bráðabirgðahúsi við Skerjafj.

17. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að greiða Höllu Jóhannsdóttur og Guðrúnu Guðmundsdóttur laun skv. XII. flokki.

18. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að Ríkisútvarpinu verði gefið fyrirheit um lóð undir útvarpshús á horni sunnan Hringbrautar og vestan Suðurgötu, eftir því sem fyrirhugað skipulag leyfir- og þegar er lóðin verður laus til bygginga.

19. Bæjarverkfræðingi falið að athuga umsókn rafmagnsstjóra um lóð undir aðveitustöð í Vesturbænum vegna aukninga bæjarkerfis Rafmagnsveitunnar.

20. Erindi rafmagnsstjóra um lóð undir spennistöð við Garðastræti 16, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

21. Rafmagnsstjóra heimilað að verða við beiðni Kristjáns Elíassonar, Rán. 4, um rafmagnsheimtaug að húsi við Kaplaskjólsveg.

22. Rafmagnsstjóra heimilað að verða við beiðni Aðalsteins Jónssonar, Almannadal, um rafmagnsheimtaug.

23. Rafmagnsstjóra heimilað að greiða Jóhanni Einarssyni laun skv. IX. launaflokki, sem gæzlumanni spennistöðva.

24. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leggja rafmagnsheimtaug að Helgafelli í Mosfellssveit.

25. Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dags. 28. f.m., með tilkynningu um að ráðuneytið hafi staðfest breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, sem samþ. voru í bæjarstjórn 21. f.m., svo og bréf sama ráðuneytis, dags. 10. þ.m., með tilkynningu um staðfestingu á breytingu á gjaldskrá fyrir heimæðar Hitaveitunnar, sem bæjarstjórn samþykkti 5. þ.m.

26. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leggja lágspennukerfi um Selás- og Árbæjarland.

27. Lagt fram bréf frá heilbrigðisfulltrúa, dags. 10. þ.m., með frv. að reglugerð um sorphreinsun í bænum. Falið borgarstjóra til frekari athugunar.

28. Samþykkt að fela rafmagnsstjóra, hitaveitustjóra, bæjarverkfræðingi og borgarritara að gera frumtillögur að fyrirkomulagi fyrirhugaðrar skrifstofubyggingar við Arnarhól.

29. Lagt fram bréf frá skipulagsstjóra, dags. 2. þ.m., varðandi umferðarmiðstöð í Reykjavík.

30. Borgarstjóra heimilað að gera lóðarleigusamning við samvinnufél. Hreyfill um bílastæðislóð félagsins við Kalkofnsveg til jafnlangs tíma ( ca. 5 ára) og ríkissjóður hefir leigt félaginu sinn hluta stöðvarlóðarinnar.

31. Erindi frá Birni O.Björnssyni um strætisvagnaferðir að Blesugróf vísað til afgreiðslu borgarstjóra og forstjóra Strætisvagnanna.

32. Bæjarráð samþykkir erindi lögreglustjóra 5. þ.m. um kaup á nýju bifhjóli.

33. Forstjóri Sundhallarinnar, frk. Sigríður Sigurjónsdóttir, segir lausu starfi sínu frá næstu áramótum. Samþ. að auglýsa stöðuna með umsóknarfresti til 15. nóvbr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34. Lögð fram umsókn frá Ásu Guðmundsdóttur og Helgu Kristjánsdóttur, Hringbr. 137, um styrk úr bæjarsjóði til að halda kvöldnámskeið í matreiðslu nú í vetur. Bæjarráð mælir með umsókninni.

35. Lagðar fram skýrslur um starfsemi Ráðningarstofunnar í ágúst-septbr. þ.á.

36. Samþ. að heimila borgarstjóra að semja við Jóhann Briem um skreytingu á forsal Laugarnesskóla.

37. Lagt fram bréf frá Pétri Péturssyni, Skólav. 16A, varðandi betri íbúð.

38. Lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 28. f.m., varðandi jarðhitarannsóknir í Innstadal. Borgarstjóra falið málið til frekari meðferðar.

39. Synja erindi frá Aðalsteini Gíslasyni, Barón. 63, um greiðslu skaðabóta vegna þess að honum hurfu verkfæri við hitaveituvinnuna síðastl haust.

40. Bæjarráð samþykkir tillögu skólanefndar Miðbæjarskólans 15. septbr. um kennslustundafjölda Guðm. Jónssonar og Þorst. G. Sigurðssonar, svo og tillögu skólanefndar Laugarnesskólans 26. septbr. um stundafjölda Hermanns Þórðarsonar.

41. Bæjarráð samþykkir að mæla með frv. til laga um heilsuverndarstöðvar, sem liggur nú fyrir Alþingi.

42. Samþ. að greiða laun byggingarfulltrúa skv. II. launaflokki.

43. Borgarstjóra heimilað að láta reisa viðgerðarskýli fyrir strætisvagna hjá geymsluskúrum vagnanna á Kirkjusandi.

44. Samþ. að láta gera barnaleikvelli hjá Selbúðum, 1.) við Sólveyjargötu og Hringbraut, 2.) á Vitatorgi, 3.) við Barónsstíg, 4.) (á milli Njálsg. og Bergþórugötu) og hjá verkamannabústöðunum í Rauðarárholti. 5.) Ennfremur var borgarstjóra falið að leita eftir því hjá lóðareiganda, hvort bærinn geti fengið svæði til leikvallagerðar í Landakotstúni. 6.) Loks var verkfræðingum bæjarins og húsameistara falið að gera tillögu um skipulag Hringbrautar, sunnan Eiríksgötu. 7.)

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.
Guðrún Jónasson.

Sigfús Sigurhjartarson.
Helgi H. Eiríksson.

H. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1944, föstudaginn 20. október, kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá Guðveigi Þorlákssyni Sandhóli o.fl. íbúum í Blesugróf, um vatnsleiðslu að bráðabirgðahúsum þeirra, vísað til vatnsveitustjórans til meðferðar.

2. Lagt fram bréf frá Kristni Kristjánssyni, Háv. 53 um vatnsleka nálægt húsi hans, svo og umsögn forstjóra vatnsveitunnar.

3. Beiðnum um að fá lánaða miðstöðvarofna af birgðum hitaveitunnar, gegn greiðslu í sama, vísað til hitaveituforstjórans til afgreiðslu.

4. Samþ. að gefa Zophoníusi Snorrasyni kost á leigulóðinni Stórholti 29, enda verði hafist handa um byggingu á lóðinni fyrir áramót.

5. Samþ. að leyfa Baldri Jónssyni að reisa forstofu við íbúðarhúsið á Laugamýrarbletti XXXIV.

6. Samþ. að leyfa byggingu fuglahúss úr timbri á erfðafestulandinu Sogabletti XV.

7. Samþ. að leyfa byggingu á forstofu úr vikurholsteini við íbúðarhúsið á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XX.

8. Erindi frá byggingarnefnd Neskirkju, dags. 17. þ.m., um afhendingu lóðar undir kirkjubygginguu, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

9. Lagt fram bréf frá Sláturfélagi Suðurlands, dags. 16. þ.m., varðandi not Frönsku húsanna við Skúlagötu og lóðarinnar með þeim. Bæjarráð telur ekki unnt að falla frá fyrri samþykkt sinni um að láta rífa húsin og að ráðstafa lóðinni ekki til frambúðar.

10. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að gefa kost á lóð undir Iðnskólabyggingu á svæðinu næst norðan Skólavörðutorgsins, að framlengingu Egilsgötu, frá Vitastíg að núverandi Listvinafélagshúsi.

11. Erindi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 19. þ.m., varðandi hluta af erfðafestulandinu Rauðarártúni II., vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

12. Erindi frá Sölunefnd setuliðseigna 14. þ.m., um skálahverfið Curtis-Camp, vísað til borgarstjóra til athugunar.

13. Erindi frá íþróttafulltrúa bæjarins um framræslu íþróttasvæðisins í Vatnsmýrinni, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

14. Synjað beiðni Helga Lárussonar um rafmagn í herskálahverfi á Digraneshálsi.

15. Beiðni um rafmagnsheimtaug að skúr við Kaplaskjólsveg (29) vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

16. Erindi Tónlistarfélagsins, dags. 16. þ.m., um rafmagnshitun í Þjóðleikhúsinu vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

17. Bæjarráð samþykkir að ákveða eftirfarandi lóðaleigu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Borgartún 1, Dósaverksmiðjan | kr. | 0.60 | pr. ferm. |
| " 3, Rex, h.f. | " | 0.60 | " " |
| " Denfensor | " | 0.20 | " " |
| Hringbraut, Vikurfélagið | " | 0.55 | " " |
| " Steindór Einarsson, | " | 0.65 | " " |
| " Björn Benediktsson | " | 0.55 | " " |
| Skúlagata 30, Steinsteypan | " | 1.00 | " " |
| " 32, Tryggvi Pétursson & Co. | " | 1.00 | " " |
| " 34, Steðji | " | 1.00 | " " |
| Stokkholt 3, Hampiðjan | " | 0.55 | " " |
| Þverholt 20, Hannes Magnússon | " | 0.55 | " " |
| Skúlatún 2, Þórður Jóhannsson | " | 0.60 | " " |
| Holtsgata, Vitamálastjórnin | " | 0.60 | " " |
| Köllunarklettsvegur, Ásg. Þorsteinsson | " | 500.00 | " ha. |
| Jón Guðvarðsson | " | 500.00 | " " |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Leigutími lóðarinnar Skúlatún 2 ákveðinn 40 ár.

19. Leigutími lóðar Vitamálastjórnarinnar við Holtsgötu ákveðinn 40 ár.

20. Umsókn Ásu Guðmundsdóttur og Helgu Kristjánsdóttur um styrk til matreiðslunámskeiða vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

21. Lögð fram umsókn Skíðafélagsins um 2000 kr. styrk á næsta ári.

22. Lagt fram bréf frá Jónasi B. Jónssyni og Ingimar Jónssyni um afnot af stofu í hótel Heklu fyrir kennslu.

23. Eftir tillögu Íþróttabandalags Reykjavíkur var samþykkt þessi úthlutun styrkja til íþróttafélaga á þessu ári:

| | | |
|---|---|---|
| Knattspyrnufélag Reykjavíkur ............. | kr. | 3000.oo |
| Íþróttafélag Reykjavíkur ................. | " | 3000.oo |
| Glímufélagið Ármann ...................... | " | 3000.oo |
| Knattspyrnufélagið Valur ................. | " | 2000.oo |
| " Víkingur ............... | " | 2000.oo |
| " Fram ................... | " | 2000.oo |
| Sundfélagið Ægir ......................... | " | 2000.oo |
| Íþróttafélag kvenna ...................... | " | 1500.oo |
| Tennis- og Badmintonfélagið .............. | " | 1500.oo |
| Skíðaskálastyrkir: | | |
| Skíðafélag Reykjavíkur ................... | " | 5000.oo |
| Knattspyrnufélag Reykjavíkur ............. | " | 5000.oo |
| " Valur .................... | " | 5000.oo |
| " Víkingur ................. | " | 5000.oo |

24. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu skólanefndar Austurbæjarskólans, um að veita Jóhanni Tryggvasyni árs frí frá kennslu með fullum launum til framhaldsnáms í söngfræði erlendis.

25. Lögð fram bréf frá Starfsmannafélagi Reykjavíkur og Lögreglufélagi Reykjavíkur um að bæjarstjórn skipi nefnd, þar sem í eigi sæti fulltrúar félaganna, til endurskoðunar á samþykkt um laun bæjarstarfsmanna og færa til samræmis við frv. til laga um laun starfsmanna ríkisins, sem liggur fyrir Alþingi. Bæjarráð leggur til að skipuð verði 3ja manna nefnd í þessu skyni.

26. Lagt fram bréf frá Starfsmannafélagi Reykjavíkur, dags. 17. þ.m., varðandi stöðuveitingar hjá bænum.

27. Samþ. að heimila skólastjóra Lauganesskólans að ráða til starfa nú í vetur
Dyravörð: Pétur Ingvaldsson, Mararg. 6,
Vörð í drengjasalerni: Gunnar Halldórsson, Kirkjuteig 17,
Baðvörð hjá drengjum: Sveinn J. Vopnfjörð, Týsgötu 1,
" " stúlkum: Júlíönu Pétursdóttur, B.þ. 41,
Eldakonu hjá kennurum: Guðnýju Jónsdóttur Mar. 6.

28. Erindi Hermanns Hjartarsonar kennara, dags. 17. þ.m., vísað til bæjarbókavarðar til umsagnar.

29. Bæjarráð mælir með því að fallið verði frá kauprétti á eignum Sænsk-ísl. frystihússfélagsins.

30. Allmargir búendur við Laugaveg innanverðan og í Sogum kvarta yfir breytingum sem gerðar hafa verið á viðkomustöðum Strætisvagnanna. Ákveðið að fá umsögn forstjóra Strætisvagnanna um málið.

31. Lagt fram bréf frá Barnavinafél. Sumargjöf, dags. 18. októbr., með beiðni um kr. 100.000.- aukafjárveitingu vegna endurbóta á Suðurborg. Vísað til bæjarstjórnar í samb. við fjárhagsáætlun.

32. Lagt fram bréf frá Geir Thorsteinsson útgerðarmanni um fyrirhuguð not bæjarins (Strætisvagnanna) af leigulóð hans á Kirkjusandi. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að festa kaup á geymsluhúsi lóðarleigjanda, ef um verð semst og aðra skilmála, en að öðrum kosti gera ráðstafanir til að láta reisa viðgerðarhús á landinu.

33. Útsvarsmál: Ólafur Jónsson Bergst. 9 B.

Bjarni Benediktsson,

Jakob Möller, Helgi H. Eiríksson,
Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

704

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1944, laugardaginn 28. október, kl. 10 f.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð synjar erindi frá íþróttaráðunauti bæjarins um að klefar Íþróttavallarins verði hitaðir með laugavatni.
2. Bæjarráð synjar erindi um lækkun á heimæðagjaldi hitaveitu af dómkirkjunni.
3. Bæjarráð synjar erindi vitamálastjóra um leyfi til að hafa birgðaskemmu með tunnuþaki ( setuliðsskemmu) á leigulóð vitamálastjórnarinnar við Holtsgötu.
4. Lagðar fram tillögur íþróttaráðunautar að reglum um úthlutun styrkja til íþróttafélaga og til bygginga mannvirkja að reglum um úthlutun landssvæða til íþróttastarfsemi. Ennfremur greinargerð um grundvöll styrkveitinga til íþróttamannvirkja. Frestað til athugunar.
5. Lögð fram umsögn forstjóra Strætisvagnanna um kvartanir, er borist hafa yfir breytingum á viðkomustöðum vagnanna.
6. Samþ. að gera leigusamning um Vitalóðina til sama tíma og samningur gildir um iðnaðarlóðina Skúlagötu 30. Ársleigan ákveðin 80 aurar pr. ferm.
7. Samþ. að leyfa Jóni B. Kristbjörnssyni og Gissuri Símonarsyni að reisa trésmíðavinnustofu á lóð við Laufásveg, enda verði byggingin tekin burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.
8. Samþ. að afturkalla úthlutun eftirgreindra lóða, enda hefir ekki verið fylgt skilyrðum, er sett voru fyrir úthlutuninni : Ásvegur 10, Efstasund 13 og 27, Hjallavegur 33, Langholtsvegur 12 og 54, Kirkjuteigur 19, Skipholt 23, Grenimelur 12 og 14.
9. Stjórn Elli- og hjúkrunarfélagsins Grundar þakkar stuðning þann, er bæjarstjórn hefir heitið að veita til byggingar nýs húss til stækkunar heimilinu.
10. Lagt fram bréf útvarpsstjóra, dags. 24. þ.m., með afriti af bréfi hans til kennslumálaráðuneytisins, varðandi lóð undir fyrirhugaða útvarpsstöðvarbyggingu á Melunum.
11. Bæjarráð synjar erindi um leyfi til að hirða ýmsa hluti, sem kastað hefir verið í sorphaugana við Grandaveg.
12. Lagt fram bréf frá húsaleigunefnd, dags. 26. þ.m., varðandi hermannaskálahverfið Camp Curtis. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
13. Lögð fram umsögn bæjarbókavarðar um erindi Hermanns Hjartarsonar.
14. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um rafmagnshitun á sjúkraskála á Vífilsstöðum.
15. Erindi Gunnars Jónssonar um rafmagnsheimtaug að herskála við Grímsstaði, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
16. Erindi Guðveigs Þorlákssonar o.fl. um rafmagnsheimtaugar í Blesugróf, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
17. Bæjarráð heimilar rafmagnsstjóra að leggja rafmagnsheimtaug að Lágafellskirkju, enda kosti sóknarnefndin heimtaugina að öllu leyti og rafmagn verði selt til ljósa eingöngu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leggja rafmagnsheimtaug að herskála Jónasar Bergmanns við Káranestorg.

19. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um götulýsingu við Seljalandsveg. Ákvörðun frestað.

20. Samþ. að skipa Ólaf Halldórsson aðstoðarm. 1. flokks í bæjarskrifstofunum.

21. Samþ. að áfrýja til ríkisskattanefndar úrskurðum yfirskattanefndar um útsvarskærur nokkurra gjaldenda, eftir tillögu niðurjöfnunarnefndar í bréfi 26. þ.m.

22. Bæjarráð samþykkir að sú kvöð verði sett á allar lóðir, sem látnar verða framvegis á leigu til íbúðarhúsabygginga, að húsin megi ekki selja mönnum, er hafa flutt til bæjarins eftir 9. septbr. 1941, þar til bæjarráð ákveður annað.

23. Borgarstjóra heimilað að semja við Geir Thorsteinsson um leigulandið Kirkjusand vestri ! Afnot bæjarins af setuliðshúsum á landinu, kaup á fiskhúsi, svo og framlengingu leigumálans, skv. frv. er lagt var fram á fundinum.

24. Samþ. eftirfarandi lóðarúthlutun, með skilmálum um að hafist verði handa um byggingu á lóðunum fyrir næstk. áramót :

| | | |
|---|---|---|
| a. | Björn Pálsson, Laugarnesv. 60 | fær Ásveg 10 |
| b. | Magnús Jónsson, Kár. 3 | - Efstasund 13 |
| c. | Ragnar Edvardsson, Samtúni 10 | - - 27 |
| d. | Magnús Jóhannesson, Bank. 6 | - Hjallaveg 21 |
| e. | Sigurður Bjarnason, Þórsg. 20 | - - 23 |
| f. | Tryggvi Oddsson, Grett. 77 | - - 33 |
| g. | Hörður Runólfsson, Samtúni 24 | - Hólsveg 16 |
| h. | Jón Þórarinsson, Skólav. 17 C | - Langholtsv. 12 |
| i. | Halldór Pétursson, Spít. 1 | - - 54 |
| j. | Vilhjálmur Jónsson, Kirkjuteig 15 | - Kirkjuteig 19 |

Lóðirnar a,b,c,f,h,i, eru látnar með þeim skilyrðum, að lóðaleigjandi greiði andvirði mannvirkja á lóðunum (grafttrar) eftir mati trúnaðarmanna bæjarráðs, ef ekki næst samkomulag, og um lóðina j - Kirkjuteig 19 - er ennfremur sett það skilyrði, að Rafmagnsveitunni verði heimilað að taka skák af henni fyrir spennistöð.

| | | |
|---|---|---|
| k. | Friðrik J. Ólafsson, Lvg. 163, | fær Gullteig 13 |
| l. | Guðmundur Jónasson, Rauð. 22 | - lóð við ónefnda |

götu v/Laugarneskirkju, eftir útvísun síðar, báðir með skilyrðum um að þeir sjái sér sjálfir fyrir holræsi frá lóðunum.

25. Samþ. að heimila Kristjáni Guðmundssyni, Samtúni 42, að halda Hátúni 41 til 1. desbr. næstk.

26. Samþ. eftirfarandi lóðarúthlutun, með skilmálum um að hafist verði handa um byggingu fyrir áramót næstk.:

| | | |
|---|---|---|
| Víðimelur | 25: | Birgir Thoroddsen o.fl. |
| - | 27: | Einar B. Guðmundsson o.fl. |
| | 29: | Tómas Jónsson o. fl. |
| Grenimelur | 1: | Elías Halldórsson |
| - | 2: | Ingólfur B.Guðmundsson |
| - | 3: | Gunnlaugur Kristinsson o.fl. |
| - | 4: | Óskar Eyjólfsson |
| - | 5: | Halldór Guðmundsson |
| - | 6: | Þórir Skarphéðinsson |
| - | 7: | Hjálmtýr Pétursson o.fl. |
| - | 8: | Jón Þorkelsson o.fl. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Grenimelur 9 : Ingvar Einarsson o. fl.
" 10 : Ólafur Pálsson o.fl.
" 14 : Felix Guðmundsson.

Reynimelur 22 : Karl Sæmundsson
" 23 : Kristjón Kristjónsson o. fl.
" 24 : Steinþór Eiríksson
" 25 : Bárður Ísleifsson
" 26 : Oddur Jónasson
" 28 : Haraldur Bjarnason o. fl.

Á hverri lóð skal reisa a.m.k. tveggja íbúða hús. Á lóðina Grenimel 10 er lögð sú kvöð, að Rafmagnsveitan megi taka af henni fyrir spennistöð.

27. Bæjarverkfræðingi heimilað að ráða Steinar Guðmundsson til aðstoðar í skrifstofum sínum.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Sigfús Sigurhjartarson.
Helgi H. Eiríksson. Jón Axel Pétursson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

205

BÆJARRÁÐ REYKJAVÍKUR.

Ár 1944, föstudaginn 3. nóvember, kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni frá Steingrími Bjarnasyni Amt. 6 um leigu á lóðinni Ásvegi 10.

2. Synjað beiðni um skiftingu á lóð úr eignarlandi Jóns Einarssonar o.fl. við Baldurshaga.

3. Samþ. að gefa Filippusi Guðmundssyni o.fl. kost á leigulóð til íbúðarhúsabyggingar við Miklubraut, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

4. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufélagi prentara kost á tveimur lóðum við fyrirhugaða götu sunnan Grenimels, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

5. Synjað erindi Kristjáns Þorgrímssonar, Kirkjuteig 11, um lóð við Hringbraut, á milli Grettisgötu og Njálsgötu, undir kvikmyndahús.

6. Samþ. að heimila borgarstjóra að gefa Knattspyrnufél. Fram kost á æfingasvæði, þar sem Grjótnám bæjarins var áður, jafnstóru svæðinu, sem félaginu var ætlað á Mómýrarbletti, enda fellur það fyrirheit úr gildi.

7. Lagt fram bréf frá húsameistara ríkisins, dags. 31. okt., ásamt uppdráttum af fæðingarheimili á Landsspítalalóðinni.

8. Lagt fram bréf frá Hauki S. Björnss. dags. 3. þ.m., með beiðni um að fá leigðan salinn í Hótel Heklu til þess að halda þar bókasýningu í desbr. næstkomandi. Synjað að svo stöddu.

9. Lagt fram bréf frá utanríkisráðuneytinu, dags. 1. þ.m., þar sem ráðuneytið samþykkir, að Reykjavíkurbær kaupi beint af breska setuliðinu hermannaskála þess, sem standa á óútvísuðu eignarlandi bæjarins og hafnarinnar.

10. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að Gunnari Guðmundssyni verði falið eftirlitsstarf með íslenzkukennslu í Laugarnesskólanum, en Hirti Kristmundssyni eftirlit með skriftarkennslu í skólanum. Ennfremur að fela megi Ársæli Sigurðssyni eftirlit með íslenzkukennslu í Austurbæjarskólanum. Greiðsla fyrir eftirlitsstörfin verði með sama hætti og tíðkast hefir í Miðbæjarskólanum.

11. Bæjarráð telur ekki unnt að taka til greina óskir Níelsar Jónssonar um að hann verði aftur gerður að bifreiðastjóra hjá Strætisvögnunum.

12. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að setja megi Guðm. Nikulásson og Bjarna Guðjónsson að 1.fl. línumönnum, en Guðlaug Narfason og Þorstein Sigurðsson að 2.fl. línumönnum, að afloknum tilskildum prófum. Ennfremur samþ. að flytja megi Þorstein Eiríksson í flokk sem línumann 1.flokks.

13. Erindi frá h.f. Þrótti um rafmagn til næturhitunar í húsinu Laugaveg. 170 vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

14. Samþ. að leigutími um lóð Vegagerðarinnar Sætún 6, verði til jafnlangs tíma og lóðina Borgartún 5, Ársleigan ákveðin 55 aur. pr. ferm.

15. Erindi frá Sigurði Gíslasyni lögr.þj. um rafmagnsheimtaug í hermannaskála á Norðurmýrarbletti XXXII, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

16. Lagt fram bréf frá A.S. Höjgaard & Schultz dags. 30. oktbr., varðandi lok hitaveituframkvæmdanna af firmans hálfu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jakob Möller.
Helgi H. Eiríksson.
Sigfús Sigurhjartarson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARRÁÐ REYKJAVÍKUR.

706

Ár 1944, fimmtudaginn 10. nóv., kl. 2 síðdegis, hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Elínu Guðmundsdóttur að byggja inngönguskúr úr timbri við húsið á erfðafestulandinu Kleppsmýrarblettur XIV.

2. Synjað beiðni Útgerðarfélagsins Oddgeirs h/f. um afnot af frönsku húsunum við Skúlagötu.

3. Lögð fram beiðni hafnarstjóra um leyfi til að setja upp 15. tonna vigt í Tryggvagötu framan við hús h/f. Hamars og byggingu skýlis á sama stað. Bæjarráð samþ. að leyfa að vigtin verði sett þarna niður og vísar erindinu til bæjarverkfræðings og hafnarstjóra til afgreiðslu að öðru leyti.

4. Lögð fram beiðni frá Þorkeli H. Jónssyni, Guðmundi Ingvarssyni og Kristni Þórðarsyni um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 100 þús. króna láni til að kaupa vélbát frá Svíþjóð, ásamt umsögn sjávarútvegsnefndar bæjarins.

5. Beiðni Kristjáns Þorgrímssonar, Kirkjuteigi 11, um lóð undir kvikmyndahús, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Samþ. að fresta breytingum á leikfimishúsi Miðbæjarskólans til vors.

7. Lagðar fram skýrslur um lýsisgjafir í barnaskólunum.

8. Lagt fram bréf frá Helgu Kristjánsdóttur og Ásu Guðmundsdóttur þar sem þær þakka fyrir styrk, er þær fengu til matreiðslunámskeiða.

9. Samþ. að veita Íþróttabandalagi Reykjavíkur 30. þús kr. styrk til að festa kaup á Andrews-íþróttahöll ameríska hersins.

10. Lagt fram bréf Þorsteins Einarssonar um viðkomustaði strætisvagna.

11. Lagðar fram breytingartillögur borgarstjóra við uppkast heilbrigðisfulltrúa að reglugerð um sorphreinsun í bænum.

12. Lögð fram beiðni um húsrúm fyrir bindindissýningu á Hótel Heklu. Vísað til borgarstjóra til meðferðar.

13. Lagt fram bréf lögreglustjóra þar sem hann tilkynnir að hann hafi bannað veitingar í kaffivagninum á lóðinni nr. 1 við Pósthússtræti.

14. Lögð fram bréf lögreglustjóra, dags. 4. og 24. okt. um greiðslu fyrir fatnað handa lögregluþjónum. Frstað til athugunar.

15. Lagt fram bréf frá Höjgaard & Schultz A/S., dags. 7. nóv., um hitaveituframkvæmdir.

16. Samþ. að verða við beiðni rafmagnseftirlits ríkisins um rafmagnsheimtaug í hermannaskála við Elliðaár. Leyfið er veitt til bráðabirgða.

17. Samþ. að láta Hermanni Kristjánssyni í té rafmagn til ljósa í fiskskúr á Samtúni 10.

18. Synjað beiðni Guðmundar Jónssonar, Efstasundi 15, um rafmagn til hitunar.

19. Samþ. að taka úr leigu nokkurn hluta af lóðinni nr. 41 við Holtsgötu.

20. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 10. nóv., þar sem ráðuneytið tilkynnir að það muni staðfesta frumvarp að gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, með þeirri breytingu, að heimilistaxtinn B 2 verði 14 aurar hver kwh í stað 16 og herbergjagjaldið í sama lið 20 kr. í stað 24 kr. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn, að þessi breyting verði samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Sigfús Sigurhjartarson. Helgi H. Eiríksson.

Jakob Möller. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

707

BÆJARRÁÐ REYKJAVÍKUR.

Ár 1944, föstudaginn 17. nóvbr., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsblettur XXXII. fyrir kr. 4000.- Hafnað.

2. Samþ. að tilkynna Magnúsi Þórarinssyni Bakk., 1, að starfsræksla fiskimjölsverksmiðju verði ekki leyfð lengur á erfðafestulandinu Sveinsstaðabletti.

3. Samþ. að gefa Júlíusi F. Óskarssyni kost á leigulóðinni Langholtsv. 44, enda verði hafist handa um byggingu á lóðinni fyrir 1. apríl 1945.

4. Samþ. að afturkalla úthlutun iðnaðarlóðarinnar Skipholts 27.

5. Samþ. að gefa kost á eftirfarandi iðnaðarlóðum, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings og með nánari skilmálum síðar:
Ólafur F. Ólafsson Hrísateig 19 fær Skipholt 27,
Jóhann Gíslason Vesturg. 66 - - 29.

6. Samþ. að Ámundi Sigurðsson fái að halda iðnaðarlóðinni Skipholt 23 til 1. apríl 1945.

7. Lagðar fram umsóknir frá 16 umsækjendum um forstjórastarfið við Sundhöllina.

8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Skúlagötu 54 við Gunnlaug B. Melsted og bræðurna Tómas, Kjartan og Guðmund Tómassyni Njg. 110.

9. Samþ. að heimila borgarstjóra að afsala, í makaskiftum, 83.8 ferm. skák úr lóð Baðhússins, gegn því að Oddfellowreglan selji bænum 390.6 ferm. af lóðinni nr. 10 við Vonarstræti, undir framlengingu Thorvaldsensstrætis, enda náist samkomulag um verðlagingu beggja lóðarspildnanna.

10. Synjað beiðni um makaskifti á spildu úr lóðinni Hverfisg. 94 a, við hluta úr lóðinni Hverfisg. 94.

11. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að setja megi upp verzlunarskúr á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLI., enda verði skúrinn tekinn burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu hvenær sem krafist verður.

12. Erindi Hauks S. Björnssonar, Hótel Borg, um leyfi til að hafa bókasýningu í húsnæðinu í Hótel Heklu, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

13. Lagt fram bréf frá formönnum nokkurra íþróttafélaga, dags. 28. septbr., um aukin afnot félaganna af sundhöllinni, ásamt umsögn forstjóra Sundhallarinnar. Málinu vísað til forstjórans til afgreiðslu.

14. Synjað beiðni frá Sálarrannsóknarfélaginu um lóð undir byggingu fyrir starfsemi félagsins í Gróðarstöðinni gegnt Barónsstíg. Beiðninni að öðru leyti vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

15. Lögð fram beiðni frá Tónlistarfélaginu, 17. þ.m., um lóð undir Tónlistarhöll á svæðinu við Barónsstíg vestanvert, milli Eiríksgötu og fyrirhugaðrar framlengingar Leifsgötu. Ákveðið að fá umsögn Skipulagsnefndar um málið.

16. Beiðni Hjálmtýs Péturssonar, Rán. 21, um að fá endurnýjuð meðmæli til að fá veitingaleyfi, vísað til bæjarstjórnar.

17. Lagt fram frv. til laga um eyðingu á rottum og músum. Bæjarráð mælir með frv. að efni til.

18. Samþ. að fela húsameistara bæjarins að leita tilboða um byggingu íbúðarhúsa bæjarins við Skúlagötu 64 - 80. Jafnframt var húsameistaranum falið að gera uppdrátt af dagheimili fyrir börn á lóð við húsin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Lögð fram greinargerð og tillögur Sigfúsar Sigurhjartarsonar varðandi húsnæðis og byggingarmál Reykjavíkur, dags. 9. þ.m..

20. Tilnefnd voru í nefnd til að endurskoða og samræma launasamþykkt bæjarins Helgi H. Eiríksson, bæjarftr. Jón Axel Pétursson bæjarftr. og Petrína Jakobsson skrifari.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson,

Jakob Möller — Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson — Sigfús Sigurhjartarson

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARRÁÐ REYKJAVÍKUR.**

Ár 1944, föstudaginn 24. nóvember, kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Ásgeirs Þorsteinssonar, verkfr. um útvísun erfðafestulands í nágrenni Blesugrófar.

2. Synjað beiðni frá Óskari E. Magnússyni um lóðarréttindi með húsinu Garðstungu við Breiðholtsveg.

3. Lögð fram beiðni frá Lögreglufélagi Reykjavíkur um byggingarlóðir vestan Reykjavegar.

4. Beiðni frá íbúum í húsinu Hringbraut 145 um leyfi til að reisa bílskúra hjá Melahúsunum vísað til húsameistara til athugunar.

6. Eftir beiðni Bjarna Guðbjörnssonar, Lvg. 98 var samþ. að gera lóðarleigusamning um lóðina Grenimel 13, við hann og Gunnar Friðriksson, Efstasundi 3.

7. Samþ. að gefa Ásgeiri Péturssyni, Miðstr. 3, kost á iðnaðarlóð, sem skipt verður úr Höfðatúni 12, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

8. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðarinnar Langholtsvegur 6.

9. Felix Guðmundsson afsalar tilkalli til lóðarinnar Grenimels 14 og Magnús Jónsson tilkalli til lóðar Efstasunds 13.

10. Eftirfarandi lóðarúthlutun samþykkt, með skilyrði um að hafist verði handa um byggingu fyrir 1. apríl næstk.:

| | | |
|---|---|---|
| Felix Guðmundsson, Freyjugötu | fær | Grenimel 12. |
| Jens F. Magnússon, Selj. 3 | - | - 14 |
| Gísli H. Friðbjörnsson, Hvg. 78 | - | Efstasund 13 |
| Magnús Jónsson, Grett. 39 B. | - | Hjallaveg 23 |
| Óskar T. Cortes, Eiríksgötu 11 | - | Langholtsv. 6 |
| Eiríkur Jónsson, Urð. 15 | - | - 40. |

Lóðin Langholtsvegur 6 er látin með skilyrði um kaup á greftri.

11. Lögð fram umsókn frá Ólafi L. Jóhannssyni, Berg. 78 um meðmæli til utanfarar til náms við jarðboranir í Ameríku, svo og styrks til fararinnar og um atvinnu að námi loknu. Ennfr. lögð fram umsögn hitaveitustjóra um erindið.

12. Erindi frá Pétri Péturssyni um hitaveitulögn í húsið á lóðinni Hafnarstræti 7 vísað til hitaveituforstjórans til afgreiðslu.

13. Samþ. að tilkynna Jóni Magnússyni og Ingimundi Jónssyni, að fyrir 1. maí næstk., verði að taka í burtu hús, sem þeir eiga í götustæði Hringbrautar á Selsgranda.

14. Ákvörðun um leigumála á lóð vörubílastöðvarinnar Þróttar við Gasstöðina vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Beiðni Aðalst. Guðmundssonar um rafmagnsheimtaug að Kvosamýrarbl. XV. vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

16. Beiðni Guðm. Eiríkssonar um rafmagnsheimtaug að hænsnabúi við Þormóðsstaði vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

17. Samþ. að leggja þá kvöð á Árbæjarbletti 1, 2, 3, og 5, að ekki megi byggja hús nær háspennulínu sem liggur um blettina en í 22 metr. fjarlægð frá línunni, eða 11½ metr. frá lóðarmörkum að norðan.

18. Erindi varðandi hitun hússins nr. 25 við Fálkagötu vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

19. Erindi Guðbjargar Helgadóttur Mýr. 5, varðandi bætur vegna meiðsla er hún varð fyrir við að detta um luktarstein í Tryggvagötu, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

20. Samþ. að veita Bjarna Kristjánssyni Berg. 50 leyfi til að reka kaffivagn á baklóðinni Hafnarstræti 17, enda sé nauðsynlegum heilbrigðiskröfum fullnægt og vagninum lokað kl. 7 að kvöldi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. Samþ. að óska eftir því, að Stefán A. Pálsson veiti nú í vetur forstöðu Vetrarhjálpinni, svo sem að undanförnu. Ennfremur samþ. að greiða úr bæjarsjóði halla á rekstrinum síðastl. vetur, kl. 18037.46.

22. Mæðrastyrksnefndin sækir um kr. 10.000.- styrk á þessu ári til byggingarsjóðs nefndarinnar.

23. Með tilvísun til dóms hæstaréttar 12. marz 1937 lítur bæjarráð svo á, að ekki sé heimilt að fella niður innheimtu á húsaskatti af skattskyldum húsum, sem löglega eru reist í lögsagnarumdæminu og standa á gjalddaga, 2. jan. ár hvert, enda þótt hús hverfi síðar á árinu úr tölu skattskyldra húsa, með hverjum hætti sem það verður.

24. Lagt fram bréf frá stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkur, dags. 23. þ.m., varðandi samvinnu bæjarstjórnar við félagið um endurskoðun launasamþykktarinnar. Bæjarráð telur rétt, að félagið tilnefni fulltrúa, er hafi samvinnu við nefnd bæjarstjórnarinnar um málið.

25. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í oktbr., svo og yfirlitsskýrslu um starfsemi stofunnar frá því hún tók til starfa, í oktbr. 1934.

26. Í fundarbyrjun minntist borgarstjóri Péturs Ingimundarsonar, slökkviliðsstjóra, sem létst í morgun og heiðruðu fundarmenn minningu hans með því að rísa úr sætum sínum.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Helgi H. Eiríksson. Sigfús Sigurhjartarson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1944, mánudaginn 4. desbr. kl. 2½ e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra heimilað að taka úr leigu 6.4 metra spildu af lóðinni Framnesv. 60 í götustæði Hringbrautar.

2. Synjað erindi frá h.f. Egill Vilhjálmsson, dags. 10. nóvbr., um að félagið fái torgið fyrir framan Lgv. 118, að Hverfisgötu, til að setja þar upp benzinsölu, í makaskiptum fyrir lóð við Rauðarárstíg 19.

3. Eftir beiðni Kjartans Ólafssonar var samþykkt að gera leigusamning um lóðirnar 35 og 37 við Grenimel við Kjartan Ólafsson, Rán. 15, Aðalstein Sigurðsson, Meðalh. 12 og Ingólf Gíslason, Barón. 33.

4. Eftir beiðni kirkjugarðsstjórnarinnar var samþykkt að ætla 135 metr. breiða skák meðfram norðvesturhlið kirkjugarðsins í Fossvogi til stækkunar garðinum.

5. Lagt fram bréf frá skipulagsnefnd, dags. 26. nóvbr., varðandi stað fyrir væntanlega bifreiðamiðstöð. Bæjarráð ítrekar fyrra álit sitt um, að slíkri miðstöð verði ekki ætlaður staður á Arnarhóli norðanverðum.

6. Lagt fram bréf frá Emanúel J. Bjarnasyni, Njg. 53, varðandi leigulóðina nr. 12 við Langholtsveg. Bæjarráð ítrekar fyrri ákvörðun um að taka lóðina af honum og gefa öðrum kost á henni.

7. Bréf frá h.f. Austurstræti 6 um makaskipti á lóðaskákum vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til athugunar.

8. Ákveðið 60 kr. verð pr. ferm. á lóðarskikum, sem bærinn hyggst að selja eigendum lóðanna 12 og 14 við Nýlendugötu.

9. Lögð fram bréf frá " Laugardalsnefnd ", dags. 20. og 21 nóvbr., varðandi skipulag íþróttasvæðisins og staðsetningu svæðis fyrir Skátafélag Reykjavíkur. Bæjarráð telur rétt, að hið fyrsta verði gerðir uppdrættir að útisundlaug í dalnum, án þess á fastákveða þegar stað hennar. En frekari aðgerðir telur bæjarráðið ekki tímabærar fyr en nákvæmari mælingar hafa verið gerðar, en að þeim mun bæjarverkfræðingur láta vinna nú í vetur.

10. Lögð fram greinargerð garðyrkjuráðunautar bæjarins um garðyrkjustöð fyrir Reykjavík, svo og kostnaðaráætlun. Frestað ákvörðun þar til Laugardalurinn hefir verið skipulagður nánar.

11. Synjað erindi frá Guðbjarti Erlingssyni um að fá leigusamning um lóðina Sogamýrarvegur 132.

12. Bæjarráð vill ekki sinna tillögu lögreglustjóra um að bæjarsjóður komi upp sérstakri viðgerðarstöð fyrir bifreiðar lögreglunnar og önnur ökutæki.

13. Erindi frá Árna Jónssyni, Meðalh. 6 um leyfi til bifreiðastæðis í sundi á milli húsanna 6 og 8 við Meðalholt vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

14. Erindi lögreglustjóra um greiðslu á andvirði fatnaðar til þeirra lögregluþjóna, sem ekki hafa fengið einkennisfatnað undanfarin ár, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Erindi barnavinafél. Sumargjafar um rafmagnshitun í Suðurborg, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lagt fram bréf frá forstjóra Sundhallarinnar dags. 27. nóvbr., með tilkynningu um að daginn áður hafi yfirmaður breska sjóhersins hér fært Sundhöllinni að gjöf vandað stökkbretti, sem þakklæti - vott fyrir þá ánægju sem liðsmenn hans hafa haft af Sundhöllinni undanfarið. Borgarstjóra falið að þakka gjöfina.

17. Lagt fram frv. að reglugerð um sorphreinsun í Reykjavík.

18. Lagt fram bréf frá Guðm. Gíslasyni lækni ásamt sérprentun af ritsmíð hans um sæðingu húsdýra.

19. Bæjarráð ákveður að biðja þá Guðmund Ásbjörnsson, Harald Guðmundsson og Sigfús Sigurhjartarson að taka sæti í nefnd til að athuga tillögur Sigfúsar Sigurhjartarsonar um lausn húsnæðisvandamála Reykjavíkurbæjar.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.
Sigfús Sigurhjartarson.

Helgi H. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson.

Valtýr Stefánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1944, föstudaginn 8. desbr., kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað erindi frá Ásgeiri Magnússyni um byggingu gripahúsa á erfðafestulandinu Vatnagarðabletti II.

2. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Kristjáni Jóhannssyni Laugaland með mannvirkjum á næsta ári, ef og að svo miklu leyti sem eignin verður ekki notuð til opinberra þarfa.
3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Garðhúsabletti fyrir kr. 53.000,-. Hafnað.

4. Beiðni um útmælingu 600 ferm eignarlóðar úr "Görðunum", vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

5. Lagt fram bréf frá Sigurhirti Péturssyni lögfr. varðandi kaup á eigninni nr. 10 við Skólavörðustíg. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar

6. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að Slysavarnarfélag Íslands reysi geymsluskála fyrir björgunarbáta og björgunartæki í Örfirisey, eftir teikningu með bréfi félagsins til byggingarnefndar 30.f.m.

7, Lagt fram bréf frá Sölunefnd setuliðseigna, dags. 5. þ.m., varðandi afhendingu hermannaskálahverfisins "Curtiss" við Suðurlandsbraut. Falið borgarstjóra til meðferðar.

8. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra, dags. 6. þ.m., með ársskýrslu Sambands - ísl. rafveitna.

9. Lagt fram bréf frá byggingarnefnd Neskirkju, dags. 6. þ.m., varðandi afhendingu lóðar undir kirkjuna.

10. Bæjarráð samþykkir að með lögreglusamþykkt bæjarins verði prentaður uppdráttur af bænum, þar sem m.a. verða sýndar aðalbrautir, einstefnuakstursbrautir, staðsetning brunaboða o.s.frv., eftir ákvörðun lögreglustjóra.

11. Bæjarráð beinir þeim tilmælum til niðurjöfnunarnefndar, að við niðurjöfnun útsvara verði framvegis gerður fullur munur á því til hækkunar útsvara, ef gjaldandi hefir ekki greitt útsvarsskuldir sínar við bæjarsjóð fyrir áramót næstu á undan niðurjöfnun. Þó er ekki ætlast til, að slíku ákvæði verði beitt við þá gjaldendur, sem greiða útsvar reglulega af kaupi samkv. samkomulagi við bæjarskrifstofurnar.

12. Lögð fram tillaga Jóns A. Péturssonar um athugun á ýmiskonar vatnsnotkun heita vatnsins hjá þvottahúsum og iðjufyrirtækjum, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnarinnar 7. þ.m.

13. Lagt fram bréf frá Bjarna Kristjánssyni Berg. 50, varðandi vatnsleiðslur að kaffivagni hans við Hafnarstræti 15. Heimilað að hann megi fá kalt vatn leitt að vagninum.

14. Samþ. að óska eftir umsögn lögreglustjóra um það, hvort ekki beri að taka upp einstefnuakstur um Amtmannsstíg og hvora akbraut Hringbrautar.

15. Samþ. að greiða kaup-og verðlagsuppbót á laun bæjarstarfsmanna eftir sömu reglum og bankarnir hafa gert á grunnlaun milli 650,-kr. og kr. 833,33 á mánuði.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.
Jakob Möller. Helgi H. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson. Sigfús Sigurhjartarson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1944, föstudaginn 15. desbr., kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarverkfræðingi falið að athuga beiðni Júlíusar Þorbergssonar um leyfi til að setja smáhýsið landið, sem hann hefir umráð yfir, úr Kirkjumýrarbletti IV.

2. Lagt fram bréf frá félagi ísl. iðnrekenda, dags. 14. þ.m., varðandi vatnsskortinn, sem verið hefir undanfarandi í bænum.
Samþ. að fela forstjóra vatnsveitunnar að ljúka áætlunum um aukningu hennar svo fljótt sem við verður komið og honum heimilað að ráða verkfræðinga til aðstoðar eftir þörfum og eftir því sem föng eru á.

3. Lagt fram bréf frá Gagnfræðaskólanum í Reykjavík, dags. 14. þ.m., með uppdráttum af skólahúsi við Egilsgötu og Barónsstíg, þar sem þess er beiðst, að skólanum verði fengin ca. 4800 ferm lóð.
Bæjarráðið samþykkir að skólanum verði útvísað umbeðinni lóð, en felur bæjarverkfræðingi og húsameistara nánari athugun málsins.

4. Lagt fram bréf frá húseigendum við Víðimel og Kaplaskjólsveg með mótmælum gegn byggingu bílskúra, sem verið er að reisa sunnan Víðimels 69. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Bæjarráð samþykkir, að í stað ábyrgðar skv. 4. tölulið fundargerðar bæjarráðs 10. nóvbr. síðastl., komi ábyrgð bæjarsjóðs á 50 þús. kr. bankaláni, er verði tryggt með 2. veðrétti í 50 smál. mótorbát, er Þorkell H. Jónsson, Guðm. Ingvarsson og Kristinn Þórðarson hyggjast að kaupa frá Svíþjóð. Skilyrði, er sett voru fyrir fyrri ábyrgðinni haldast óbreytt.

6. Lagt fram bréf frá skólastjóra Kennaraskólans, um að lóð undir væntanlega skólabyggingu verði fengin skólanum við fyrirhugað Miklatorg.

7. Samþ. að ætla Neskirkju stað á Melunum við fyrirhugað torg, eftir nánari útvísun síðar.

8. Lagt fram bréf frá berklayfirlækni, dags. 14. f.m., varðandi þátttöku bæjarsjóðs í kostnaði við alsherjar berklarannsókn á íbúum bæjarins, sem fyrirhuguð er á næsta ári. Bæjarráð samþykkir að veita fé í þessu skyni á næsta ári, en felur borgarstjóra málið til afgreiðslu að öðru leyti.

9. Lagt fram bréf frá skólastjóra Laugarnesskólans, dags. 29. f.m., með beiðni um styrk til kaupa á lesbókaflokkum fyrir skólann, svo og umsögn fræðslufulltrúans. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

10. Lagt fram bréf frá Samb. íslenzkra samvinnufélaga, dags. 14. þ.m. með fyrirspurn um, hvort bæjarstjórn muni vilja veita leyfi til kvikmyndasýninga í frystihúsinu Herðubreið við Fríkirkjuveg, eftir að nauðsynlegar endurbætur hafa verið gerðar á því. Falið bæjarverkfræðingi og húsameistara til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lagt fram frv. að samningi við h.f. Skipanaust um leigu á landssvæði til að gera dráttarbrautir við Gelgjutanga. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

12. Samþ. að gefa Friðriki Jónssyni Grett. 86, kost á lóðinni Langholtsvegi 34, enda verði hafist handa un byggingu fyrir 1. apr. næstk.

13. Hafnað forkaupsrétti að erfðafestulandinu Árbæjarbletti 10, sem boðin var fyrir kr. 300,-.

14. Eftir tillögu Helga H. Eiríkssonar var samþykkt að leggja fyrir bæjarverkfræðing, að láta ekki taka rauðmöl úr Rauðhólum þannig, að fleiri gígar eða hólar skemmist en orðið er.

15. Synjað beiðni Hermanns Kristjánssonar um rafmagn til hitunar í skúr við Samtún.

16. Erindi Bjarna Bjarnasonar um rafmagnsheimtaug að húsi hans við Breiðholtsveg vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

17. Erindi frá h.f. Vinnufatagerð Íslands um næturrafmagn til hitunar að næturlagi, til bráðabirgða, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

18. Bæjarráð heimilar rafmagnsstjóra að taka tilboði frá h.f. Almenna byggingafélaginu um kaup á verkamánnaskála við Ljósafoss.

19. Húsameistara falið að svara bréfi h.f Austurstræti 6 varðandi byggingu á lóðinni.

20. Borgarstjóra falið að svara bréfi skipulagsstjóra, dags. 12. þ.m., varðandi íþróttasvæðið í Laugardalnum.

21. Lögð fram álitsgerð skipulagsnefndar um umsókn Tónlistarfélagsins um lóð undir tónlistarhöll. Húsameistara falið að athuga málið.

22. Lagt fram bréf skipulagsnefndar, dags. í þ.m., varðandi skipulag miðbæjarins.

23. Lögð fram tilboð, er opnuð voru 14. þ.m., um smíði á húsgögnum fyrir vistheimilið í Arnarholti. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson.
Jakob Möller. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð

Ár 1944, föstudaginn 22. desbr. kl. 2 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsblettur I fyrir kr. 10,000,-. Hafnað.
2. Erindi sálarrannsóknarfélagsins um lóð undir samkomuhús vísað til húsameistara til umsagnar, svo og erindi frá Ungmennafélagi Grímsstaðarholts.
3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. LIV, fyrir kr. 95.000,-. Forkaupsréttarboðinu hafnað, en jafnframt tekið fram, að íbúðarhús hefir verið reist á landinu án leyfis.
4. Synjað beiðni Guðmundar Gíslasonar um byggingu skála á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti IV.
5. Erindi Jóhannesar Þ. Jónssonar, Meðalh. 9, um leyfi til að hafa bifreiðastæði á milli húsanna nr. 6 og 8 við Meðalholt, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
6. Lagt fram erindi frá Ólafi Lárussyni prófessor, dags. 14. þ.m., um hækkun á styrk til Kvennaskólans.
7. Lagt fram bréf frá Slysavarnarfélagi Íslands, dags. 15. þ.m., með beiðni um styrk á næstu árum, til að hafa björgunarbát í Reykjavík.
8. Lögð fram greinargerð um sótthreinsun í bænum, frá varaslökkviliðsstjóra
9. Lagt fram bréf frá sjáfarútvegsnefnd bæjarstjórnar, varðandi greiðslu fyrstu afborgunar af kaupverði mótorbáta frá Svíþjóð, er bærinn festir kaup á. Er um að ræða 5 báta, ca. 80 smál. að stærð. Samþ. að inna greiðsluna af höndum.
10. Erindi rafmagnsstjóra, varðandi leigu á lóðarspildu af baklóðinni Hverfisgötu 93A, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
11. Lagt fram bréf frá hafnarstjóra, dags. 14. þ.m., með frv. að lóðarleigusamningi við h.f. Skipanaust. Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.
12. Lagt fram bréf frá Fríkirkjusöfnuðinum, dags. 21. þ.m., með áskorun um, að ekki verði leyfð starfsemi í íshúsinu Herðubreið, er truflað geti kirkjulegar athafnir í Fríkirkjunni.
13. Lagt fram bréf frá stjórnarnefnd ríkisspítalanna, með beiðni um að lóð Landsspítalans verði stækkuð.
14. Umsókn Georgs Magnússonar um lóðina nr. 92 við Laugaveg, svarað á þá leið, að bæjarsjóður er ekki eigandi lóðarinnar.
15. Lagt fram bréf frá knattspyrnufélaginu Fram, varðandi fyrirhugaða lóð fyrir íþróttastarfsemi félagsins.
16. Samþ. að ætla Kristjáni Þorgrímssyni f.h. væntanlegs hlutafélags, lóð undur kvikmyndahús á byggingarreit á milli Njálsg. og Grettisg., Hringbrautar og Rauðarárstígs, eftir nánari útvísun síðar.
17. Samþ. að heimila húsameistara að festa kaup á stólum í Laugarnesskólann.

Fundi slitið.
Bjarni Benediktsson.
Guðm. Ásbjörnsson. Helgi H. Eiríksson. Jón Axel Pétursson.
Sigfús Sigurhjartarson. Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur